


HAGFRÆÐISTOFNUN HÁSKÓLA ÍSLANDS

Hagfræðistofnun Háskóla Íslands
Odda v/Sturlugötu
Sími: 525-4500/525-4553
Fax nr. 552-6806
Heimasiða: www.hag.hi.is
Tölvufang: ioes@hag.hi.is

Skýrsla nr. R97:02

Stúdentar af hugsjón?

Desember 1997







Formáli

Sumarið 1996 veitti Nýsköpunarsjóður námsmanna styrk til að rannsaka hvaða væntingar háskólastúdentar hefðu til háskólanáms og atvinnu og launamöguleika að námi loknu. Verkið var nokkru umfangsmeira en ætlað var í upphafi og þraut styrkur Nýsköpunarsjóðs fljótt. Á haustmánuðum 1997 veitti menntamálaráðherra framhaldsstyrk til að ljúka verkinu og er þessi skyrsla afrakstur þeirrar vinnum. Einnig veittu fyrirtækin Flugleiðir hf, Kreditkort hf, Vifilfell hf og Landsbankinn stuðning.

Verkið er unnið af Stefáni Sigurðssyni, hagfræðingi, undir umsjón Guðmundar Magnússonar, prófessors. Aðstoð veittu Þorlákur Karlsson, Anna Þráinsdóttir, Íris Árnadóttir Anna Þórarinsdóttir og Reimar Snæfells. Ragna Sara Jónsdóttir, BA í mannfræði, starfaði einnig við undirbúning, framkvæmd og úrvinnslu skoðanakönnunar. Allt þetta fólk á bestu þakkir skyldar.

Hagfræðistofnun 15. desember 1997,

Tryggvi Þór Herbertsson
Tryggvi Þór Herbertsson,
forstöðumaður.

卷之三

2010-11-15 10:54:57.000000000 +0000

Efnisyfirlit

Formáli	1
1. Inngangur	2
2. Almennt um rannsóknina	4
2A Um skoðanakönnunina	
2B Athugasemdir við niðurstöður	
2C Deildir Háskólans, kynja og aldurskipting	
3. Almennar spurningar til nýnema	9
3A „Hvaða ár eru fædd/fæddur?”	
3B „Úr hvaða framhaldsskóla eru menntuð/menntaður?”	
3C „Hver er hjúskaparstaða þín?”	
3D „Áttu barn/börn?”	
3E „Tókstu þér hlé að loknu framhaldsskólanámi?”	
3F „Bjóstu utan höfuðborgarsvæðis áður en þú hófst háskólanám?”	
3G Samantekt	
4. Hvers vegna háskólanám?	16
4A „Námsárangur í framhaldsskóla:”	
4B „Áhugavert starf stóð ekki til boða: ”	
4C „Fékk ekki inngöngu í annað nám: ”	
4D „Vel launað starf stóð ekki til boða:”	
4E „Óvissa um hvað ég vildi gera:”	
4F „Áhugavert starf krefst háskólamenntunar: ”	
4G „Háskólanám eykur lífsþroska: ”	
4H „Menntun félaga minna:”	
4I „Menntun fjölskyldu minnar:”	
4J „Háskólamenntun eykur hamingju: ”	
4K „Vel launað starf krefst háskólamenntunar: ”	
4L „Fræðilegur áhugi á greininni (rannsóknarstörf): ”	
4M „Námið er nauðsynlegur grunnur fyrir ákveðið starf:”	
4N „Námið er góður grunnur fyrir ýmis störf: ”	
4O „Námið gefur alhliða undirbúning fyrir lífið: ”	
4P „Námið gefur möguleika á starfi erlendis:”	
4Q „Mér finnst gaman að vera í námi: ”	
4R Samantekt	

5. Staða stúdenta og háskólans	70
5A „Hver telur þú að stuðningur ríkisins ætti að vera við námsmenn í háskólanámi?”	
5B „Á Háskóli Íslands að setja aðgangstakmarkanir á fjölda nemenda?”	
5C „Ef Háskóli Íslands yrði vegna fjárhagsörðugleika að taka upp aðgangstakmarkanir, hverja eftirtalinna leiða ætti að velja?”	
5D Samantekt	
6. Að loknu námi	75
6A „Hver eftirfarandi þáttta skiptir þig mestu máli í starfi að loknu námi?”	
6B „Telurðu að þú fáir starf í samræmi við menntun þína að lokinni þeirri prósfráðu sem þú leggur nú stund á?”	
6C „Hefurðu ákvæðið starf í huga að loknu námi?”	
6D „Hvar býstu við að starfa að loknu námi? ”	
6E „Býstu við að fara í framhaldsnám”	
6F „Lítur þú á háskólanám þitt sem arðbæra fjárfestingu?”	
6G Samantekt	
7. Væntingar um laun eftir námið?	87
7A Launavæntingar nýnema og samanburður á kynjum	
7B Samanburður á launavæntingum deilda Háskóla Íslands	
7C Samantekt	
8. Arðsemismat	97
8A Aðferð arðsemismats	
8B Líksan arðsemismatsins	
8C Niðurstöður arðsemismats fyrir nýnema alls og kyn	
8D Væntingar deilda um arðsemi háskólanáms	
8E Samantekt	
9. Stúdentar af hugsjón?	109
9A Nýnemar alls	
9B Karlar og konur	
9C Deildir	
10. Væntingar nýnema og aðrar rannsóknir	125
10A Um væntingar nýnema	
10B Fyrri rannsóknir um arðsemi menntunar	
Lokaorð	133
Heimildaskrá	
Viðauki 1	
Viðauki 2	

Töflulisti


- Tafla 2.1 Samanburður úrtaks og þýðis nýnema
Tafla 2.2 Samanburður úrtaks og þýðis með tilliti til deilda
Tafla 2.3 Samanburður á kynjahlusalli úrtaks og skráninga nemendaskrár HÍ
Tafla 2.4 Aldursskipting nýnema samkvæmt skoðanakönnun.
Tafla 2.5 Aldursskipting eftir deildum samkvæmt skoðanakönnun
- Tafla 3.1 Meðalaldur nýnema.
Tafla 3.2 Meðalaldur nýnema eftir deildum
Tafla 3.3 Úr hvaða framhaldsskóla koma nýnemar?
Tafla 3.4 Hver er hjúskaparstaða nýnema?
Tafla 3.5 Hjúskaparstaða nýnema eftir deildum
Tafla 3.6 Eiga nýnemar í háskolanum börn?
Tafla 3.7 Barnafólk eftir deildum
Tafla 3.8 Tóku nýnemar sér hlé að loknu framhaldsnámi?
Tafla 3.9 Hlé að loknu framhaldsnámi eftir deildum
Tafla 3.10 Bjuggu nýnemar utan höfuðborgarsvæðis?
Tafla 3.11 Búseta utan höfuðborgarsvæðis eftir deildum
- Tafla 4.1 Áhrif námsárangurs í framhaldsskóla
Tafla 4.2 Áhrif námsárangurs í framhaldsskóla á ákvörðun eftir deildum
Tafla 4.3 Áhrif þess að áhugavert starf stóð ekki til boða
Tafla 4.4 Áhrif þess að áhugavert starf stóð ekki til boða eftir deildum
Tafla 4.5 Áhrif þess að ekki fékkst innganga í annað nám
Tafla 4.6 Áhrif þess að ekki fékkst innganga í annað nám eftir deildum
Tafla 4.7 Áhrif þess að vel launað starf stóð ekki til boða
Tafla 4.8 Áhrif þess að vel launað starf stóð ekki til boða eftir deildum
Tafla 4.9 Áhrif óvissu á þá ákvörðun að fara í háskolanám
Tafla 4.10 Áhrif óvissu á ákvörðun nýnema eftir deildum
Tafla 4.11 Áhrif þess að áhugavert starf krefst háskólamenntunar
Tafla 4.12 Áhrif þess að áhugavert starf krefst háskólamenntunar meðal deilda
Tafla 4.13 Áhrif þess að háskolanám eykur lífsproska
Tafla 4.14 Áhrif þess að háskolanám eykur lífsproska eftir deildum
Tafla 4.15 Áhrif menntunar félaga
Tafla 4.16 Áhrif menntunar félaga eftir deildum
Tafla 4.17 Áhrif menntunar fjölskyldu
Tafla 4.18 Áhrif menntunar fjölskyldu eftir deildum
Tafla 4.19 Áhrif þess að háskólamenntun auki hamingju
Tafla 4.20 Áhrif þess að háskólamenntun auki hamingju eftir deildum
Tafla 4.21 Áhrif þess að vel launað starf krefst háskólamenntunar
Tafla 4.22 Áhrif þess, eftir deildum, að vel launað starf krefst háskólamenntunar
Tafla 4.23 Áhrif fræðilegs áhuga á greininni
Tafla 4.24 Áhrif fræðilegs áhuga á greininni eftir deildum
Tafla 4.25 Áhrif þess að námið er nauðsynlegur grunnur fyrir ákveðið starf á ákvörðun
Tafla 4.26 Áhrif þess að námið er grunnur fyrir ákveðið starf
Tafla 4.27 Áhrif þess að námið er góður grunnur fyrir ýmis störf
Tafla 4.28 Áhrif þess að námið er góður grunnur fyrir ýmis störf eftir deildum
Tafla 4.29 Áhrif þess að námið gefur alhliða undirbúning fyrir lífið
Tafla 4.30 Áhrif þess að námið gefur alhliða undirbúning fyrir lífið eftir deildum
Tafla 4.31 Áhrif þess að námið gefur möguleika á starfi erlendis
Tafla 4.32 Áhrif þess að námið gefur möguleika á starfi erlendis eftir deildum
Tafla 4.33 Áhrif þess að gaman er í námi
Tafla 4.34 Áhrif þess að gaman er í námi á ákvörðun eftir deildum
Tafla 4.35 Mismunur vægis einstakra þátta milli deilda

- Tafla 5.1 *Hver ætti stuðningur ríkisins að vera*
 Tafla 5.2 *Hver ætti stuðningur ríkisins að vera eftir deildum*
 Tafla 5.3 *Á háskóli Íslands að setja aðgangstakmarkanir á fjölda nemenda*
 Tafla 5.4 *Á háskóli Íslands að setja aðgangstakmarkanir á fjölda nemenda*
 Tafla 5.5 *Ef taka þyrfti upp aðgangstakmarkanir, hvaða leið ætti að fara?*
 Tafla 5.6 *Ef taka þyrfti upp aðgangstakmarkanir, hvaða leið ætti að fara?*
- Tafla 6.1 *Hvað skiptir mestu máli að loknu námi*
 Tafla 6.2 *Hvað skiptir mestu máli að loknu námi að mati deilda*
 Tafla 6.3 *Telja nýnemar sig fá starf í samræmi við menntun að loknu námi?*
 Tafla 6.4 *Telja nýnemar sig fá starf í samræmi við menntun að loknu námi?*
 Tafla 6.5 *Hafa nýnemar ákveðið starf í huga að loknu námi?*
 Tafla 6.6 *Hafa nýnemar eftir deildum ákveðið starf í huga að loknu námi?*
 Tafla 6.7 *Hvar búast nýnemar við að starfa að loknu námi?*
 Tafla 6.8 *Hvar búast nýnemar eftir deildum við að starfa að loknu námi?*
 Tafla 6.9 *Búast nýnemar við að fara í framhaldsnám?*
 Tafla 6.10 *Búast nýnemar eftir deildum við að fara í framhaldsnám?*
 Tafla 6.11 *Líta nýnemar á háskólanám sitt sem arðbæra fjárfestingu?*
 Tafla 6.12 *Líta nýnemar eftirdeildum á háskólanám sitt sem arðbæra fjárfestingu?*
- Tafla 7.1 *Launavætingar nýnema*
 Tafla 7.2 *Launavætingar karla og kvenna meðal nýnema*
 Tafla 7.3 *Hlutfallslegur munur milli launahugmynda karla og kvenna*
 Tafla 7.4 *Ráðstöfunartekjur á mánuði yfir œvina eftir deildum, miðað við stúdentspróf*
 Tafla 7.5 *Meðaltekkjur á mánuði yfir œvina eftir deildum, miðað við háskólapróf*
 Tafla 7.6 *Vætingar um hlutfallslega hækkun ráðstöfunartekna við háskólapróf*
- Tafla 8.1 *Vænt arðsemi háskólanáms nýnema*
 Tafla 8.2 *Vænt arðsemi háskólanáms karla og kvenna meðal nýnema*
 Tafla 8.3 *Vænt arðsemi háskólanáms eftir deildum*
 Tafla 8.4 *Arðsemikrafa nýnema eftir deildum*
- Tafla 10.1 *Launavætingar og niðurstöður kjaraskýrslu félagsvíndastofnunar*
 Tafla 10.2 *Samanburður á vætingun nýnema og arðsemisrannsókn árið 1991*
 Tafla 10.3 *Samanburður á vætingum nýnema og skýrslu BHM*

Myndalisti

- Mynd 4.1 *Áhrif námsárangurs í framhaldsskóla á þá ákvörðun að hefja nám í Háskóla Íslands*
 Mynd 4.2 *Áhrif námsárangurs í framhaldsskóla á ákvörðun nýnema eftir deildum Háskóla Íslands*
 Mynd 4.3 *Hvað hafði það að áhugavert starf stóð ekki til boða mikil áhrif á þá ákvörðun að hefja nám í háskóla?*
 Mynd 4.4 *Áhrif þess að áhugavert starf stóð ekki til boða á ákvörðun nýnema eftir deildum*
 Mynd 4.5 *Áhrif þess að ekki fékkst innganga í annað nám á ákvörðun nýnema*
 Mynd 4.6 *Áhrif þess að ekki fékkst innganga í annað nám á ákvörðun nýnema eftir deildum HÍ*
 Mynd 4.7 *Áhrif þess að vel launað starf stóð ekki til boða á ákvörðun nýnema*
 Mynd 4.8 *Áhrif þess að vel launað starf stóð ekki til boða á ákvörðun eftir deildum*
 Mynd 4.9 *Áhrif óvissu á þá ákvörðun að fara í háskólanám*
 Mynd 4.10 *Áhrif óvissu á þá ákvörðun, eftir deildum, að fara í háskólanám*
 Mynd 4.11 *Áhrif þess að áhugavert starf krefst háskólamenntunar á ákvörðun nýnema*
 Mynd 4.12 *Áhrif þess að áhugavert starf krefst háskólamenntunar eftir deildum*
 Mynd 4.13 *Áhrif þess að háskólanám eykur lífsproska á þá ákvörðun að hefja nám í háskóla*
 Mynd 4.14 *Áhrif þess að háskólanám eykur lífsproska á ákvörðun um að hefja háskólanám eftir deildum*
 Mynd 4.15 *Áhrif menntunar félaga á þá ákvörðun að hefja háskólanám*
 Mynd 4.16 *Áhrif menntunar félaga eftir deildum á þá ákvörðun að hefja háskólanám*
 Mynd 4.17 *Áhrif menntunar fjölskyldu á þá ákvörðun að hefja háskólanám*
 Mynd 4.18 *Áhrif menntunar fjölskyldu á þá ákvörðun að hefja háskólanám eftir deildum*
 Mynd 4.19 *Áhrif þess að háskólamenntun auki hamingju á þá ákvörðun að hefja háskólanám*

- Mynd 4.20 Áhrif þess að háskólamenntun auki hamingju á ákvörðun eftir deildum
- Mynd 4.21 Áhrif þess að vel launað starf krefst háskólamenntunar á ákvörðun eftir deildum
- Mynd 4.22 Áhrif þess að vel launað starf krefst háskólamenntunar á ákvörðun eftir deildum
- Mynd 4.23 Áhrif fræðilegs áhuga á greininni á þá ákvörðun að hefja háskólanám
- Mynd 4.24 Áhrif fræðilegs áhuga á greininni eftir deildum
- Mynd 4.25 Áhrif þess að námið er nauðsynlegur grunnur fyrir ákveðið starf á ákvörðun
- Mynd 4.26 Áhrif þess að námið er góður grunnur fyrir ákveðið starf á ákvörðun eftir deildum
- Mynd 4.27 Áhrif þess að námið er góður grunnur fyrir ýmis störf á þá ákvörðun að hefja háskólanám
- Mynd 4.28 Áhrif þess að námið er góður grunnur fyrir ýmis störf á ákvörðun eftir deildum
- Mynd 4.29 Áhrif þess að námið gefur alhliða undirbúning fyrir lífið
- Mynd 4.30 Áhrif menntunar félaga á þá ákvörðun að hefja háskólanám eftir deildum
- Mynd 4.31 Áhrif þess að námið gefur möguleika á starfi erlendis á þá ákvörðun að hefja háskólanám
- Mynd 4.32 Áhrif þess að starfið gefur möguleika á starfi erlendis á ákvörðun eftir deildum
- Mynd 4.33 Áhrif þess að nýnemum þykir gaman í námi á þá ákvörðun að hefja háskólanám
- Mynd 4.34 Áhrif þess að gaman er í námi á þá ákvörðun að hefja háskólanám eftir deildum
- Mynd 4.35 Þeir þættir sem höfðu mest áhrif á ákvörðun nýnema
- Mynd 4.36 Þeir þættir sem höfðu mest áhrif i ákvörðun karla og kvenna að fara í háskóla
- Mynd 4.37 Þeir þættir sem höfðu mest áhrif á ákvörðun eftir deildum
- Mynd 6.1 Hvað skiptir nýnema háskólans „mestu máli” að loknu háskólanámi?
- Mynd 6.2 Hvað skiptir nýnema í deildum háskólans „mestu máli” að loknu háskólanámi?
- Mynd 7.1 Launavætingar nýnema miðað við stúdentspróf og háskólapróf
- Mynd 7.2 Vætingar karla og kvenna meðal nýnema miðað við stúdentspróf og háskólapróf.
- Mynd 7.3 Ráðstöfunartekjur á mánuði yfir œvina eftir deildum, miðað við stúdentspróf
- Mynd 7.4 Ráðstöfunartekjur á mánuði yfir œvina eftir deildum, miðað við stúdentspróf
- Mynd 7.5 Ráðstöfunartekjur á mánuði yfir œvina eftir deildum, miðað við stúdentspróf
- Mynd 8.1 Vænt virði háskólaprófs nýnema eftir deildum Háskóla Íslands
- Mynd 8.2 Arðsemiskrafa fjárfestingar í háskólaprófi eftir deildum nýnema HÍ
- Mynd 10.1 Vætingar um ráðstöfunartekjur eftir námsgráðu
- Mynd 10.2 Vætingar nýnema um ráðstöfunartekjur eftir framtíðar starfsvettvangi



1. Inngangur

Námsmenn í Háskóla Íslands eru öflugur og áberandi hagsmunahópur í íslensku samfélagi. Staða þeirra og viðhorf eru mikið til umræðu opinberlega enda reka háskólanemar hagsmunafélag sem vinnur að því að bæta stöðu þeirra og réttindi. Fulltrúar háskólanema hafa ósjaldan komið fram í fjölmöldum með yfirlýsingar um slæma stöðu sinna skjólstæðinga. Almennt virðist þjóðfélagið hafa ákveðnar skoðanir um það hvernig staða háskólamenntaðra sé og hver einkenni þeirra séu eftir deildum háskólans. Reiknuð hefur verið út arðsemi háskólanáms miðað við laun í ákveðnum atvinnugreinum og niðurstöður þeirra útreikninga eru heimfærðar upp arðsemi námsfaga í háskólanum. Þessir útreikningar hafa yfirleitt sýnt þá niðurstöðu að háskólanám sé ekki nema í fáum tilvikum arðbær fjárfesting. Ef það er rétt að aðeins nám í ákveðnum fögum innan háskólans skili arði bendir það til þess að fjölmargir háskólanemar séu hugsjónafólk sem búist ekki við að hagnast af þeirri fjárfestingu í fé og tíma sem þeir leggja í háskólanám, eða þá geri sér ekki grein fyrir því hve slæm fjárfesting háskólanám þeirra sé. Markmið þessarar rannsóknar er að komast að hugmynd háskólanema sjálfra um stöðu sína, hverjar eru forsendur þeirra er þeir hefja nám sitt og hver eru viðhorf þeirra til náms og atvinnulífs? Eru háskólanemar „stúdentar af hugsjón“ í þeim skilningi að þeir ætlist ekki til þess að uppskera fjárhagslega arðsemi af námi sínu eða líta þeir á nám sitt sem fjárfestingu?

Meginefni þessarar skýrslu er rannsókn á viðhorfi nýnema háskólans. Almennt markmið rannsóknarinnar er að kanna á viðhorf og væntingar nýnema í Háskóla Íslands til náms síns, sérstaklega með tilliti til mismunar á svörum kynja og deilda. Ástæðan fyrir því að valið var að skoða nýnema sérstaklega en ekki alla háskólanema eru nokkrar. Í fyrsta lagi er áhugavert er að kanna viðhorf og væntingar háskólanema til náms síns þegar þeir eru að hefja það. Við upphaf námsins er líklegast að væntingar nýnema um háskólanám sitt séu hvað einstaklingsbundnastar. Þegar líður á námið fá nemendur mögulega auknar upplýsingar sem þeir höfðu ekki í upphafi. Í öðru lagi er eitt markmið rannsóknarinnar að reikna vænta arðsemi háskólanáms, miðað við að háskólanám sé fjárfesting. Af þeim sökum er eðlilegt að kanna væntingar háskólanema

þegar þeir eru að leggja út í námið. Þannig fæst svar við því hvaða forsendur liggja að baki fjárfestingarinnar. Í þriðja lagi myndi það mögulega skekkja samanburð á viðhorfi milli deilda ef hóparnir sem væru bornir saman hefðu tengst félagslega og fræðilega í langan tíma í gegn um nám sitt. Með því að skoða nýnema í fyrstu viku náms þeirra er hægt að bera saman deildir og kanna hvort skoðanir og væntingar séu mismunandi milli fólks sem velur mismunandi deildir áður en skoðanir verða mögulega einsleitari af fyrrgreindum ástæðum.

Efni skýrslunnar er estirfarandi: Í öðrum kafla er að finna almennar upplýsingar um skoðanakönnunina sem gerð var í tengslum við rannsóknina. Í þriðja kafla eru birtar niðurstöður skoðanankönnunarinnar varðandi þjóðfélagsstöðu nýnema. Efni fjórða kafla er rannsókn á því hvers vegna nýnemar völdu að fara í háskólanám. Í fimmta kafla er viðhorf háskólanema til stöðu sinnar og háskólaus rannsökuð. Sjötti kafli er könnun á vonum og væntingum nýnema eftir nám sitt. Í sjöunda kafla eru sýndar niðurstöður væntinga nýnema um ævitekjur miðað við tvær forsendur. Í fyrsta lagi ef farið er út á vinnumarkaðinn með stúdentspróf, það nám sem þeir hafa nú þegar lokið. Í öðru lagi ef farið er út á vinnumarkaðinn með háskólapróf í faginu sem þeir eru að hefja. Í áttunda kafla er sett upp kostnaðar- og ábatagreining (e. cost- benefit analysis model) sem notar gögn úr niðurstöðum skoðanakönnunarinnar til þess að reikna út vænta arðsemi nýnema í Háskóla Íslands af námi sínu. Í níunda kafla eru heildarniðurstöður rannsóknarinnar dregnar saman, ræddar og spurningunni: Eru nýnemar „stúdentar af hugsjón”? svarað. Í tíunda kafla er rætt um væntingar nýnema borið saman við rannsóknir sem gerðar hafa verið á arðsemi menntunar.

2. Almennt um rannsóknina

2A Um skoðanakönnunina

Skoðanakönnun var gerð meðal fyrsta árs nema í öllum deildum Háskóla Íslands, þar sem þeir voru spurðir ymissa spurninga um stöðu sína, nám sitt og framtíðarvaentingar. Könnunin var lögð fyrir dagana 10. - 12. september 1996 í fyrsta árs námskeiðum Háskóla Íslands og svöruðu 1406 manns spurningunum. Alls voru 2052 nýnemar skráðir í Háskóla Íslands sem þýðir að könnunin náði til um 68% þeirra. 1000 manna lagsskipt tilviljunarúrtak eftir deildum háskólans var tekið úr þýði spurningalistanna 1406. Af þessu þúsund manna úrtaki voru 990 listar gildir¹ sem er 99% svörun sem gerir aðeins 1% brottfall. Minnsta svörun í spurningu var 860 manns eða 86% svarhlutfall en það hæsta 990 eða 99% eins og áður kom fram. Svarhlutfall var yfirleitt langt yfir 90% í öllum spurningum nema þeim sem tengdust því að spá um laun í framtíðinni.

Tafla 2.1 Samanburður úrtaks og þýðis nýnema

	Úrtak	Þýði	Hlutfall úrtaks af þýði
Spurningalistar lagðir fyrir	1406	2052	69%
Úrtak spurningalista	1000	2052	49%
Alls spurningalistar gildir	990	2052	48%
Karlar	460	880	52%
Konur	530	1172	45%

Tafla 2.2 Samanburður úrtaks og þýðis með tilliti til deilda

	Úrtak	Þýði	Hlutfall úrtaks af þýði
Félagsvísindadeild	213	412	52%
Guðfræðideild	19	24	79%
Heimspekkideild	110	369	30%
Læknadeild	212	461	46%
Lagadeild	61	138	44%
Raunvísindadeild	194	248	78%
Tannlæknadeild	7	12	58%
Verkfæðideild	50	104	48%
Viðskipta- og hagfræðideild	124	284	44%
Samtals	990	2052	48%

Guðfræðideild og tannlæknadeild eru áberandi fámennustu deildirnar. Tannlæknadeild er það lítil að henni verður sleppt í umfjöllun um svör deilda. Þegar aðeins næst í 58%

¹ Í tlu tilvikum hafði minna en helmingi spurningalistans verið svarað og/eða honum svarað út í hött.

af litlu þýði, eins og í tannlæknadeild, er alhæfingargildið mjög lítið og tölfraðilega marktækur munur er sjaldnast á milli svara.

2C Athugasemdir við niðurstöður

Þegar spurningarlistinn var lagður fyrir voru nýnemar beðnir um að svara öllum spurningum um háskólanám miðað við það nám sem þeir leggðu stund á (grunnháskólanám), án þess að taka tillit til mögulegs framhaldsnáms. Einnig voru þeir beðnir um að svara öllum spurningum um laun miðað við verðlag þess tíma sem spurningalistinn var lagður fyrir og heildarlaun fyrir skatta.

Niðurstöður spurninganna og túlkun koma fram í eftirfarandi skýrslu með prósentutöflum og skýringamyndum. Gerð verður gerð grein fyrir niðurstöðum spurninganna fyrir háskólann í heild sem og með tilliti til kynja og deilda innan háskólangs. Niðurstöðutölur hafa verið vegrar hlutfallslega² með tilliti til mismunandi vægis faga, deilda og kynja. Þegar hlutfallsniðurstöður eru merktar með * í umfjöllun skýrslunnar þýðir það að um marktækan mun sé að ræða á milli hópanna miðað við 95% öryggismörk. Þegar talað er um marktækni í skýrslunni er ávallt verið að vísa til tölfraðilegrar marktækni miðað við 95% öryggismörk. Í spurningum þar sem um fleiri en two þætti er að ræða er marktækni með * aðeins gefin til kynna fyrir þann þátt sem fékk hæst hlutfall miðað við hina.

Þegar talað er um háskólann og háskólanám í skýrslunni er verið að vísa til Háskóla Íslands og þess grunnháskólanáms sem nýnemar leggja þar stund á. Þegar talað er um nýnema er vísað til nýnema í Háskóla Íslands. Þegar talað er um deildir er átt við allar deildir Háskólangs nema tannlæknadeild. Þegar talað er um arðsemi háskólanáms er miðað við háskólanám sem lýkur með háskólaprófi frá Háskóla Íslands.

Tölulegar niðurstöður eru sýndar í töflum með einum aukastaf en hvert svar er um 0,1% af heildinni og meiri nákvæmni því óþörf. Í spurningalistanum var spurt um tekjur fyrir skatta en í umfjöllun um launatölur í 7. og 8. kafla hafa skattar hafa verið reiknaðir af þeim tölum og því er ávallt átt við ráðstöfunartekur þegar talað er um tekjur og laun í köflunum.

2D Deildir Háskólans, kynja- og aldurskipting

Hér að neðan koma fram upplýsingar um deildir Háskóla Íslands þar sem tekið er fram hvað er kennt innan deildanna, hvaða próf deildirnar gefa og hvað gert er ráð fyrir að námið taki langan tíma. Í þessari upptalningu er miðað við þau fög sem rannsóknin náði til innan grunnháskólanáms, það er fyrsta háskólagráða án þess að tekið sé tillit til framhaldsnáms. Hlutfallstölur sem koma fram sýna hlutföll milli kynja meðal nýnema í deildum.

01 Guðfræðideild

Karlar: 46% Konur: 54%

3 ár	BA-próf
3 ár	Djáknanám
5 ár	Cand. theolog., embættispróf

02 Læknadeild

Karlar: 29% Konur: 71%

Læknisfræði	6 ár	Cand.med & chr., embættispróf
Lyfjafræði lyfsala	5 ár	Cand. parm., lyfjafræðipróf
Hjúkrunarfræði	4 ár	BS-próf
Sjúkraþjálfun	4 ár	BS-próf

03 Lagadeild

Karlar: 54% Konur: 46%

5 ár	Cand. jur., embættispróf
------	--------------------------

04 Viðskipta- og hagfræðideild

Karlar: 58% Konur: 42%

Viðskiptafræði	4 ár	Cand. oecon., kandidatspróf
Viðskiptafræði	3 ár	BS-próf
Hagfræði	3 ár	BS-próf
Hagfræði	3 ár	BA-próf

05 Heimspekiðeild

Karlar: 36% Konur: 64%

Bókmennatafræði- og málvísindaskor	3 ár	BA-próf
Enskuskor	3 ár	BA-próf
Skor rómanskra og slavneskra mála	3 ár	BA-próf
Heimspekiskor	3 ár	BA-próf
Íslenskuskor	3 ár	BA-próf
Skor íslensku fyrir erlenda stúdenta	3 ár	BA-próf
Sagnfræðiskor	3 ár	BA-próf
Skor þýsku og norðurlandamála	3 ár	BA-próf

² Notuð var heildarvog þar sem stuðst var við upplýsingar, frá nemendaskrá Háskóla Íslands um fjölda skráðra nýnema eftir fögum, deildum og kyni í byrjun september.

08 Verkfræðideild	Karlar: 80%	Konur: 20%
Umhverfis- og byggingarverkfræðiskor	4 ár	CS-próf Cand. scientiarum
Véla- og iðnaðarverkfræðiskor	4 ár	CS-próf Cand. scientiarum
Rafmagns- og tölvuverkfræðiskor	4 ár	CS-próf Cand. scientiarum
09 Raunvísindadeild	Karlar: 64%	Konur: 36%
Stærðfræðiskor	3 ár	BS-próf
Tölvunarfræðiskor	3 ár	BS-próf
Eðlisfræðiskor	3 ár	BS-próf
Efnafræðiskor	3 ár	BS-próf
Matvælafræðiskor	3 ár	BS-próf
Liffræðiskor	3 ár	BS-próf
Jarð- og landafræðiskor	3 ár	BS-próf
10 Félagsvísindadeild	Karlar: 28%	Konur: 72%
Bókasafns- og upplýsingafræði	3 ár	BA-próf
Félagsfræði	3 ár	BA-próf
Mannfræði	3 ár	BA-próf
Sálfræði	3 ár	BA-próf
Stjórnmálafræði	3 ár	BA-próf
Uppeldisfræði	3 ár	BA-próf
Þjóðfræði	3 ár	BA-próf

Eins og sjá má á þessu er kynjahlutfall talsvert ójafnt í nokkrum deildum. Í verkfræðideild og raunvísindadeild eru talsvert fleiri karlar en konur. Þannig er hlutfallið á milli karla og kvenna í verkfræðideild þar sem munurinn er jafnframt mestur 80% karlar á móti 20% konum. Í félagsvísinda-, lækna- og heimspekkideild eru áberandi fleiri konur en karlar. Þessar upplýsingar eru mikilvægar þegar skoðaðar eru niðurstöður skoðanakönnunarinnar hér á eftir, með tilliti til svara kynja og deilda.

Á töflu 2.3 má sjá samanburð á upplýsingum frá nemendaskrá Háskóla Íslands og niðurstöðum³ skoðanakönnunarinnar sem gerð var í tengslum við þetta verkefni um kynjaskiptingu milli deilda.

³ Niðurstöður skoðanakönnunar um kynjaskiptingu eru vegnar með tilliti til hlutfallslegrar stærðar faga innan deilda.

Tafla 2.3 Samanburður á kynjahlufalli úrtaks og skráninga nemendaskrár HÍ

	Skráningar nemendaskrár		Niðurstöður könnunar	
	Karlar	Konur	Karlar	Konur
Guðfræðideild	46%	54%	47%	53%
Læknadeild	29%	71%	29%	71%
Lagadeild	54%	46%	61%	39%
Viðskipta- og hagfræðideild	58%	42%	57%	43%
Heimspekideild	36%	64%	39%	61%
Verkfræðideild	80%	20%	78%	22%
Raunvísindadeild	65%	35%	64%	36%
Félagsvísindadeild	28%	72%	28%	72%

Á töflu 2.3 má sjá að í flestum deildum ber upplýsingum frá nemendaskrá um skráningar nýnema eftir kynjum í deildum og niðurstöðum úrtaks skoðanakönnunar þessarar skyrslu nokkuð vel saman. Stærstur munur er á upplýsingum nemendaskrár og niðurstöðum úrtaksins í lagadeild og heimspekideild en í báðum tilvikum er hærra hlutfall karla í úrtakinu en upplýsingar um þýði segja til um. Allar niðurstöður sem koma fram í næstu köflum eru af þessum sökum vagnar með tilliti til upplýsinga nemendaskrár um kynjahlutfall.

Tafla 2.4 Aldursskipting nýnema samkvæmt skoðanakönnun.

Fæðingarár	Hlutfall	Fjöldi	Karlar		Konur	
			Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi
1976-1977	25,3%	250	28,7%	132	22,3%	118
1975	29,1%	288	29,4%	135	28,9%	153
1971-1974	35,3%	350	35,6%	164	35,0%	185
1970-	10,3%	102	6,3%	29	13,8%	73

Fleiri konur en karlar eru fæddar fyrir 1971 en fleiri karlar eru í hóp þeirra sem eru fæddir 1977 og 1976.

Tafla 2.5 Aldursskipting eftir deildum samkvæmt skoðanakönnun

Fæðingarár	Viðs&hagd.	Lagad.	Heimspd.	Læknad.	Raunvd.	Guðfrd.	Félagsvd.	Verkfrd.
1976-1977	24,2%	29,5%	18,2%	26,4%	29,4%	10,5%	20,2%	46,0%
1975	33,9%	36,1%	21,8%	30,2%	26,8%	31,6%	28,2%	30,0%
1971-1974	33,1%	23,0%	39,1%	36,8%	35,6%	26,3%	41,3%	18,0%
1970-	8,9%	11,5%	20,9%	6,6%	8,2%	31,6%	10,3%	6,0%

Í guðfræði- og heimspekideild er elsti flokkurinn stærstur samkvæmt könnunini. Flestir eru í yngsta floknum í verkfræðideild eins og sjá má.

3. Almennar spurningar til nýnema

Hér á eftir fara niðurstöður almennra spurninga sem lagðar voru fyrir í könnuninni. Þær gefa nokkra mynd af því hver þjóðfélagsstaða nýstúdenta er.

3A „Hvaða ár ertu fædd/fæddur?”

Nýnemar voru spurðir um fæðingarár. Öllum gildum spurningalistum var svarað eða 990.

Tafla 3.1 *Meðalaldur nýnema*

	Alls	Karlar	Konur
Fæðingarár	1972;7	1973;6	1971;11

Samkvæmt könnuninni eru nýnemar að meðaltali⁴ fæddir um mitt ár 1972, eða að meðaltali tuttugu og fjögurra ára þegar þeir hefja nám. Karlar eru yngri en konur meðal nýnema en karlar eru að meðaltali fæddir á miðju ári 1973, en konur eru að meðaltali fæddar á seinni hluta árs 1971.

Tafla 3.2 *Meðalaldur nýnema efir deildum*

	Viðs&hagd.	Lagad.	Heimspd.	Læknad.	Rauvnd.	Guðfrd.	Félagsvd.	Verkfrd.
Fæðingarár	1973;6	1973;5	1969;4	1973;6	1973;7	1966;3	1972;7	1974;10

Samkvæmt könnuninni eru nýnemar í verkfræðideild að meðaltali yngstir eða fæddir síðari hluta árs 1974 en guðfræðinamar eru elstir, fæddir snemma árs 1966. Hér má því sjá greinilegan mun á aldri háskólanema, nemendur heimspekkideildar og guðfræðideildar eru áberandi elstir að meðaltali⁵.

Við skoðun gagna um aldur innan deilda má sjá að há gildi í aldri vega þungt í meðaltali sem getur leitt til skekkju í fylgnirannsóknum. Því er nýnemum skipt í fjóra hópa eftir aldri (sjá tafla 2.4 og 2.5) þegar könnuð er fylgni aldurs og annarra breyta í könnuninni.

⁴ Þegar miðgildisgögn eru skoðuð með tiliti til fæðingarárs má sjá að öfgagildi hækka meðaltal töluvert mikið. Miðgildi fæðingarárs nýnema alls, karla og kvenna er 1975.

⁵ Miðgildi fæðingarárs félagsvíssindadeildar er 1974, miðgildi fæðingarárs guðfræði- og heimspekkideildar er 1973 en miðgildi fæðingarárs allra annarra deilda er 1975.

3B „Úr hvaða framhaldsskóla eru menntuð/menntaður?”

Spurt var úr hvaða framhaldsskóla nýnemar væru menntaðir. Á töflu 3.3 má sjá niðurstöður könnunarinnar um hlutfall nýnema eftir því úr hvaða framhaldsskólum þeir eru útskrifaðir. Alls svöruðu 985 nýnemar þessari spurningu.

Tafla 3.3 *Úr hvaða framhaldsskóla koma nýnemar?*

Framhaldskóli	Hlutfall
Menntaskólinn í Reykjavík	19,1%
Menntaskólar á landsbyggðinni	18,4%
Menntaskólinn við Hamrahlíð	11,3%
Verslunarskóli Íslands	9,6%
Fjölbraut í Breiðholti	8,6%
Menntaskólinn við Sund	8,5%
Menntaskólinn á Akureyri	6,4%
Kvennaskóli Reykjavíkur	3,7%
Fjölbraut Ármúla	3,6%
Fjölbraut Garðabæjar	2,8%
Flensburg	2,6%
Menntaskóli Kópavogs	1,9%
Verkmenntaskóli Akureyrar	1,6%
Menntaskólar erlendis	1,2%
Tækni-skóli Íslands	0,5%
Iðnskólinn í Reykjavík	0,2%

Hæst hlutfall nýnema eru úr Menntaskólanum í Reykjavík eins og sjá má eða 19,1%. Ýmsir framhaldsskólar á landsbyggðinni, fyrir utan Akureyri, voru dregnir saman í einn hóp sem kemur þar á eftir með 18,4%. Þriðja stærsta hlutfall nýnema kemur úr Menntaskólanum við Hamrahlíð eða 11,3% en marktækur munur er á því hlutfalli og hlutfallanna sem nefnd voru á undan.

3C „Hver er hjúskaparstaða þín?”

Nýnemar í háskólanum voru spurðir hver hjúskaparstaða þeirra væri. Spurningunni svöruðu 979 nýnemar.

Tafla 3.4 *Hver er hjúskaparstaða nýnema?*

	Alls	Karlar	Konur
Einhleypir	68,9%*	79,7%*	61,2%*
Í sambúð eða giftir	31,1%	20,3%	38,8%

Eins og sjá má er marktækt hæst hlutfall nýnema í háskólanum einhleypir. Aðeins um þriðjungur er í sambúð eða giftir. Marktækt stærra hlutfall kvenna en karla eru í sambúð eða giftar meðal nýnema í Háskóla Íslands. Ein ástæða fyrir þessu getur verið að konur meðal nýnema eru rúmu einu og hálfu ári eldri en karlar eins og sjá mátti hér á undan.

Tafla 3.5 *Hjúskaparstaða nýnema eftir deildum*

	Viðs&hagd.	Lagad.	Heimspd.	Læknad.	Raunvd.	Guðfrd.	Félagsvd.	Verkfrd.
Einhleypir	70,6%*	72,6%*	64,6%*	66,7%*	73,1%*	58,3%	67,7%*	81,5%*
Í sambúð eða giftir	29,4%	27,4%	35,4%	33,3%	26,9%	41,7%	32,3%	18,5%

Nokkur munur er á hjúskaparstöðu eftir deildum háskólans. Hæst hlutfall einhleypra er í verkfræðideild, aðeins 18,5% nýnema í verkfræði eru giftir eða í sambúð. Hæst hlutfall nýnema sem eru giftir eða í sambúð er í guðfræðideild eða 41,7% en guðfræðideild er eina deildin sem ekki er marktækur munur á því hvort nemar innan deildarinnar hafi stofnað til hjúskaps eða ekki. Tölfraðilega marktækan mun má finna á svörum milli deilda. Marktækt stærra hlutfall eru einhleypir í verkfræðideild heldur en í guðfræði-, heimspeki- og læknadeild. Hluta skýringar á þessum mun á milli deilda má eflaust finna í meðalaldri. Meðalaldur nýnema í verkfræði er samkvæmt könnuninni mun lægri en í guðfræði- og heimspekideild. Meðalaldur skýrir þó ekki hátt hlutfall þeirra sem eru í sambúð eða giftir í læknadeild sem sker sig ekki úr í meðalaldri miðað við aðrar deildir.

3D „Áttu barn/börn?”

Nýnemar í háskólanum voru spurðir hvort þeir ættu barn eða börn. Spurningunni svoruðu 988 nýnemar.

Tafla 3.6 *Eiga nýnemar í háskólanum börn?*

	Alls	Karlar	Konur
JÁ	16,4%	12,8%	20,1%
NEI	83,6%*	87,2%*	79,9%*

Þessar niðurstöður sýna að nýnemar sem eiga barn eða börn eru í miklum minnihluta. Marktækt stærra hlutfall kvenna en karla meðal nýnema eiga barn eða börn og í því sambandi má benda á, sem hluta skýringar, að konur meðal nýnema eru rúmu einu og hálfu ári eldri en karlar og fremur í sambúð.

Tafla 3.7 *Barnafólk eftir deildum*

	Viðs&hagd.	Lagad.	Heimspd.	Læknad.	Raunvd.	Guðfrd.	Félagsvd.	Verkfrd.
JÁ	10,8%	15,0%	14,5%	19,8%	14,4%	42,4%	21,1%	5,9%
NEI	89,2%*	84,0%*	85,5%*	80,2%*	85,6%*	57,6%*	78,9%*	94,1%*

Lægst hlutfall sem á barn eða börn meðal nýnema í deildum háskólans er í verkfræðideild eða 5,9%. Hæst hlutfall sem á barn eða börn er í guðfræðideild eða 42,4%. Pennan mun má að öllum líkindum að einhverjum hluta til rekja til aldursmunar og hjúskaparstöðu í deildunum. Marktækur munur er á stærð hlutfalls þeirra sem eiga ekki börn í verkfræðideild annars vegar og guðfræði-, félagsvísinda-, raunvísinda- og læknadeild hins vegar.

3E „Tókstu þér hlé að loknu framhaldsskólanámi?”

Nýnemar í háskólanum voru spurðir hvort þeir hefðu tekið sér hlé frá námi að loknum framhaldsskóla. Spurningunni svöruðu 988 nýnemar.

Tafla 3.8 *Tóku nýnemar sér hlé að loknu framhaldsnámi?*

	Alls	Karlar	Konur
JÁ	53,6%*	48,2%	57,7%*
NEI	46,4%	51,8%	42,3%

Marktækur meirihluti nýnema tók sér frí að loknum framhaldsskóla áður en þeir hófu nám við Háskóla Íslands. Marktækur meirihluti kvenna tók sér frí að loknum framhaldsskóla en ekki er marktækur munur á stærð hóps þeirra karla sem tóku sér frí að loknum framhaldsskóla og þess sem gerðu það ekki. Konur taka sér marktækt fremur frí en karlar sem kemur einnig heim og saman við niðurstöður um meðalaldur nýnema.

Tafla 3.9 *Hlé að loknu framhaldsnámi eftir deildum*

	Viðs&hagd.	Lagad.	Heimspd.	Læknad.	Raunvd.	Guðfrd.	Félagsvd.	Verkfrd.
JÁ	55,0%	48,2%	59,8%*	47,2%	49,3%	63,4%*	63,8%*	31,7%
NEI	45,0%	51,8%	40,2%	52,8%	50,7%	36,6%	36,2%	68,3%*

Eins og sjá má á þessari mynd er talsvert mismunandi eftir deildum hvort nýnemar hafa tekið sér frí frá námi eftir framhaldsskóla áður en þeir hófu háskólanám. Algengast er að

nýnemar taki sér frí í félagsví sindadeild eða 63,8% en í verkfræðideild tóku langfæstir sér frí eftir framhaldsskóla eða aðeins 31,7%. Marktækur munur er á milli hlutfalls þeirra sem tóku sér frí eftir framhaldsskóla í verkfræðideild og annara deilda nema lagadeilda.

3F „Bjóstu utan höfuðborgarsvæðis áður en þú hófst háskolanám?”

Nýnemar í háskolanum voru spurðir hvort þeir hefðu búið utan höfuðborgarsvæðis áður en þeir hófu háskolanám. Spurningunni svöruðu 943 nýnemar.

Tafla 3.10 *Bjuggu nýnemar utan höfuðborgarsvæðis?*

	Alls	Karlar	Konur
JÁ	28,8%	34,6%	24,2%
NEI	71,2%*	65,4%*	75,8%*

Samkvæmt þessu bjuggu tæp 29% nýnema utan höfuðborgarsvæðis áður en þeir hófu nám í Háskóla Íslands. Marktækt stærra hlutfall karla en kvenna bjuggu utan höfuðborgarsvæðis.

Tafla 3.11 *Búseta utan höfuðborgarsvæðis eftir deildum*

	Viðs&hagd.	Lagad.	Heimspd.	Læknad.	Raunvđ.	Guðfrd.	Félagsvd.	Verkfđ.
JÁ	21,8%	23,9%	26,7%	33,8%	28,5%	21,3%	33,7%	23,7%
NEI	78,2%*	76,1%*	73,3%*	66,2%*	71,5%*	78,7%*	66,3%*	76,3%*

Eins og sjá má er hlutfall þeirra nemenda sem bjuggu utan höfuðborgarsvæðis áður en þeir hófu háskolanám nokkuð mismunandi eftir deildum. Hæst hlutfall bjó utan höfuðborgarsvæðis í félagsví sinda- og læknadeild eða tæp 34% en lægst hlutfall bjuggu utan höfuðborgarsvæðis í guðfræði- og viðskipta- og hagfræðideild eða um 78%. Marktækur munur er á hlutföllum á milli viðskipta- og hagfræðideilda annars vegar og félagsví sinda- og læknadeilda hins vegar.

3G Samantekt

Eins og sjá mátti í 3A eru nýnemar að meðaltali fæddir um mitt ár 1972. Karlar eru að meðaltali yngri en konur meðal nýnema. Karlar eru að meðaltali fæddir á miðju ári 1973, en konur eru að meðaltali fæddar á seinni hluta árs 1971. Samkvæmt könnuninni eru nýnemar í verkfræðideild yngstir eða fæddir að meðaltali síðari hluta árs 1974 en guðfræðinemar eru elstir, fæddir að meðaltali snemma árs 1966 og nemendur heimpekideildar næst elstir, fæddir fyrri hluta árs 1969. Eins og sjá mátti á samanburði á meðaltals- og miðgildisgögnum og töflum 2.4 og 2.5 í öðrum kafla hefur fjöldi fólks fætt 1970 og fyrr mikil áhrif á niðurstöður um meðaltal, en tekið er tillit til þess í fylgnirannsóknum á milli aldurs og annarra breyta.

Í 3B kom fram að hæst hlutfall nýnema er úr Menntaskólanum í Reykjavík eins og sjá má eða 19,1%. Annað stærsta hlutfall nýnema kemur úr Menntaskólanum við Hamrahlíð eða 11,3%.

Í 3C má sjá að hæst hlutfall nýnema í háskólanum eru einhleypir, aðeins um þriðjungur nema eru í sambúð eða giftir. Marktækt staðra hlutfall kvenna en karla eru í sambúð eða giftar. Ein ástæða fyrir þessu getur verið að konur meðal nýnema eru að meðaltali rúmu einu og hálfu ári eldri en karlar. Hæst hlutfall einhleyprar er í verkfræðideild af deildum háskólans, aðeins 18,5% nýnema í verkfræði eru giftir eða í sambúð. Hæst hlutfall nýnema sem eru giftir eða í sambúð er í guðfræðideild eða 41,7% og næst hæst hlutfall nýnema í heimspekideild eða 35,4%.

Í 3D kemur fram að nýnemar sem eiga barn eða börn eru í miklum minnihluta eða aðeins 16,4%. Staðra hlutfall kvenna en karla meðal nýnema eiga barn eða börn. Í því sambandi má benda á sem hluta skýringar að konur meðal nýnema eru að meðaltali rúmu einu og hálfu ári eldri en karlar og fremur í sambúð. Lægst hlutfall á barn eða börn í verkfræðideild af nýnemum í deildum háskólans eða 5,9%. Hæst hlutfall á barn eða börn í guðfræði eða 42,4%. Þennan mun má ef til vill að hluta til rekja til aldursmunar og hjúskaparstöðu í deildunum tveimur.

Í 3E kemur fram að meirihluti nýnema tók sér frí að loknum framhaldsskóla áður en nám var hafið við Háskóla Íslands eða 53,6%. Konur tóku sér marktækt fremur frí en karlar sem kemur einnig heim og saman við niðurstöður um meðalaldur kynja. Þegar

niðurstöður milli deilda eru skoðaðar má sjá að algengast er að nýnemar hafi tekið sér frí í félagsvísindadeild eða 63,8% en í verkfræðideild tóku langfæstir sér frí eftir framhaldsskóla eða aðeins 31,7%.

Samkvæmt niðurstöðum 3F bjuggu tæp 29% nýnema utan höfuðborgarsvæðis áður þeir hófu nám í Háskóla Íslands. Marktækt stærra hlutfall karla en kvenna bjuggu utan höfuðborgarsvæðis. Hæst hlutfall bjó utan höfuðborgarsvæðis í félagsvísinda- og læknadeild eða tæp 34% en lægst hlutfall bjó utan höfuðborgarsvæðis í guðfræði- og viðskipta- og hagfræðideild eða um 22%.

Könnuð var fylgni milli aldursflokkja og þeirra sem eru í sambúð og þar mátti sjá greinilega fylgni á milli aldurs og þess að nýnemar væru í sambúð, þessi munur er marktækur⁶. Einnig er fylgni milli þess að nýnemar eigi börn þegar komið er upp í hærri aldursflokkja, þessi munur er marktækur⁷.

Um nýnema almennt má því segja að þeir séu ekki í sambúð, eiga ekki börn, eru af höfuðborgarsvæðinu en mismunandi er hvort þeir héldu beint í háskóla eða tóku sér frí eftir framhaldskóla. Karlar eru fremur einhleypir en konur, lægra hlutfall á börn, fremur utan af landi en konur og eru að meðaltali yngri enda lægra hlutfall sem tók sér hlé frá námi heldur en konur.

Nýnemar í guðfræðideild eru að meðaltali elstir, hæst hlutfall er í sambúð eða gifstir, stærstur hluti á börn miðað við aðrar deildir. Verkfræðideild er yngst, hæst hlutfall einhleypra, lægst hlutfall barnafólks og lægst hlutfall tók sér frí að loknum framhaldsskóla. Þessar tvær deildir eru öfgar hvor í sína átt en í öðrum deildum raðast niðurstöður yfirleitt á milli þeirra í spurningum sem varða þjóðfélagsstöðu nýnema.

Af þessum kafla má ráða að nýnemar hafa mismunandi bakgrunn eftir kyni, aldri og hvaða deildum háskólans þeir tilheyra.

⁶ $\chi^2 = 66,01$ df=3 p≤0,001

⁷ $\chi^2 = 209,2$ df=3 p≤0,001

4. Hvers vegna háskólanám?

Í þessum hluta rannsóknarinnar er markmiðið að komast að ástæðunum fyrir því hvers vegna nýnemar ákveða að fara í háskólanám. Settar voru fram sautján fullyrðingar sem nýnemar tóku afstöðu til um hvað hefði haft áhrif á að þeir hófu nám við Háskóla Íslands. Þeir sögðu til um hvort viðkomandi þáttur hefði haft „engin áhrif”, „lítill áhrif”, „nokkur áhrif”, „frekar mikil áhrif” eða „mikil áhrif”. Svör nýnema eru sýnd í heild og einnig með tilliti til kynja og deilda. Þar sem þættirnir eru fimm er gripið til þess ráðs að draga þá saman í þrjá þætti á mynd til þess að skerpa niðurstöður. Þættirnir þrír sem eru dregnir saman á myndum eru „engin og lítil áhrif”, „nokkur áhrif” og „mikil og frekar mikil áhrif”. Tekin er saman stutt niðurstaða eftir hverja fullyrðingu og í enda kaflans er tekin saman heildarniðurstaða.


4A „Námsárangur í framhaldsskóla”:

Hvað hafði námsárangur í framhaldsskóla mikil áhrif á þá ákvörðun nýnema að hefja nám í háskólanum? Þessari spurningu svoruðu 984 nýnemar í Háskóla Íslands.

Tafla 4.1 *Áhrif námsárangurs í framhaldsskóla*

	Alls	Karlar	Konur
Engin áhrif	19,3%	24,1%	16,9%
Lítill áhrif	15,4%	19,4%	12,0%
Nokkur áhrif	33,2%*	29,4%*	33,8%*
Frekar mikil áhrif	24,3%	23,2%	25,9%
Mikil áhrif	7,9%	3,8%	11,4%

Eins og sjá má svaraði marktækt hæst hlutfall nýnema að námsárangur í framhaldsskóla hefði haft „nokkur áhrif” á þá ákvörðun að fara í háskóla eða 33,2%. Næst hæst hlutfall svaraði að námsárangur hefði haft „frekar mikil áhrif” eða 24,3%, marktækt fleiri en hópurinn sem var í þriðja sæti sem sagði að námsárangur í framhaldsskóla hefði haft „engin áhrif” eða 19,3%. Á mynd 4.1 eru hóparnir „engin áhrif”, „lítill áhrif”, „nokkur áhrif”, „frekar mikil áhrif” og „mikil áhrif” dregnir saman í þrjá hópa til þess að sýna afstöðu nýnema á skýrari hátt:




Mynd 4.1 Áhrif námsárangurs í framhaldsskóla á þá ákvörðun að hefja nám í Háskóla Íslands

Eins og sjá má er skiptingin milli hópanna þriggja mjög jöfn í svörum háskólanema alls. Hæst hlutfall segir þó að námsárangur í framhaldsskóla hafi haft „engin og lítil áhrif”, en ekki er marktækur munur milli hópanna þriggja. Námsárangur í framhaldsskóla hefur hins vegar marktækt meiri áhrif á þá ákvörðun kvenna að fara í háskóla en karla og mun stærra hlutfall karla segir að námsárangur hafi haft „engin og lítil áhrif” eða rúm 43% á móti tæpum 29% meðal kvenna. Á móti segir marktækt stærra hlutfall kvenna en karla að námsárangur í framhaldsskóla hafi haft „mikil og frekar mikil áhrif” eða rúm 37% á móti rúnum 27% karla.

Tafla 4.2 Áhrif námsárangurs í framhaldsskóla á ákvörðun eftir deildum

	Viðs&hagd.	Lagad.	Heimspd.	Læknad.	Raunvd.	Guðfrd.	Félagsvd.	Verkfrd.
Engin áhrif	20,5%	17,2%	24,5%	19,4%	21,0%	16,6%	17,0%	3,9%
Lítill áhrif	15,0%	19,6%	15,0%	16,4%	11,9%	22,6%	13,5%	20,3%
Nokkur áhrif	39,3%*	29,1%	29,5%	26,2%	28,4%	27,4%	43,8%*	38,0%
Frekar mikil áhrif	20,6%	25,2%	22,6%	27,3%	27,6%	27,7%	20,8%	32,1%
Mikil áhrif	4,6%	8,9%	8,4%	10,8%	11,0%	5,7%	5,0%	5,7%

Á mynd 4.2 má sjá sömu niðurstöður og á töflu 4.2 en nú hafa þættirnir fimm verið dregnir saman í þrjá þætti til þess að skerpa niðurstöður:



Mynd 4.2 *Áhrif námsárangurs í framhaldsskóla á ákvörðun nýnema eftir deildum Háskóla Íslands*

Þrjár deildir, raunvísinda-, lækna- og verkfræðideild, skera sig úr hvað varðar fjöldi þeirra sem svara að námsárangur í framhaldsskóla hafi haft „mikil og frekar mikil áhrif”, en um 38% merktu við þann þátt í þeim deildum. Í tveimur deildum, félagsvísinda- og viðskipta- og hagfræðideild, er áberandi lægst hlutfall þeirra sem svara „mikil og frekar mikil áhrif” eða um 25%, en á móti er hlutfall þeirra sem merkja við „nokkur áhrif” í viðkomandi deildum áberandi stærra en annars staðar. Í tveimur deildum, heimspeki og guðfræði, er hlutfall þeirra sem segja að námsárangur í framhaldsskóla hafi haft „enginn og frekar lítil áhrif” áberandi hátt eða um 39%. Munurinn á svörum deildanna er þó ekki það mikill að hann sé marktækur nema í örfáum tilvikum. Marktækt minna hlutfall þeirra sem sögðu að námsárangur í framhaldsskóla hafi haft „mikil og frekar mikil áhrif” er í félagsvísinda- og viðskiptafræðideild annars vegar en í raunvísindadeild hins vegar.

Niðurstaða spurningar: Mjög skiptar skoðanir eru meðal nýnema um það hvort námsárangur í framhaldsskóla hafi áhrif á þá ákvörðun að fara í framhaldsskóla. Námsárangur í framhaldsskóla hafði þó marktækt meiri áhrif á ákvörðun kvenna en karla. Athyglisvert er samt hvað námsárangur hefur áhrif á ákvörðun margra nýnema í verkfræðideild að hefja nám í háskóla þrátt fyrir að karlar séu í miklum meirihluta í deildinni.


4B „Áhugavert starf stóð ekki til boða”:

Hvað hafði það að áhugavert starf stóð ekki til boða á þá ákvörðun nýnema að hefja nám í háskólanum? Þessari spurningu svöruðu 985 nýnemar í Háskóla Íslands.

Tafla 4.3 Áhrif þess að áhugavert starf stóð ekki til boða

	Alls	Karlar	Konur
Engin áhrif	60,0%*	51,8%*	66,0%*
Lítill áhrif	11,6%	17,4%	8,0%
Nokkur áhrif	10,2%	13,7%	7,4%
Frekar mikil áhrif	9,8%	9,9%	9,4%
Mikil áhrif	8,5%	7,2%	9,1%

Eins og sjá má svaraði marktækt hæst hlutfall nýnema að það að áhugavert starf stóð ekki til boða hefði haft „engin áhrif” á þá ákvörðun að fara í háskóla eða 60,0%. Næst hæst hlutfall svaraði að það að áhugavert starf stóð ekki til boða hefði haft „lítill áhrif” eða 11,6%, sem er ekki marktækt stærra hlutfall en hópurinn sem kom þar á eftir sem sagði að það að áhugavert starf stóð ekki til boða hefði haft „nokkur áhrif” eða 10,2%. Á mynd 4.3 eru hóparnir „engin áhrif”, „lítill áhrif”, „nokkur áhrif”, „frekar mikil áhrif” og „mikil áhrif” dregnir saman í þrjá hópa til þess að sýna afstöðu nýnema á skýrari hátt.




Mynd 4.3 Hvað hafði það að áhugavert starf stóð ekki til boða mikil áhrif á þá ákvörðun að hefja nám í háskóla?

Lang hæst hlutfall nýnema segir að það að áhugavert starf stóð ekki til boða hafi haft „engin og lítil áhrif” eða rúm 70%. Um 10% segja að áhugavert starf stóð ekki til boða hafi haft „nokkur áhrif” og tæp 20% segja að það hafi haft „mikil og frekar mikil áhrif”. Marktækur munur er milli hópanna þriggja. Munur á svörum kynja er ekki það mikill að hann teljist marktækur nema að því leyti að martækt fleiri karlar en konur segja að það að áhugavert starf stóð ekki til boða hafi haft „nokkur áhrif”.

Tafla 4.4 *Áhrif þess að áhugavert starf stóð ekki til boða eftir deildum*

	Viðs&hagd.	Lagad.	Heimspd.	Læknad.	Rauvnd.	Guðfrd.	Félagsvd.	Verkfrd.
Engin áhrif	59,1%*	68,0%*	64,9%*	58,8%*	60,2%*	50,3%*	56,4%*	55,6%*
Lítill áhrif	8,3%	10,4%	11,1%	15,8%	10,8%	16,6%	8,9%	16,2%
Nokkur áhrif	8,4%	7,9%	9,5%	13,5%	5,1%	22,3%	10,3%	14,3%
Frekar mikil áhrif	14,3%	6,4%	9,7%	6,5%	14,3%	5,4%	9,3%	8,0%
Mikil áhrif	9,9%	7,4%	4,8%	5,4%	9,6%	5,4%	15,1%	5,9%

Á mynd 4.4 má sjá sömu niðurstöður og á töflu 4.4 en nú hafa þættirnir fimm verið dregnir saman í þrjá þætti til þess að skerpa niðurstöður:



Mynd 4.4 *Áhrif þess að áhugavert starf stóð ekki til boða á ákvörðun nýnema eftir deildum*

Hlutfall þeirra sem segja að það að áhugavert starf stóð ekki til boða hafi haft „engin og lítil áhrif” er yfir 65% og marktækt stærst í öllum deildum. Hæst hlutfall í lagadeild segir að það að áhugavert starf stóð ekki til boða hafi haft „engin og lítil áhrif” eða rúm 78%. Í þremur deildum, viðskipta- og hagfræði, raunvísinda og félagsvísindadeild er

áberandi hæst hlutfall sem segir að það að áhugavert starf stóð ekki til boða hafi haft „mikil og frekar mikil áhrif” eða um 25%. Ekki er áberandi marktækur munur á svörum milli deilda.

Niðurstaða spurningar: Það að áhugavert starf stóð ekki til boða virðist almennt ekki hafa vegið þungt í þeirri ákvörðun háskólanema að fara í háskóla. Enginn munur er sýnlilegur milli kynja og deilda havð þetta varðar.

4C „Fékk ekki inngöngu í annað nám”:


Hvað hafði það að ekki fékkst innganga í annað nám mikil áhrif á þá ákvörðun nýnema að hefja nám í háskólanum? Spurningunni svoruðu 983 nýnemar. Tafla 4.5 sýnir niðurstöður svara nýnema í heild sem og samanburð á svörum karla og kvenna:

Tafla 4.5 *Áhrif þess að ekki fékkst innganga í annað nám*

	Alls	Karlar	Konur
Engin áhrif	92,6%*	90,6%*	94,4%*
Lítill áhrif	2,1%	3,4%	1,2%
Nokkur áhrif	1,8%	3,7%	0,7%
Frekar mikil áhrif	1,6%	1,6%	1,5%
Mikil áhrif	1,8%	0,8%	2,2%

Lang hæst hlutfall nýnema segir að það að ekki fékkst innganga í annað nám hafi haft „engin áhrif” á þá ákvörðun að fara í háskóla eða 92,6%. Næst hæst hlutfall svaraði að það að ekki fékkst innganga í annað nám hefði haft „lítill áhrif” eða 2,1% en ekki er marktækur munur milli þess hóps og annarra hópa.

Á mynd 4.5 eru hóparnir „engin áhrif”, „lítill áhrif”, „nokkur áhrif”, „frekar mikil áhrif” og „mikil áhrif” dregnir saman í þrjá hópa til þess að sýna afstöðu nýnema á skýrari hátt.




Mynd 4.5 Áhrif þess að ekki fékkst innganga í annað nám á ákvörðun nýnema

Eins og sjá má eru svör beggja kynja við þessari fullyrðingu ótvírað. Það að ekki fékkst innganga í annað nám hefur í langflestum tilvikum engin áhrif á þá ákvörðun nýnema að hefja háskólanám. Ekki er marktækur munur á milli svara kynja. Á töflu 4.6 má sjá hver munurinn er á svörum milli deilda:

Tafla 4.6 Áhrif þess að ekki fékkst innganga í annað nám eftir deildum

	Viðs&hagd.	Lagad.	Heimspd.	Læknad.	Rauvnd.	Guðfrd.	Félagsvd.	Verkfrd.
Engin áhrif	94,4%*	96,5%*	91,2%*	95,8%*	88,6%*	94,6%*	89,3%*	95,9%*
Lítill áhrif	0,4%	2,0%	4,3%	0,7%	3,5%	0,0%	2,7%	0,0%
Nokkur áhrif	3,8%	1,5%	0,8%	0,8%	2,1%	0,0%	2,5%	2,0%
Frekar mikil áhrif	1,4%	0,0%	2,2%	1,3%	4,2%	0,0%	1,3%	0,0%
Mikil áhrif	0,0%	0,0%	1,4%	1,4%	1,7%	5,4%	4,2%	2,0%

Á mynd 4.6 má sjá sömu niðurstöður og á töflu 4.6 en nú hafa þættirnir fimm verið dregnir saman í þrjá þætti til þess að skerpa niðurstöður:



Mynd 4.6 *Áhrif þess að ekki fékkst innganga í annað nám á ákvörðun nýnema eftir deildum HÍ*

Í öllum deildum er hlutfall þeirra yfir 90% sem segja að það að þeir hafi ekki fengið inngöngu í annað nám hafi haft „engin og lítil áhrif”. Í þremur deildum, guðfræði-, raunvísinda- og félagsvíssindadeild, er hæst hlutfall þeirra sem segja að það að ekki fékkst innganga í annað nám hafi haft „mikil og frekar mikil áhrif” eða rúm 5% í þeim öllum. Munurinn á hlutfalli svara milli deilda er þó ekki það mikill að hann geti talist marktækur...

Niðurstöða spurningar: Almennt hafði það enginn áhrif á ákvörðun háskólanema að hefja nám í háskólanum að ekki fékkst innganga í annað nám. Þetta gildir um nýnema almennt, óháð kyni og deildum.


4D „Vel launað starf stóð ekki til boða”:

Hvað hafði það að vel launað starf stóð ekki til boða mikil áhrif á þá ákvörðun nýnema að hefja nám í háskólanum? Spurningunni svoruðu 983 nýnemar. Tafla 4.7 sýnir niðurstöður svara nýnema allra sem og samanburð á svörum karla og kvenna:

Tafla 4.7 Áhrif þess að vel launað starf stóð ekki til boða

	Alls	Karlar	Konur
Engin áhrif	60,5%	53,1%	66,2%
Lítill áhrif	12,2%	13,9%	11,5%
Nokkur áhrif	13,4%	18,3%	9,7%
Frekar mikil áhrif	6,4%	8,5%	4,3%
Mikil áhrif	7,5%	6,1%	8,2%

Marktækt hæst hlutfall nýnema alls í Háskóla Íslands svara að það að vel launað starf stóð ekki til boða hafi haft „engin áhrif” á þá ákvörðun að fara í háskóla eða 60,5%. Næst hæst hlutfall svöruðu að það hafi haft „nokkur áhrif” eða 13,4% sem er ekki marktækt stærra hlutfall en hlutfallið sem merkti við að þátturinn hefði haft „engin áhrif” eða 12,2%. Á mynd 4.7 eru hóparnir „engin áhrif”, „lítill áhrif”, „nokkur áhrif”, „frekar mikil áhrif” og „mikil áhrif” dregnir saman í þrjá hópa til þess að sýna afstöðu nýnema á skýrari hátt:



Mynd 4.7 Áhrif þess að vel launað starf stóð ekki til boða á ákvörðun nýnema


Lang hæst hlutfall nýnema alls segir að það að vel launað starf stóð ekki til boða hafi haft „engin og lítil áhrif” eða tæp 73%. Ekki er marktækur munur milli hópanna sem svara að það hafi haft „nokkur áhrif” og „mikil og frekar mikil áhrif” en aðeins merktu samtals rúm tíu prósent við hvorn möguleika. Marktækur munur er á svörum kynjanna í þessari spurningu. Marktækt fleiri konur en karlar svara að það að vel launað starf stóð

ekki til boða hafi haft haft „engin og lítil áhrif”, eða tæp 78% kvenna og um 67% karla, en marktækt fleiri karlar en konur svara að þátturinn hafi haft haft „nokkur áhrif”.

Tafla 4.8 *Áhrif þess að vel launað starf stóð ekki til boða eftir deildum*

	Við.&hagd.	Lagad.	Heimspd.	Læknad.	Raunvd.	Guðfrd.	Félagsvd.	Verkfrd.
Engin áhrif	58,5%*	68,5%*	57,2%*	66,6%*	58,4%*	50,0%*	57,7%*	59,7%*
Lítil áhrif	13,6%	9,8%	12,4%	10,1%	13,0%	22,3%	13,1%	10,0%
Nokkur áhrif	11,2%	15,3%	15,6%	14,5%	13,9%	22,3%	8,2%	22,3%
Frekar mikil áhrif	8,0%	2,9%	7,5%	3,4%	8,8%	5,4%	7,5%	6,1%
Mikil áhrif	8,7%	3,5%	7,3%	5,5%	5,9%	0,0%	13,5%	1,8%

Á mynd 4.8 má sjá sömu niðurstöður og á töflu 4.8 en nú hafa þættirnir fimm verið dregnir saman í þrjá þætti til þess að skerpa niðurstöður:



Mynd 4.8 *Áhrif þess að vel launað starf stóð ekki til boða á ákvörðun eftir deildum*

Um og yfir 70% nýnema í öllum deildum segir að það hafi haft „engin og lítil áhrif”, á þá ákvörðun að fara í háskóla, að vel launað starf stóð ekki til boða. Hæst hlutfall í lagadeild segir að það að vel launað starf stóð ekki til boða hafi haft „engin og lítil áhrif” eða rúm 78% sem er þó ekki marktækt frábrugðið öðrum deildum. Í félagsvíssindadeild er hæst hlutfall sem segir að það hafi haft „mikil og frekar mikil áhrif” eða tæp 21% sem er marktækt hærra hlutfall en í öðrum deildum nema viðskipta- og hagfræðideild og heimpekkideild.

Niðurstaða spurningar: Almennt hafði það að vel launað starf stóð ekki til boða „engin og lítil áhrif” á þá ákvörðun nýnema að hefja nám við háskólan. Marktækt stærra hlutfall meðal kvenna en karla merkti við „engin og lítil áhrif” en ekki er marktækur munur á milli hlutfalla svara deilda háskólans.


4E „Óvissa um hvað ég vildi gera”:

Hvað hafði óvissa um hvað nýnemar vildu gera mikil áhrif á þá ákvörðun þeirra að hefja nám í háskólanum? Spurningunni svöruðu 981 nýnemar. Tafla 4.9 sýnir niðurstöður svara nýnema allra sem og samanburð á svörum karla og kvenna:

Tafla 4.9 *Áhrif óvissu á þá ákvörðun að fara í háskólanám*

	Alls	Karlar	Konur
Engin áhrif	46,0%*	48,0%*	45,2%*
Lítil áhrif	17,2%	15,9%	17,2%
Nokkur áhrif	19,2%	18,8%	20,0%
Frekar mikil áhrif	11,3%	10,4%	12,1%
Mikil áhrif	6,4%	6,9%	5,5%

Eins og sjá má svaraði marktækt hæst hlutfall nýnema að óvissa um hvað þeir vildu gera hefði haft „engin áhrif” á þá ákvörðun að fara í háskóla eða 46,0%. Næst hæst hlutfall svaraði að óvissa um hvað þeir vildu gera hefði haft „nokkur áhrif” eða 19,2%, sem er þó ekki marktækt fleiri en hópurinn sem sagði það hafa haft „lítil áhrif” eða 17,2%.




Mynd 4.9 *Áhrif óvissu á þá ákvörðun að fara í háskólanám*

Hæst hlutfall segir að óvissa um hvað þeir vildu gera hafi haft „engin og lítil áhrif“ eða rúm 60%. Ekki er marktækur munur milli hópanna sem svara að það hafi haft „nokkur áhrif“ og „mikil og frekar mikil áhrif“ en hvor um sig er um 20%. Munurinn á svörum kynjanna í þessari spurningu er ekki það mikill að hann teljist marktækur. Á töflu 4.10 má sjá hver munurinn er á svörum milli deilda:

Tafla 4.10 *Áhrif óvissu á ákvörðun nýnema eftir deildum*

	Viðs&hagd.	Lagad.	Heimspd.	Læknad.	Raunvð.	Guðfrd.	Félagsvd.	Verkfrd.
Engin áhrif	35,0%*	58,4%*	39,9%*	61,5%*	37,8%*	47,3%*	40,6%*	52,4%*
Lítill áhrif	19,4%	13,8%	15,0%	15,5%	20,2%	11,5%	18,9%	16,2%
Nokkur áhrif	21,7%	15,6%	20,9%	15,1%	20,1%	17,5%	21,2%	21,9%
Frekar mikil áhrif	16,7%	5,6%	15,5%	5,9%	13,0%	11,7%	12,2%	5,7%
Mikil áhrif	7,2%	6,5%	8,7%	2,0%	8,9%	12,0%	7,2%	3,9%

Á mynd 4.10 má sjá sömu niðurstöður og á töflu 4.10 en nú hafa þættirnir fimm verið dregnir saman í þriðja þætti til þess að skerpa niðurstöður:



Mynd 4.10 Áhrif óvissu á þá ákvörðun, eftir deildum, að fara í háskólanám

Hlutfall þeirra sem segja að óvissa hafi haft „engin og lítil áhrif” á að ákveðið var að hefja nám í háskólanum er yfir 50% í öllum deildum. Hæst hlutfall í læknadeild segir óvissu hafa haft „engin og lítil áhrif” eða rúm 77%, marktækur munur er á því hlutfalli og öðrum deildum nema verkfræði- og lagadeild. Hlutfall þeirra sem segir óvissu hafa haft „mikil og frekar mikil áhrif” er yfir 20% í fjórum deildum, viðskipta og hagfræði-, heimspeki-, raunvísinda- og guðfræðideild.

Niðurstaða spurningar: Óvissa um hvað nýnemar vildu gera hafði í meirihluta tilvika „engin og lítil áhrif” á þá ákvörðun að hefja nám við háskólann. Ekki er marktækur munur á milli svara kynja en nokkur munur á milli deilda. Almennt virðast nýnemar ekki vera komnir í háskólann vegna óvissu hvað þeir vildu gera heldur af ákveðinni ástæðu.


4F „Áhugavert starf krefst háskólamenntunar”:

Hvað hafði það viðhorf að áhugavert starf krefjist háskólamenntunar mikil áhrif á þá ákvörðun nýnema að hefja nám í háskólanum? Spurningunni svöruðu 984 nýnemar.

Tafla 4.11 Áhrif þess að áhugavert starf krefst háskólamenntunar

	Alls	Karlar	Konur
Engin áhrif	6,1%	5,3%	6,5%
Lítill áhrif	7,0%	5,7%	6,8%
Nokkur áhrif	13,7%	10,7%	16,1%
Frekar mikil áhrif	27,9%	31,2%	24,4%
Mikil áhrif	45,3%*	47,2%*	46,3%*

Marktækt hæst hlutfall nýnema alls svaraði að það að áhugavert starf krefjist háskólamenntunar hafi haft „mikil áhrif” á þá ákvörðun að fara í háskóla eða 45,3%. Næst hæst hlutfall svaraði að það að áhugavert starf krefjist háskólamenntunar hefði haft „frekar mikil áhrif” eða 27,9%, marktækt fleiri en þeir sem komu þar á eftir að það hefði haft „nokkur áhrif” eða 13,7%. Á mynd 4.11 eru hóparnir „engin áhrif”, „lítill áhrif”, „nokkur áhrif”, „frekar mikil áhrif” og „mikil áhrif” dregnir saman í þrjá hópa til þess að sýna afstöðu nýnema á skýrari hátt:



Mynd 4.11 Áhrif þess að áhugavert starf krefst háskólamenntunar á ákvörðun nýnema


Marktækt hæst hlutfall segir að það að áhugavert starf krefjist háskólamenntunar hafi haft „mikil og frekar mikil áhrif” á þá ákvörðun að fara í háskóla eða rúm 70%. Ekki er marktækur munur á milli hópanna sem svara „engin og lítil áhrif” og „nokkur áhrif” en báðir hóparnir eru rétt yfir 10%. Marktækur munur er á svörum kynjanna í þessari spurningu. Marktækt stærra hlutfall karla en kvenna svara að það að áhugavert starf

krefjist háskólamenntunar hafi haft „mikil og frekar mikil áhrif” en stærra hlutfall kvenna en karla svara að það hafi haft „nokkur áhrif”.

Tafla 4.12 *Áhrif þess að áhugavert starf krefst háskólamenntunar meðal deilda*

	Viðs&hagd.	Lagad.	Heimspd.	Læknad.	Raunvd.	Guðfrd.	Félagsvd.	Verkfrd.
Engin áhrif	3,2%	4,0%	10,1%	7,7%	4,9%	11,1%	4,6%	4,1%
Lítill áhrif	4,0%	5,0%	14,0%	5,1%	9,2%	16,6%	4,8%	4,1%
Nokkur áhrif	8,8%	7,5%	12,1%	14,8%	20,3%	22,0%	13,3%	21,7%
Frekar mikil áhrif	35,1%	37,1%	29,3%	21,9%	25,5%	33,7%	27,1%	26,4%
Mikil áhrif	49,0%*	46,5%	34,6%	50,5%*	40,0%*	16,6%	50,3%*	43,8%

Á mynd 4.12 má sjá sömu niðurstöður og á töflu 4.12 en nú hafa þættirnir fimm verið dregnir saman í þrjá þætti til þess að skerpa niðurstöður:



Mynd 4.12 *Áhrif þess að áhugavert starf krefst háskólamenntunar eftir deildum*

Í öllum deildum háskólans segir marktækt hæst hlutfall nýnema að það að áhugavert starf krefjist háskólamenntunar hafi haft „mikil og frekar mikil áhrif”. Hlutfall þessa hóps er þó áberandi hæst í lögfræði- og viðskipta og hagfræðideild eða um 84%. Í tveimur deildum eru fleiri en 20% sem segja að það að áhugavert starf krefjist háskólamenntunar hafi haft „engin og lítil áhrif” á þá ákvörðun að fara í háskólanám, eða tæp 28% í guðfræðideild og tæp 24% í heimspekkideild. Marktækt stærra hlutfall í viðskipta- og hagfræðideild segir að það að áhugavert starf krefjist háskólamenntunar hafi haft „mikil og frekar mikil áhrif” heldur en í guðfræði-, raunvísinda-, lækna- og

heimspekkideild. Í guðfræðideild merkir marktækt stærra hlutfall við „engin og lítil áhrif” en í öllum öðrum deildum að heimspekkideild undanskilinni.

Niðurstaða spurningar: Það að áhugavert starf krefjist háskólamenntunar hefur í meirihluta tilfella „mikil og frekar mikil áhrif” á þá ákvörðun nýnema að hefja háskólanám. Þó marktækt meiri áhrif á stærra hlutfall karla en kvenna. Marktækan mun má einnig finna á milli deilda.


4G „Háskólanám eykur lífsþroska”:

Hvað hafði það viðhorf að háskólanám auki lífsþroska mikil áhrif á þá ákvörðun nýnema að hefja nám í háskólanum? Spurningunni svöruðu 981 nýnemar.

Tafla 4.13 *Áhrif þess að háskólanám eykur lífsþroska*

	Alls	Karlar	Konur
Engin áhrif	9,2%	12,5%	7,1%
Lítil áhrif	8,9%	9,3%	7,9%
Nokkur áhrif	27,6%	28,0%	28,3%
Frekar mikil áhrif	28,7%	29,2%	28,2%
Mikil áhrif	25,6%	21,1%	28,5%

Eins og sjá má sagði hæst hlutfall nýnema að það að háskólanám yki lífsþroska hefði haft „frekar mikil áhrif” á þá ákvörðun að fara í háskóla eða 28,7%. Næst hæst hlutfall svaraði að það að háskólanám yki lífsþroska hefði haft „nokkur áhrif” eða 27,6%, þar á eftir kemur hópurinn sem sagði að þátturinn hefði haft „mikil áhrif” en 25,6% merktu við þann þátt. Ekki er marktækur munur á milli hópanna þriggja. Á mynd 4.13 eru hóparnar „engin áhrif”, „lítil áhrif”, „nokkur áhrif”, „frekar mikil áhrif” og „mikil áhrif” dregnir saman í þrjá hópa til þess að sýna afstöðu nýnema á skýrari hátt:




Mynd 4.13 Áhrif þess að háskólanám eykur lífsþroska á þá ákvörðun að hefja nám í háskóla

Rúm 54% nýnema í háskólanum segja að það að háskólanám auki lífsþroska hafi haft „mikil og frekar mikil áhrif“ á að þau hófu háskólanám. Næst kemur „nokkur áhrif“ en 27,6% nýstúdenta merktu við þann þátt og rúm 18% nýstúdenta segja að það að háskólanám auki lífsþroska hafi haft „engin og lítil áhrif“ á að þau hófu háskólanám. Marktækur munur er á milli hópanna þriggja. Marktækt fleiri konur en karlar sögðu að það að háskólanám auki lífsþroska hafi haft „mikil og frekar mikil áhrif“ á þá ákvörðun að fara í háskóla. Á töflu 4.14 má sjá hver munurinn er á svörum milli deilda:

Tafla 4.14 Áhrif þess að háskólanám eykur lífsþroska eftir deildum

	Viðs&hagd.	Lagad.	Heimspd.	Læknad.	Raunvð.	Guðfrd.	Félagsvd.	Verkfrd.
Engin áhrif	4,6%	6,4%	4,9%	17,5%	10,0%	11,5%	7,7%	8,0%
Lítil áhrif	11,8%	4,9%	5,4%	7,7%	12,6%	11,5%	7,1%	19,8%
Nokkur áhrif	25,3%	36,0%	26,0%	29,4%	28,8%	12,0%	25,0%	32,1%
Frekar mikil áhrif	38,7%*	24,1%	26,0%	27,9%	24,5%	29,8%	31,1%	22,1%
Mikil áhrif	19,6%	28,6%	37,8%	17,6%	24,2%	35,2%	29,1%	18,0%

Á mynd 4.14 má sjá sömu niðurstöður og á töflu 4.14 en nú hafa þættirnir fimm verið dregnir saman í þrjá þætti til þess að skerpa niðurstöður:



Mynd 4.14 Áhrif þess að háskólanám eykur lífsþroska á ákvörðun um að hefja háskólanám eftir deildum

Hæst hlutfall í guðfræði- og heimspekkideild svaraði að það að háskólanám auki lífsþroska hafi haft „mikil og frekar mikil áhrif” á það að ákveðið var að fara í háskólanám eða um 65% í báðum deildum. Lægst hlutfall í verkfræðideild segir aukningu lífsþroska hafa haft „mikil og frekar mikil áhrif” eða 40%. Í verkfræðideild er einnig stærstur hópur sem segir þáttinn hafa haft „engin og lítil áhrif” eða tæp 28%. Marktækt stærra hlutfall segja að það að „háskólanám auki lífsþroska” hafi haft „mikil og frekar mikil áhrif” á ákvörðun sína í guðfræði- og heimspekkideild heldur en í lækna-, raunvísinda- og verkfræðideild.

Niðurstaða spurningar: Meira en helmingur nýnema segir að það að háskólanám auki lífsþroska hafi haft „mikil og frekar mikil áhrif” á þá ákvörðun að hefja háskólanám. Marktækt fleiri konur en karlar segja þennan þátt hafa haft „mikil og frekar mikil áhrif” á ákvörðun sína og marktækur munur er einnig á svörum milli ákveðinna deilda.


4H „Menntun félaga minna”:

Hvað hafði menntun félaga nýnema mikil áhrif á þá ákvörðun að hefja nám í háskólanum? Spurningunni svoruðu 984 nýnemar. Tafla 4.15 sýnir niðurstöður svara nýnema allra sem og samanburð á svörum karla og kvenna:

Tafla 4.15 Áhrif menntunar félaga

	Alls	Karlar	Konur
Engin áhrif	62,0%*	62,7%*	60,5%*
Lítill áhrif	20,2%	17,2%	23,1%
Nokkur áhrif	11,5%	13,8%	10,4%
Frekar mikil áhrif	5,6%	5,4%	5,5%
Mikil áhrif	0,7%	0,9%	0,5%

Eins og sjá má svaraði marktækt hæst hlutfall nýnema að menntun félaganna hefði haft „engin áhrif” á þá ákvörðun að fara í háskóla eða 62,0%. Næst hæst hlutfall svaraði að menntun félaganna hefði haft „lítill áhrif” eða 20,2%, marktækt fleiri en hópurinn sem var í þriðja sæti sem sagði að menntun félaganna hefði haft „nokkur áhrif” eða 11,5%. Á mynd 4.15 eru hóparnir „engin áhrif”, „lítill áhrif”, „nokkur áhrif”, „frekar mikil áhrif” og „mikil áhrif” dregnir saman í þrjá hópa til þess að sýna afstöðu nýnema á skýrari hátt.




Mynd 4.15 Áhrif menntunar félaga á þá ákvörðun að hefja háskólanám

Lang hæst hlutfall segir að menntun félaganna hafa haft „engin og lítill áhrif” eða meira en 80%. Munurinn á svörum kynjanna í þessari spurningu ekki það mikill að hann teljist marktækur.

Tafla 4.16 Áhrif menntunar félaga eftir deildum

	Viðs&hagd.	Lagad.	Heimspd.	Læknad.	Raunvd.	Guðfrd.	Félagsvd.	Verkfrd.
Engin áhrif	53,2%*	50,7%*	66,3%*	71,6%*	56,0%*	61,1%*	61,4%*	58,5%*
Lítill áhrif	27,8%	27,6%	13,6%	16,7%	20,7%	16,6%	22,1%	21,5%
Nokkur áhrif	11,6%	14,8%	10,5%	7,5%	15,7%	22,3%	11,1%	18,2%
Frekar mikil áhrif	6,6%	6,9%	8,9%	3,8%	5,4%	0,0%	5,0%	1,8%
Mikil áhrif	0,8%	0,0%	0,8%	0,3%	2,1%	0,0%	0,3%	0,0%

Á mynd 4.16 má sjá sömu niðurstöður og á töflu 4.16 en nú hafa þættirnir fimm verið dregnir saman í þrjá þætti til þess að skerpa niðurstöður:



Mynd 4.16 Áhrif menntunar félaga eftir deildum á þá ákvörðun að hefja háskólanám

Hlutfall þeirra sem segja að menntun félaga sinna hafi haft „engin og lítil áhrif” er yfir 75% í öllum deildum. Hlutfallið er stærst í læknadeild rúm 88% og lægst í raunvísindadeild eða tæp 77%. Hæst hlutfall sem segir að menntun félaga sinna hafi haft „mikil og frekar mikil áhrif” á að hafið var nám í háskólanum er í heimspekideild eða tæp 10% en hæst hlutfall segir þáttinn hafa haft „nokkur áhrif” á ákvörðun sína í guðfræðideild eða 22,3%.

Niðurstaða spurningar: Meira en 80% nýnema segja að menntun félaga hafi haft „engin og lítil áhrif” á þá ákvörðun að hefja háskólanám. Ekki er teljandi munur milli svara kynja og deilda.


4I „Menntun fjölskyldu minnar”:

Hvað hafði menntun fjölskyldu mikil áhrif á þá ákvörðun nýnema að hefja nám í háskólanum? Spurningunni svöruðu 985 nýnemar. Tafla 4.17 sýnir niðurstöður svara nýnema allra sem og samanburð á svörum karla og kvenna:

Tafla 4.17 *Áhrif menntunar fjölskyldu*

	Alls	Karlar	Konur
Engin áhrif	52,9%*	54,8%*	52,7%*
Lítill áhrif	17,3%	17,2%	16,3%
Meðal áhrif	15,4%	13,2%	16,4%
Frekar mikil áhrif	9,2%	10,4%	8,6%
Mikil áhrif	5,1%	4,5%	6,0%

Eins og sjá má svaraði marktækt hæst hlutfall nýnema að menntun fjölskyldunnar hefði haft „engin áhrif” á þá ákvörðun að fara í háskóla eða 52,9%. Næst hæst hlutfall svaraði að menntun fjölskyldu hefði haft „lítill áhrif” eða 17,3%, sem er ekki marktækt stærra hlutfall en það sem var í þriðja sæti sem sagði að menntun fjölskyldu hefði haft „nokkur áhrif” eða 15,4%. Á mynd 4.17 eru hóparnir „engin áhrif”, „lítill áhrif”, „nokkur áhrif”, „frekar mikil áhrif” og „mikil áhrif” dregnir saman í þrjá hópa til þess að sýna afstöðu nýnema á skýrari hátt:




Mynd 4.17 *Áhrif menntunar fjölskyldu á þá ákvörðun að hefja háskólanám*

Marktækt flestir segja að menntun fjölskyldu hafi haft „engin og lítil áhrif” eða um 70%. Munurinn á hlutfalli þeirra sem segja að menntun fjölskyldunnar hafi haft „nokkur áhrif” og „mikil og frekar mikil áhrif” er ekki marktækur en um 15% nýnema merktu við þá þætti. Ekki er marktækur munur á svörum karla og kvenna. Á töflu 4.18 má sjá hver munurinn er á svörum milli deilda:

Tafla 4.18 *Áhrif menntunar fjölskyldu eftir deildum*

	Við.&hagd.	Lagad.	Heimspd.	Læknad.	Raunvd.	Guðfrd.	Félagsvd.	Verkfrd.
Engin áhrif	43,2%*	35,9%	62,1%*	57,9%*	51,0%*	67,2%*	54,7%*	44,0%*
Lítill áhrif	23,0%	15,3%	13,3%	14,8%	14,2%	5,4%	20,6%	24,3%
Nokkur áhrif	18,9%	26,6%	14,1%	13,0%	15,2%	5,7%	14,0%	15,7%
Frekar mikil áhrif	9,9%	12,8%	5,0%	8,7%	12,4%	16,3%	7,8%	15,9%
Mikil áhrif	5,0%	9,4%	5,6%	5,6%	7,2%	5,4%	3,0%	0,0%

Á mynd 4.18 má sjá sömu niðurstöður og á töflu 4.18 en nú hafa þættirnir fimm verið dregnir saman í þrjá þætti til þess að skerpa niðurstöður:



Mynd 4.18 *Áhrif menntunar fjölskyldu á þá ákvörðun að hefja háskólanám eftir deildum*

Í öllum deilda segir meirihluti nýnema að menntun fjölskyldu hafi haft „engin og lítil áhrif”, hæst hlutfall í heimspeki- og félagsvíssindadeild eða rúm 75% en lægst hlutfall í lagadeild eða rúm 51%. Marktækt stærra hlutfall segir að menntun fjölskyldu hafi haft „engin og lítil áhrif” í heimspeki- og félagsvíssindadeild annars vegar, en í raunvíssinda

og lagadeild hins vegar. Í lagadeild eru einnig flestir sem segja að menntun fjölskyldu hafi haft „mikil og frekar mikil áhrif” eða 22%, það hlutfall er þó einungis marktækt frábrugðið svörum félagsvíssindadeilda.

Niðurstaða spurningar: Meirihluti nýnema segir menntun fjölskyldu „engin og lítil áhrif” hafa haft á þá ákvörðun að hefja háskólanám. Ekki er marktækur munur á milli svara kynja en marktækan mun má finna á milli ákveðinna deilda.


4J „Háskólamenntun eykur hamingju”:

Hvað hafði það viðhorf að háskólamenntun eykur hamingju mikil áhrif á þá ákvörðun nýnema að hefja nám í háskólanum? Spurningunni svöruðu 983 nýnemar. Tafla 4.19 sýnir niðurstöður svara nýnema allra sem og samanburð á svörum karla og kvenna:

Tafla 4.19 *Áhrif þess að háskólamenntun auki hamingju*

	Alls	Karlar	Konur
Engin áhrif	41,3%*	41,3%*	41,8%*
Lítil áhrif	16,3%	17,1%	15,4%
Nokkur áhrif	26,7%	29,9%	25,7%
Frekar mikil áhrif	10,4%	8,9%	10,6%
Mikil áhrif	5,3%	2,8%	6,4%

Eins og sjá má svaraði marktækt hæst hlutfall nýnema að það að háskólanám yki hamingju hefði haft „engin áhrif” á þá ákvörðun að fara í háskóla eða 41,31%. Næstflestir svöruðu að það að háskólanám yki hamingju hefði haft „nokkur áhrif”, marktækt fleiri en hópurinn sem var í þriðja sæti sem sagði að það að háskólanám yki hamingju hefði haft „lítil áhrif”. Á mynd 4.19 eru hóparnir „engin áhrif”, „lítil áhrif”, „nokkur áhrif”, „frekar mikil áhrif” og „mikil áhrif” dregnir saman í þrjá hópa til þess að sýna afstöðu nýnema á skýrari hátt:




Mynd 4.19 Áhrif þess að háskólamenntun auki hamingju á þá ákvörðun að hefja háskólanám

Hæst hlutfall segir að það að háskólanám auki hamingju hafi haft „engin og lítil áhrif“ eða rúm 57%, næst hæst hlutfall segir þennan þátt hafa haft „nokkur áhrif“ eða um 27% en aðeins rúm 15% segja að það að háskólanám auki hamingju hafi haft „mikil og frekar mikil áhrif“. Marktækur munur er á milli hópanna þriggja. Marktækt stærra hlutfall kvenna en karla segja að það að háskólanám auki hamingju hafi haft „mikil og frekar mikil áhrif“ en á móti segir marktækt stærra hlutfall karla en kvenna að það hafi haft „nokkur áhrif“. Munurinn á því hlutfalli sem svarar að þátturinn hafi haft „engin og lítil áhrif“ á milli kynja er aftur á móti ekki marktækur miðað við 95% öryggismörk.

Tafla 4.20 Áhrif þess að háskólamenntun auki hamingju eftir deildum

Viðs&hagd.	Lagad.	Heimspd.	Læknad.	Raunvd.	Guðfrd.	Félagsvd.	Verkfrd.
Engin áhrif	37,3%	32,2%	43,4%	40,8%*	42,8%*	44,6%*	45,5%*
Lítil áhrif	18,8%	17,4%	9,2%	17,6%	19,7%	16,9%	14,9%
Nokkur áhrif	27,9%	39,2%	30,9%	23,9%	20,7%	22,0%	26,6%
Frekar mikil áhrif	11,9%	7,7%	8,6%	14,6%	9,4%	10,8%	7,2%
Mikil áhrif	4,1%	3,5%	7,9%	3,1%	7,4%	5,7%	5,8%

Á mynd 4.20 má sjá sömu niðurstöður og á töflu 4.20 en nú hafa þættirnir fimm verið dregnir saman í þrjá þætti til þess að skerpa niðurstöður:



Mynd 4.20 Áhrif þess að háskólamenntun auki hamingju á ákvörðun eftir deildum

Í öllum deildum segja um og yfir 50% háskólanema að það að háskólamenntun auki hamingju hafi haft „enginn og lítil áhrif”, hæst hlutfall í verkfræðideild eða tæp 66% en minnst í lagadeild eða tæp 50%, munurinn á milli þessara deilda er þó á mörkunum að vera marktækur. Í deildum háskólans finnst um 10-20% nýnema að það að háskólamenntun auki hamingju hafi haft „mikil og frekar mikil áhrif” á þá ákvörðun að fara í háskólanám.

Niðurstaða spurningar: Meirihluti nýnema segir að það að háskólamenntun auki hamingju hafi haft „engin og lítil áhrif” á þá ákvörðun að hefja háskólanám. Marktækt hærra hlutfalli kvenna finnst þátturinn hafa „mikil og frekar mikil áhrif” en ekki er hægt að tala um teljandi marktækan mun á milli deilda.


4K „Vel launað starf krefst háskólamenntunar”:

Hvað hafði það að vel launað starf krefst háskólamenntunar mikil áhrif á þá ákvörðun nýnema að hefja nám í háskólanum? Spurningunni svöruðu 983 nýnemar. Tafla 4.21 sýnir niðurstöður svara nýnema allra sem og samanburð á svörum karla og kvenna:

Tafla 4.21 Áhrif þess að vel launað starf krefst háskólamenntunar

	Alls	Karlar	Konur
Engin áhrif	10,6%	9,9%	11,2%
Lítill áhrif	7,8%	8,6%	7,4%
Nokkur áhrif	23,5%	25,8%	22,6%
Frekar mikil áhrif	29,7%	29,9%	27,3%
Mikil áhrif	28,3%	25,8%	31,5%

Eins og sjá má svöruðu flestir nýnema því að vel launað starf krefðist háskólamenntunar hefði haft „frekar mikil áhrif” á þá ákvörðun að fara í háskóla eða 29,7%. Ekki var marktækur munur milli þess hóps og þeirra sem svöruðu að það hefði haft „mikil áhrif” eða 28,3%. Hins vegar er marktækur munur á hópnum sem svaraði að það að vel launað starf krefðist háskólamenntunar hefði haft „mikil áhrif”, á þá ákvörðun að fara í háskólanám, og á hópnum sem sagði að þátturinn hefði haft „nokkur áhrif” eða 23,5%. Á mynd 4.21 eru hóparnir „engin áhrif”, „lítill áhrif”, „nokkur áhrif”, „frekar mikil áhrif” og „mikil áhrif” dregnir saman í þrjá hópa til þess að sýna afstöðu nýnema á skýrari hátt:



Mynd 4.21 Áhrif þess að vel launað starf krefst háskólamenntunar á ákvörðun eftir deildum


Hæst hlutfall segir að það að vel launað starf krefjist háskólamenntunar hafi haft „mikil og frekar mikil áhrif” á þá ákvörðun að fara í háskólann eða um 58%. Næst flestir merkja við „nokkur áhrif” eða tæp 24% en fæstir segja að það hafi haft „engin og lítil

áhrif” eða um 18%. Marktækur munur er á milli hópanna þriggja. Munurinn á milli kynja er ekki það mikill að hann teljist marktækur. Á töflu 4.22 má sjá hver munurinn er á svörum milli deilda:

Tafla 4.22 *Áhrif þess, eftir deildum, að vel launað starf krefst háskólamenntunar*

	Viðs&hagd.	Lagad.	Heimspd.	Læknad.	Raunvd.	Guðfrd.	Félagsvd.	Verkfrd.
Engin áhrif	7,4%	4,9%	20,8%	6,5%	15,1%	21,7%	6,9%	12,1%
Lítill áhrif	0,4%	4,0%	13,0%	7,4%	10,0%	22,3%	9,2%	1,8%
Nokkur áhrif	14,1%	21,2%	21,6%	28,7%	28,9%	33,4%	22,1%	26,2%
Frekar mikil áhrif	33,6%	40,8%	22,5%	29,3%	22,9%	17,2%	32,5%	38,0%
Mikil áhrif	44,5%	29,0%	22,0%	28,1%	23,2%	5,4%	29,3%	21,9%

Á mynd 4.22 má sjá sömu niðurstöður og á töflu 4.22 en nú hafa þættirnir fimm verið dregnir saman í þrjá þætti til þess að skerpa niðurstöður:



Mynd 4.22 *Áhrif þess að vel launað starf krefst háskólamenntunar á ákvörðun eftir deildum*

Mikill munur sést á viðhorfum á milli deilda í þessari spurningu. Hæst hlutfall í viðskipta- og hagfræðideild segir að það að vel launað starf krefst háskólamenntunar hafi haft „mikil og frekar mikil áhrif” á þá ákvörðun að fara í háskóla eða rúm 78% en fæstir í guðfræðideild eða tæp 23%. Hæst hlutfall í guðfræðideild segir að það að vel launað starf krefst háskólamenntunar hafi haft „enginn og lítil áhrif” eða tæp 44%.

Marktækur munur er á stærð hlutfalls þeirra sem svara „mikil og frekar mikil áhrif” í viðskipta- og hagfræðideild og öðrum deildum nema lögfræði. Marktækur munur er á stærð þess hlutfalls sem segja að laun hafi „engin og lítil áhrif” í guðfræðideild og öðrum deildum nema heimspekideild.

Niðurstaða spurningar: Meirihluti nýnema segir að það að vel launað starf krefjist háskólamenntuna hafi haft „mikil og frekar mikil áhrif” á þá ákvörðun að hefja háskólanám. Munurinn milli kynja er ekki það mikill að hann teljist marktækur en töluverður munur er á viðhorfi á milli deilda hvað þetta varðar. Þátturinn „vel launað starf krefst háskólamenntunar” hefur haft mest áhrif á ákvörðun nýnema í viðskipta- og hagfræðideild að hefja háskólanám en minnst áhrif á nýnema í guðfræðideild.


4L „Fræðilegur áhugi á greininni (rannsóknarstörf)”:

Hvað hafði fræðilegur áhugi á greininni sem háskólanemar leggja stund á mikil áhrif á þá ákvörðun að hefja nám í háskólanum? Spurningunni svöruðu 985 nýnemar í háskólanum. Tafla 4.23 sýnir niðurstöður svara nýnema allra sem og samanburð á svörum karla og kvenna:

Tafla 4.23 *Áhrif fræðilegs áhuga á greininni*

	Alls	Karlar	Konur
Engin áhrif	7,6%	7,6%	7,2%
Lítil áhrif	12,5%	14,1%	11,5%
Nokkur áhrif	24,6%	24,1%	24,9%
Frekar mikil áhrif	28,4%	26,7%	28,2%
Mikil áhrif	26,9%	27,5%	28,1%

Eins og sjá má svöruðu flestir nýnema að fræðilegur áhugi á greininni hafi haft „frekar mikil áhrif” á þá ákvörðun að fara í háskóla eða 28,4%. Næstflestir svöruðu að fræðilegur áhugi hefði haft „mikil áhrif” eða 26,9%, þar á eftir kemur hópurinn sem sagði að fræðilegur áhugi á greininni hefði haft „nokkur áhrif” eða 24,6%. Ekki er marktækur munur á milli þessara þriggja hópa. Á mynd 4.23 eru hóparnir „engin áhrif”, „lítil áhrif”, „nokkur áhrif”, „frekar mikil áhrif” og „mikil áhrif” dregnir saman í þrjá hópa til þess að sýna afstöðu nýnema á skýrari hátt:




Mynd 4.23 Áhriffræðilegs áhuga á greininni á þá ákvörðun að hefja háskólanám

Marktækt flestir segja að fræðilegur áhugi hafi haft „mikil og frekar mikil áhrif” á að farið var í háskólanám. Næst flestir segja það hafa haft „nokkur áhrif”, marktækt fleiri en þeir sem segja að fræðilegur áhugi hafi haft „engin og lítil áhrif”. Ekki er marktækur munur á svörum kynja við þessari spurningu. Á töflu 4.24 má sjá hver munurinn er á svörum milli deilda:

Tafla 4.24 Áhriffræðilegs áhuga á greininni eftir deildum

	Viðs&hagd.	Lagad.	Heimspd.	Læknad.	Rauvnd.	Guðfrd.	Félagsvd.	Verkfrd.
Engin áhrif	13,6%	5,0%	8,8%	4,4%	5,7%	5,4%	6,9%	10,2%
Lítil áhrif	22,1%	8,8%	9,2%	12,8%	9,4%	5,4%	10,6%	17,8%
Nokkur áhrif	37,1%*	41,6%*	23,2%	17,0%	18,9%	16,9%	21,6%	36,0%
Frekar mikil áhrif	23,5%	23,6%	24,5%	27,6%	39,0%*	33,4%	32,1%	24,1%
Mikil áhrif	3,7%	21,0%	34,3%	38,2%*	27,1%	38,9%	28,9%	11,9%

Á mynd 4.24 má sjá sömu niðurstöður og á töflu 4.24 en nú hafa þættirnir fimm verið dregnir saman í þrjá þætti til þess að skerpa niðurstöður:



Mynd 4.24 Áhriffræðilegs áhuga á greininni eftir deildum

Sjá má talsverðan mun milli svara deilda í þessari spurningu. Hæst hlutfall í guðfræðideild segir að fræðilegur áhugi á greininni hafi haft „mikil og frekar mikil áhrif” á þá ákvörðun að fara í háskóla, eða rúm 71%. Lægst hlutfall í viðskipta- og hagfræðideild segir að fræðilegur áhugi hafi haft „mikil og frekar mikil áhrif” eða rúm 27%. Marktækur munur er á stað hlutfalls þeirra sem svara „mikil og frekar mikil áhrif” í guðfræði-, lækna- og raunvísindadeild annars vegar og verkfræði-, lögfræði og viðskipta- og hagfræðideild hins vegar. Í viðskipta- og hagfræðideild eru einnig flestir sem segja að fræðilegur áhugi hafi haft „enginn og lítil áhrif” eða tæp 36% sem er marktækt stærra hlutfall en í öðrum deildum nema verkfræðideild.

Niðurstaða spurningar: Meirihluti nýnema segir að fræðilegur áhugi á greininni (rannsóknarstörfum) hafi haft „mikil og frekar mikil áhrif” á þá ákvörðun að hefja háskólanám. Munurinn á milli kynja er ekki það mikill að hann teljist marktækur en töluverður munur er á viðhorfi á milli deilda.

4M „Námið er nauðsynlegur grunnur fyrir ákveðið starf”:


Hvað hafði það að námið er nauðsynlegur grunnur fyrir ákveðið starf mikil áhrif á þá ákvörðun nýnema að hefja nám í háskólanum? Spurningunni svöruðu 983 nýnemar.

Tafla 4.25 sýnir niðurstöður svara nýnema allra sem og samanburð á svörum karla og kvenna:

Tafla 4.25 Áhrif bess að námið er nauðsynlegur grunnur fyrir ákveðið starf á ákvörðun

	Alls	Karlar	Konur
Engin áhrif	7,1%	5,1%	8,0%
Lítill áhrif	5,9%	6,5%	5,3%
Nokkur áhrif	14,2%	16,5%	13,7%
Frekar mikil áhrif	23,8%	24,3%	21,4%
Mikil áhrif	49,1%*	47,5%*	51,6%*

Eins og sjá má svöruðu marktækt flestir nýnema að það að námið væri nauðsynlegur grunnur fyrir ákveðið starf hefði haft „mikil áhrif” á þá ákvörðun að fara í háskóla eða 49,1%. Næstflestir svöruðu að það hefði haft „frekar mikil áhrif” eða 23,8%, marktækt fleiri en hópurinn sem kom þar á eftir sem sagði að það að námið væri góður grunnur fyrir ákveðið starf hefði haft „nokkur áhrif” eða 14,2%. Á mynd 4.25 eru hóparnir „engin áhrif”, „lítill áhrif”, „nokkur áhrif”, „frekar mikil áhrif” og „mikil áhrif” dregnir saman í þrjá hópa til þess að sýna afstöðu nýnema á skýrari hátt.



Mynd 4.25 Áhrif bess að námið er nauðsynlegur grunnur fyrir ákveðið starf á ákvörðun


Meirihluti nýnema segir að það að námið sé nauðsynlegur grunnur fyrir ákveðið starf hafi haft „mikil og frekar mikil áhrif” á þá ákvörðun að fara í háskóla eða tæp 73%.

Ekki er marktækur munur á milli þeirra sem sögðu að það hefði haft „nokkur áhrif” og þess hóps sem sagði að það hefði haft „engin og lítil áhrif” en báðir hópar eru rétt yfir 10%. Ekki er marktækur munur á svörum kynjanna við þessari spurningu. Á töflu 4.26 má sjá hver munurinn er á svörum milli deilda:

Tafla 4.26 *Áhrif þess að námið er grunnur fyrir ákveðið starf*

	Viðs&hagd.	Lagad.	Heimspd.	Læknad.	Raunvd.	Guðfrd.	Félagsvd.	Verkfrd.
Engin áhrif	3,3%	2,9%	23,5%	1,1%	2,6%	11,1%	7,0%	2,0%
Lítil áhrif	5,9%	2,0%	12,0%	0,6%	4,5%	0,0%	7,8%	10,0%
Nokkur áhrif	16,8%	10,9%	20,7%	4,2%	21,9%	0,0%	13,5%	19,8%
Frekar mikil áhrif	36,5%	28,5%	18,1%	13,3%	29,1%	39,2%	21,7%	42,6%
Mikil áhrif	37,5%	55,7%*	25,8%	80,7%*	41,8%*	49,7%	49,9%*	25,5%

Á mynd 4.26 má sjá sömu niðurstöður og á töflu 4.26 en nú hafa þættirnir fimm verið dregnir saman í þrjá þætti til þess að skerpa niðurstöður:



Mynd 4.26 *Áhrif þess að námið er góður grunnur fyrir ákveðið starf á ákvörðun eftir deildum*

Nokkur munur er á svarhlutföllum á milli deilda. Hæst hlutfall í læknadeild segir að það að námið sé nauðsynlegur grunnur fyrir ákveðið starf hafi haft „mikil og frekar mikil áhrif” eða 94%. Lægst hlutfall í heimspekideild segir að það að námið sé góður grunnur fyrir ákveðið starf hafi haft „mikil og frekar mikil áhrif” eða tæp 43%, en í heimspekideild er einnig hæst hlutfall þeirra sem merktu við „engin og lítil áhrif” eða rúm 35%. Marktækt hæst hlutfall í læknadeild svarar „mikil og frekar mikil áhrif”

miðað við aðrar deildir nema guðfræðideild, en marktækt fæstir í heimspekideild miðað við aðrar deildir.

Niðurstaða spurningar: Yfir 70% nýnema segir að það að námið er nauðsynlegur grunnur fyrir ákveðið starf hafi haft „mikil og frekar mikil áhrif” á þá ákvörðun að hefja háskólanám. Munurinn á milli kynja er ekki það mikill að hann teljist marktækur en marktækur munur er á viðhorfi á milli ákveðinna deilda.


4N „Námið er góður grunnur fyrir ýmis störf”:

Hvað hafði það að námið er góður grunnur fyrir ýmis störf mikil áhrif á þá ákvörðun nýnema að hefja nám í háskólanum? Spurningunni svöruðu 985 nýnemar. Tafla 4.27 sýnir niðurstöður svara nýnema allra sem og samanburð á svörum karla og kvenna:

Tafla 4.27 *Áhrif þess að námið er góður grunnur fyrir ýmis störf*

	Alls	Karlar	Konur
Engin áhrif	3,6%	5,2%	2,5%
Lítill áhrif	6,4%	10,0%	4,8%
Nokkur áhrif	15,8%	13,7%	16,6%
Frekar mikil áhrif	35,7%	42,8%*	30,0%
Mikil áhrif	38,5%	28,3%	46,0%*

Eins og sjá má svöruðu flestir nýnema að það að námið væri góður grunnur fyrir ýmis störf hefði haft „mikil áhrif” á þá ákvörðun að fara í háskóla eða 38,5%. Næstflestir svöruðu að það hefði haft „frekar mikil áhrif” eða 35,7% en munurinn er ekki marktækur á milli hópanna tveggja. Hins vegar sögðu marktækt færri að það að námið væri góður grunnur fyrir ýmis störf hefði haft „nokkur áhrif” eða 15,8%. Athyglisvert er að hæst hlutfall kvenna merkir við „mikil áhrif” en hæst hlutfall karla við „frekar mikil áhrif”. Á mynd 4.27 eru hóparnir „engin áhrif”, „lítill áhrif”, „nokkur áhrif”, „frekar mikil áhrif” og „mikil áhrif” dregnir saman í þrjá hópa til þess að sýna afstöðu nýnema á skýrari hátt.




Mynd 4.27 Áhrif þess að námið er góður grunnur fyrir ýmis störf á þá ákvörðun að heffa háskólanám

Marktækt flestir segja að það að námið sé góður grunnur fyrir ýmis störf hafi haft „mikil og frekar mikil áhrif“ á þá ákvörðun að fara í háskóla eða rúm 74%. Marktækur munur er á milli þeirra sem sögðu að það hefði haft „nokkur áhrif“ eða tæp 16% og þess hóps sem sagði að það hefði haft „engin og lítil áhrif“ eða tæp 10%. Marktækt fleiri karlar en konur merkja við að það að námið sé góður grunnur fyrir ýmis störf hafi haft „engin og lítil áhrif“. Í hópi þeirra sem merktu við „nokkur áhrif“ og „mikil og frekar mikil áhrif“ er ekki marktækur munur milli karla og kvenna. Á töflu 4.28 má sjá hver munurinn er á svörum milli deilda:

Tafla 4.28 Áhrif þess að námið er góður grunnur fyrir ýmis störf eftir deildum

	Viðs&hagd.	Lagad.	Heimspd.	Læknad.	Raunvd.	Guðfrd.	Félagsvd.	Verkfrd.
Engin áhrif	1,0%	1,5%	1,7%	8,1%	2,7%	5,4%	2,3%	2,0%
Lítil áhrif	2,8%	0,0%	1,9%	16,2%	6,9%	16,9%	3,5%	0,0%
Nokkur áhrif	8,4%	5,4%	14,7%	18,0%	19,9%	11,5%	19,3%	21,9%
Frekar mikil áhrif	36,3%	41,4%	39,7%	30,8%	34,3%	33,4%	37,7%	34,6%
Mikil áhrif	51,5%*	51,7%	41,9%	27,0%	36,2%	32,8%	37,1%	41,5%

Á mynd 4.28 má sjá sömu niðurstöður og á töflu 4.28 en nú hafa þættirnir fimm verið dregnir saman í þrjá til þess að skerpa niðurstöður:



Mynd 4.28 Áhrif þess að námið er góður grunnur fyrir ýmis störf á ákvörðun eftir deildum

Nokkur munur er á svörum milli deilda. Hæst hlutfall í lagadeild segir að það að námið sé góður grunnur fyrir ýmis störf hafi haft „mikil og frekar mikil áhrif“ á þá ákvörðun að fara í háskólanám eða rúm 93%, en lægst hlutfall í læknadeild eða tæp 58%. Munurinn á lagadeild og öðrum deildum er marktækur ef frá er skilin viðskipta- og hagfræðideild. Í tveimur deildum, lækna- og guðfræðideild, er hlutfallið sem segir að það að námið gefi góðan undirbúning fyrir ýmis störf hafi haft „enginn og lítil áhrif“ yfir 20%. Hlutfallið í þessum tveimur deildum er marktækt frábrugðið samsvarandi hlutfalli annarra deilda.

Niðurstaða spurningar: Yfir 70% nýnema segir að það að námið sé góður grunnur fyrir ýmis störf hafi haft „mikil og frekar mikil áhrif“ á þá ákvörðun að hefja háskólanám. Marktækta stærra hlutfall karla en kvenna merkir við „engin og lítil áhrif“. Að öðru leyti er munurinn á milli kynjanna ekki marktækur. Marktækur munur er á milli nokkurra deilda í þessari spurningu.


4O „Námið gefur alhliða undirbúning fyrir lífið”:

Hvað hafði það að námið gefur alhliða undirbúning fyrir lífið mikil áhrif á þá ákvörðun nýnema að hefja nám í háskólanum? Spurningunni svöruðu 984 nýnemar. Tafla 4.29 sýnir niðurstöður svara nýnema allra sem og samanburð á svörum karla og kvenna:

Tafla 4.29 *Áhrif þess að námið gefur alhliða undirbúning fyrir lífið*

	Alls	Karlar	Konur
Engin áhrif	5,8%	5,0%	7,0%
Lítill áhrif	11,7%	16,8%	8,3%
Nokkur áhrif	28,0%	25,7%	26,9%
Frekar mikil áhrif	30,1%	33,7%*	27,4%
Mikil áhrif	24,4%	18,9%	30,4%

Eins og sjá má svöruðu flestir nýnema að það að námið gæfi alhliða undirbúning fyrir lífið hefði haft „frekar mikil áhrif” á þá ákvörðun að fara í háskóla eða 30,1%. Næstflestir svöruðu að það hefði haft „nokkur áhrif” eða 28,0%, en þar á eftir kemur hópurinn sem sagði að það að námið gefi alhliða undirbúning fyrir lífið hefði haft „mikil áhrif” eða 24,4%. Af þessum þremur hópum er aðeins marktækur munur milli fjölda þeirra sem völdu „frekar mikil áhrif” og „mikil áhrif”. Á mynd 4.29 eru hóparnar „engin áhrif”, „lítill áhrif”, „nokkur áhrif”, „frekar mikil áhrif” og „mikil áhrif” dregnir saman í þrjá hópa til þess að sýna afstöðu nýnema á skýrari hátt:




Mynd 4.29 *Áhrif þess að námið gefur alhliða undirbúning fyrir lífið*

Marktækt flestir segja að það að námið gefi alhliða undirbúning fyrir lífið hafi haft „mikil og frekar mikil áhrif” á þá ákvörðun að fara í háskóla eða rúm 54%. Næst á eftirkemur hópurinn sem segir að þátturinn hafi haft „nokkur áhrif” eða 28%, marktækt fleiri en þeir sem sögðu að þátturinn hefði haft „engin og lítil áhrif” eða rúm 17%. Marktækur munur er á svörum kynjanna við þessari spurningu. Stærra hlutfall karla en kvenna svöruðu að það að námið gæfi alhliða undirbúning undir lífið hefði „engin og lítil áhrif” en á móti svaraði marktækt stærra hlutfall kvenna að það hefði haft „mikil og frekar mikil áhrif”. Ekki var marktækur munur á milli kynja með tilliti til stærðar hlutfalls þeirra sem merkti við „nokkur áhrif”.

Tafla 4.30 *Áhrif þess að námið gefur alhliða undirbúning fyrir lífið eftir deildum*

	Við&hagd.	Lagad.	Heimspd.	Læknad.	Rauvnd.	Guðfrd.	Félagsvd.	Verkfrd.
Engin áhrif	4,3%	0,0%	5,2%	7,4%	10,8%	5,4%	4,9%	3,9%
Lítil áhrif	5,4%	11,3%	5,6%	16,5%	16,7%	11,5%	9,9%	20,0%
Nokkur áhrif	26,8%	33,0%	24,5%	30,5%	30,4%*	11,5%	24,3%	36,6%
Frekar mikil áhrif	31,6%	31,5%	33,0%	30,6%	23,4%	11,5%	33,7%	22,1%
Mikil áhrif	31,9%	24,2%	31,7%	15,0%	18,8%	60,2%*	27,2%	17,4%

Á mynd 4.30 má sjá sömu niðurstöður og á töflu 4.30 en nú hafa þættirnir fimm verið dregnir saman í þrjá þætti til þess að skerpa niðurstöður;



Mynd 4.30 *Áhrif menntunar félaga á þá ákvörðun að hefja háskólanám eftir deildum*

Hæst hlutfall í guðfræðideild segir að það að námið gefi alhliða undirbúning fyrir lífið hafi haft „mikil og frekar mikil áhrif” eða tæp 72%, en lægst í verkfræðideild eða rúm 39%. Hæst hlutfall í raunvísindadeild segir að það að námið gefi undirbúning undir lífið hafi haft „enginn og lítil áhrif” eða tæp 28%. Marktækur munur er á milli hlutfalls þeirra sem segja „mikil og frekar mikil áhrif” á milli viðskipta- og hagfræðideilda, guðfræði- og félagsvísindadeilda annars vegar og lækna-, raunvísinda- og verkfræðideilda hins vegar.

Niðurstaða spurningar: Meira en helmingur nýnema segja að það að háskólanám gefi alhliða undirbúning fyrir lífið hafi haft „mikil og frekar mikil áhrif” á þá ákvörðun að hefja háskólanám. Marktækt fleiri konur en karlar segja þennan þátt hafa haft „mikil og frekar mikil áhrif” á ákvörðun sína og marktækur munur er einnig á svörum milli ákveðinna deilda.

4P „Námið gefur möguleika á starfi erlendis”:


Hvað hafði það að námið gefur möguleika á starfi erlendis mikil áhrif á þá ákvörðun nýnema að hefja nám í háskólanum? Spurningunni svöruðu 984 nýnemar. Tafla 4.31 sýnir niðurstöður svara nýnema allra sem og samanburð á svörum karla og kvenna:

Tafla 4.31 Áhrif þess að námið gefur möguleika á starfi erlendis

	Alls	Karlar	Konur
Engin áhrif	12,0%	9,8%	14,1%
Lítill áhrif	8,5%	10,0%	7,4%
Nokkur áhrif	19,7%	19,3%	19,9%
Frekar mikil áhrif	29,5%	36,3%*	26,3%
Mikil áhrif	30,4%	24,6%	32,3%*

Eins og sjá má svöruðu flestir nýnema að það að námið gæfi möguleika á starfi erlendis hefði haft „mikil áhrif” á þá ákvörðun að fara í háskóla eða 30,4%. Næstflestir svöruðu að það hefði haft „frekar mikil áhrif” eða 29,5%. Ekki er marktækur munur á milli hópanna tveggja. Marktækt færri svöruðu hins vegar að það að námið gæfi möguleika á starfi erlendis hefði haft „nokkur áhrif” eða 19,7%. Athyglisvert er að hæst hlutfall kvenna merkir við „mikil áhrif” en hæst hlutfall karla við „frekar mikil áhrif”. Á mynd

4.31 eru „engin áhrif”, „lítill áhrif”, „nokkur áhrif”, „frekar mikil áhrif” og „mikil áhrif” dregnir saman í þrjá hópa til þess að sýna afstöðu nýnema á skýrari hátt:




Mynd 4.31 Áhrif þess að námið gefur möguleika á starfi erlendis á þá ákvörðun að hefja háskólanám

Marktækt flestir segja að það að námið gefi möguleika á starfi erlendis hafi haft „mikil og frekar mikil áhrif” á þá ákvörðun að fara í háskóla eða tæp 60%. Ekki er marktækur munur á milli þeirra sem sögðu að þátturinn hefði haft „nokkur áhrif” og þeirra sem sögðu að hann hefði haft „engin og lítil áhrif” en báðir hópar eru um 20%. Ekki er marktækur munur á svörum milli kynja. Á töflu 4.32 má sjá hver munurinn er á svörum milli deilda:

Tafla 4.32 Áhrif þess að námið gefur möguleika á starfi erlendis eftir deildum

	Við&hagd.	Lagad.	Heimspd.	Læknad.	Rauvnd.	Guðfrd.	Félagsvd.	Verkfrd.
Engin áhrif	1,9%	13,2%	21,5%	7,3%	15,2%	33,4%	11,9%	11,9%
Lítill áhrif	3,6%	19,2%	8,0%	4,0%	12,9%	5,4%	10,1%	13,9%
Nokkur áhrif	30,3%	24,2%	13,9%	15,1%	12,7%	33,1%	22,7%	24,1%
Frekar mikil áhrif	32,7%	24,2%	26,9%	36,2%	30,5%	16,9%	25,2%	24,3%
Mikil áhrif	31,5%	19,3%	29,7%	37,3%	28,6%	11,1%	30,1%	25,8%

Á mynd 4.32 má sjá sömu niðurstöður og á töflu 4.32 en þættirnir fimm hafa verið dregnir saman í þrjá þætti til þess að skerpa niðurstöður:



Mynd 4.32 Áhrif þess að starfið gefur möguleika á starfi erlendis á ákvörðun eftir deildum

Hæst hlutfall í læknadeild segir að það að námið gefi möguleika á starfi erlendis hafi haft „mikil og frekar mikil áhrif“ á að nám var hafið í háskólanum eða rúm 73%, en minnstur hluti í guðfræðideild eða 28%. Marktækt stærra hlutfall í læknadeild merkir við „mikil og frekar mikil áhrif“ heldur en í öllum öðrum öðrum deildum nema viðskipta- og hagfræðideild.

Niðurstöða spurningar: Um 60% nýnema segja að það að háskólanám gefi möguleika á starfi erlendis hafi haft „mikil og frekar mikil áhrif“ á þá ákvörðun að hefja háskólanám. Ekki er marktækur munur á milli hlutfalls svara kynja við þessari spurningu. Nokkuð er hins vegar um marktækan mun á milli deilda en svör eru mjög ólík á milli til dæmis guðfræði- og læknadeilda.


4Q „Mér finnst gaman að vera í námi“:

Hvað hafði það að finnast gaman að vera í námi mikil áhrif á þá ákvörðun nýnema að hefja nám í háskólanum? Spurningunni svoruðu 985 nýnemar. Tafla 4.33 sýnir niðurstöður svara nýnema allra sem og samanburð á svörum karla og kvenna:

Tafla 4.33 Áhrif þess að gaman er í námi

	Alls	Karlar	Konur
Engin áhrif	6,7%	12,5%	3,1%
Lítill áhrif	9,4%	12,7%	5,6%
Nokkur áhrif	21,3%	26,4%	16,4%
Frekar mikil áhrif	33,8%*	36,5%*	33,9%
Mikil áhrif	28,9%	11,9%	41,0%*

Eins og sjá má svöruðu marktækt flestir nýnema að það að þeim þætti gaman í námi hefði haft „frekar mikil áhrif” á þá ákvörðun að fara í háskóla eða 33,8%. Næstflestir svöruðu að það hefði haft „mikil áhrif” eða 28,9%, en sá hópur er marktækt stærri en sá sem kemur þar á eftir sem sagði að það að þeim þætti gaman í námi hefði haft „nokkur áhrif” eða 21,3%. Athyglisvert er að hæst hlutfall kvenna merkir við „mikil áhrif” en hæst hlutfall karla við „frekar mikil áhrif”, þetta er sama mynstur og mátti sjá í spurningum 4N og 4P. Á mynd 4.33 eru hóparnir „engin áhrif”, „lítill áhrif”, „nokkur áhrif”, „frekar mikil áhrif” og „mikil áhrif” dregnir saman í þrjá hópa til þess að sýna afstöðu nýnema á skýrari hátt:



Mynd 4.33 Áhrif þess að nýnemum þykir gaman í námi á þá ákvörðun að hefja háskólanám


Marktækt flestir segja að það að gaman sé að vera í námi hafi haft „mikil og frekar mikil áhrif” á þá ákvörðun að fara í háskóla eða rúm 63%. Næst stærsti hópurinn segir að það hafi haft „nokkur áhrif” eða 21,3%, marktækt stærra hlutfall en þeir sem sögðu að það hefði „engin og lítil áhrif” haft sem rúm 16% merktu við. Marktækur munur er á

svörum kynjanna við þessari spurningu. Mún stærra hlutfall kvenna en karla segir að það að sér þyki gaman að vera í námi hafi haft „mikil og frekar mikil áhrif” á þá ákvörðun að hefja háskólanám. Marktækt stærra hlutfall karla en kvenna svara þar hinsvegar að þátturinn hafi haft „engin og lítil áhrif” og „nokkur áhrif”. Á töflu 4.34 má sjá hver munurinn er á svörum milli deilda:

Tafla 4.34 *Áhrif þess að gaman er í námi á ákvörðun eftir deildum*

	Viðs&hagd.	Lagad.	Heimspd.	Læknad.	Raunvd.	Guðfrd.	Félagsvd.	Verkfrd.
Engin áhrif	5,6%	8,8%	1,7%	9,5%	11,4%	11,1%	5,2%	6,1%
Lítil áhrif	17,2%	5,9%	10,8%	4,4%	10,1%	11,5%	6,0%	21,9%
Nokkur áhrif	29,4%	22,6%	14,3%	17,8%	23,3%	22,3%	23,6%	20,5%
Frekar mikil áhrif	31,8%	34,0%	33,6%	41,0%*	26,6%	5,7%	32,0%	37,8%
Mikil áhrif	16,0%	28,7%	39,7%	27,3%	28,6%	49,4%*	33,2%	13,7%

Á mynd 4.34 má sjá sömu niðurstöður og á töflu 4.34 en nú hafa þættimir fimm verið dregnir saman í þrjá til þess að skerpa niðurstöður:



Mynd 4.34 *Áhrif þess að gaman er í námi á þá ákvörðun að hefja háskólanám eftir deildum*

Hæst hlutfall í heimspekkideild segir að það að sér þyki gaman í námi hafi haft „mikil og frekar mikil áhrif” á þá ákvörðun að hefja nám í háskólanum eða rúm 73%, en fæstir í viðskipta- og hagfræðideild eða tæp 48%. Hæst hlutfall í verkfræðideild segir að það að sér þyki gaman í námi hafi haft „engin og lítil áhrif” á þá ákvörðun að hefja nám í


háskólanum eða rúm 28%. Marktækt stærra hlutfall í heimspekkideild segir þáttinn hafa haft „mikil og frekar mikil áhrif” en í verkfræði- og viðskipta- og hagfræðideild. Marktækt stærra hlutfall í verkfræðideild segir „engin og lítil áhrif” miðað við félagsvísinda-, heimspeki- og læknadeild.

Niðurstaða spurningar: Rúm 60% nýnema segja að það að þeim finnist gaman að læra hafi haft „mikil og frekar mikil áhrif” á þá ákvörðun að hefja háskólanám. Marktækt stærra hlutfall kvenna segir að þátturinn hafi haft „mikil og frekar mikil áhrif” á þá ákvörðun að fara í háskólanám. Nokkuð er um marktækan mun á milli deilda.

4R Samantekt

Nýnemar alls:

Til þess að fá gleggri mynd af þeim þáttum sem skipta nýnema mestum er þeir hefja háskólanám hafa á mynd 4.35 verið teknir saman þeir þættir sem í flestum tilvikum var merkt við „mikil og frekar mikil áhrif” og „nokkur áhrif”. Þáttunum er raðað í röð eftir því hvar oftast var merkt við „mikil og frekar mikil áhrif”.



Mynd 4.35 *Þeir þættir sem höfðu mest áhrif á ákvörðun nýnema*

Eins og myndin að ofan sýnir, eru flestir nýnemar þeirrar skoðunar að það að námið sé „góður grunnur fyrir ýmis störf” hafi haft „mikil og frekar mikil áhrif” á þá ákvörðun að hefja háskólanám eða rúm 74%. Þegar þeir sem merktu við „nokkur áhrif” bætast við má sjá að um 90% nýnema í háskólanum telja þennan þátt hafa haft „nokkur eða mikil og frekar mikil áhrif” á þá ákvörðun að fara í háskóla. Aðrir þættir sem fleiri en 60% nýnema merktu við að hefðu haft „mikil og frekar mikil áhrif” á þá ákvörðun að fara í háskóla eru: „ahugavert starf krefst háskólamenntunar”, „námið er nauðsynlegur grunnur fyrir ákveðið starf” og „mér finnst gaman að vera í námi”. Samkvæmt þessum

niðurstöðum virðast nýnemar almennt vera í háskólanámi til þess að undirbúa sig undir vinnmarkaðinn og eiga kost á áhugaverðu starfi. Nýnemar sækjast eftir því að háskólanám þeitra sé góður undirbúningur fyrir ýmis störf og ákveðin störf. Sá undirbúningur gæti einmitt verið forsenda fyrir að tryggja þeim „áhugavert starf”.

Það að svo miklum fjölda háskólanema skuli þykja gaman í námi má tengja við kafla átta hér á eftir sem fjallar um arðsemi háskólanáms. Háskólanám ætti ekki að þurfa að skila eins hárri fjárhagslegri arðsemi ef stór ástæða fyrir því að nýnemar velja háskólanám sé vegna þess að þeim þyki „gaman að vera í námi”. Þá er ljóst að þeir einblína ekki eingöngu á fjárhagslegan arð frá námi sínu.

Ef litið er á önnur svör sem yfir 50% nýnema merktu við að hefðu haft „mikil og frekar mikil áhrif” á að þeir völdu háskólanám bætast við þættirnir: „námið gefur möguleika á starfi erlendis”, „vel launað starf krefst háskólamenntunar”, „fræðilegur áhugi á greininni (rannsóknarstörf)”, „námið gefur alhliða undirbúning undir lífið” og „háskólamenntun eykur lífsþroska”. Það hve mörgum finnst þátturinn „möguleiki á starfi erlendis” hafa „mikil og frekar mikil áhrif” á þá ákvörðun að hefja háskólanám, sýnir að háskólanemar hafa áhuga á sveigjanleika í vali á starfi eftir háskólanám. Þátturinn er þó ekki eins hátt á lista ef einnig er miðað við þá sem merktu við „nokkur áhrif”. Það að „vel launað starf kefjist háskólamenntunar” skiptir nýnema greinilega talsverðu máli er þeir ákveða að hefja nám í Háskóla Íslands. Þættirnir „námið gefur alhliða undirbúning undir lífið” og „háskólanám eykur lífsþroska” hafa einnig haft áhrif á ákvörðunina að fara í háskóla en þeir benda til þess að nýnemar vonist til þess að fá ákveðin þroska og einstaklingsbundin undirbúning fyrir lífið úr háskólanámi.

Athyglisvert er að skoða þá þætti sem höfðu almennt ekki áhrif á þá ákvörðun háskólanema að hefja háskólanám. Þeir þættir sem meira en 80% háskólanema sögðu að hefðu haft „lítill eða engin áhrif” á þá ákvörðun að fara í háskólanám eru „fékk ekki inngöngu í annað nám” og „menntun félaga minna”. Sú ástæða að háskólanemar fengu „ekki inngöngu í annað nám” er í algjörum sérflokki hvað varðar fjölda nýnema, sem svara „lítill eða enginn áhrif” (tæp 95%). Niðurstaða spurningarinnar bendir til að þeir sem hefja nám í háskólanum hafi almennt ekki verið með annað nám í huga. Spurningin endurspeglar einnig ef til vill þá staðreynd að innganga er í fáum tilvikum takmörkuð í

námsleiðir á háskólastigi hérlandis⁸ og Háskóli Íslands er stærsta og eina alhliða menntastofnunin á háskólastigi á Íslandi.


Þeir þættir sem 70- 80% háskólanema sögðu að hefðu haft „lítill eða engin áhrif” á þá ákvörðun að fara í háskóla eru: „vel launað starf stóð ekki til boða”, „menntun fjölskyldu minnar” og „áhugavert starf stóð ekki til boða”. Eins og sjá má á mynd 4.35 segja um helmingi fleiri háskólanemar að „menntun fjölskyldu” hafi skipt „miklu og frekar miklu máli” heldur en „menntun félaga”. Athyglisvert er einnig að bera saman annars vegar þættina „vel launað starf stóð ekki til boða” og „áhugavert starf stóð ekki til boða”, sem 25-30% háskólanema merktu við að hefðu haft „nokkur eða mikil og frekar mikil áhrif” á að þeir fóru í háskóla, og hins vegar þættina „vel launað starf krefst háskólamenntunar” og „áhugavert starf krefst háskólamenntunar”, sem yfir 80% háskólanema merkja við að hafi haft „nokkur eða mikil og frekar mikil áhrif”. Í raun virðist hægt að dæma af þessu að nýnemar telji almennt að háskólanám geti fært þeim „áhugavert” og „vel launað starf”. Þeir virðast hins vegar almennt vera komnir í háskóla vegna þess að þeir hafi reynt að fá „áhugavert” og „vel launað starf” á vinnumarkaði og það ekki tekist.

Er leitað var viðhorfa til þess hvort „háskólamenntun eykur hamingju” og hvort „óvissa um hvað ég vildi gera” hefði ráðirð því að farið var í nám merktu 55-65% háskólanema að það hefði haft „engin og lítil áhrif” á þá ákvörðun þeirra að fara í háskólann. Af því má dæma að almennt varð háskólinn ekki fyrir valinu fyrir tilviljun, heldur vegna ákveðinar ástæðu. Einnig virðist ljóst að nýnemar eru almennt ekki komnir í háskólann til þess að leita að „hamingjunni” og athyglisvert er hvað þessi þáttur hafði lítil áhrif á ákvörðun nýnema miðað við hvað aðrir þættir sem einhverjir kynnu að tengja hamingju eins og þættir „áhugavert starf krefst háskólamenntunar”, „háskólanám eykur lífsþroska”, „mér finnst gaman að vera í námi” og „námið er alhliða undirbúningur fyrir lífið” hafa mikil áhrif.

⁸ Inntökuskilyrði eru aðeins að bestu vitund höfundar í Leiklistarskóla Íslands, Kennaraháskóla Íslands og Myndlistar- og handíðarskóla Íslands og Samvinnuskólanum á Bifröst, hér er átt við skilyrði önnur en eða auk framhaldsskólaprófs.

Munur á svörum kynja:

Til þess að einfalda samanburð á svörum kynja er á mynd 4.36 bornir saman þeir þættir sem kynin sögðu að hefðu haft „mikil og frekar mikil áhrif” á þá ákvörðun að hefja háskólanám:



Mynd 4.36 Þeir þættir sem höfðu mest áhrifí ákvörðun karla og kvenna að fara í háskóla

Eins og sjá má merkir hæst hlutfall karla við að þátturinn „áhugavert starf krefst háskólamennunar” hafi haft „mikil og frekar mikil áhrif” á þá ákvörðun að hefja nám í háskólanum eða um 78% karla en 71% kvenna. Þessi munur er tölfræðilega marktækur. Hæst hlutfall kvenna merkir við að þátturinn „námið er grunnur góður fyrir ýmis störf” hafi haft „mikil og frekar mikil áhrif” á þá ákvörðun að fara í háskólanám en ekki er marktækur munur á þessu hlutfalli milli karla og kvenna.

Stærstur munur á svörum kynjanna um hvað hafi haft „mikil og frekar mikil áhrif” á þá ákvörðun að fara í háskólanám er við þættina „mér finnst gaman að vera í námi”, en um 75% kvenna sögðu þennan þátt hafa „mikil og frekar mikil áhrif” en 48% karla. Þátturinn hafði hlutfallslega „mikil og frekar mikil áhrif” á ákvörðun næst hæst hlutfall kvenna að fara í háskólanám. Marktækur munur er ekki á hlutfalli kvenna sem voru


þessarar skoðunar og hlutfalli kvenna sem valdi þáttinn „námið er góður grunnur fyrir ýmis störf”.

Næst mestur munur á svörum kynjanna er við þættinum „námsárangur í framhaldsskóla”. Stærra hlutfall kvenna en karla segir þennan þátt hafa haft „mikil og frekar mikil áhrif” á þá ákvörðun að hefja háskólanám eða 37% kvenna á móti 27% karla. Þessi munur er tölfræðilega marktækur.

Önnur dæmi um áberandi mun á svörum kynjanna, eru í þáttunum „háskólanám eykur lífsþroska”, „námið er alhliða undirbúningur undir lífið” og „háskólamenntun eykur hamingju”. Marktækt stærra hlutfall kvenna segja þessa þætti hafa haft „mikil og frekar mikil áhrif” á þá ákvörðun að fara í háskóla. Þessar niðurstöður má tengja við arðsemismatið sem framkvæmt er á hópunum í kafla 8. Draga mætti þá ályktun að öllu jöfnu að konur þyrftu ekki að gera eins mikla arðsemiskröfu og karlar til „fjárfestingar” í háskólaprófi þar sem þær virðast í meiri mæli vænta fjölbreyttari ávinnings af námi sínu en fjárhagslegs. Konur eru fremur í námi en karlar vegna þess að þeim finnst „gaman að vera í námi”, vegna þess að „námið eykur lífsþroska”, það „veitir alhliða undirbúning undir lífið” og „eykur hamingju”. Það ber að taka fram í þessu sambandi að ekki er teljandi marktækur munur á viðhorfum kynjanna varðandi aðra þætti, þar með talin áhrif „fræðilegs áhuga á greininni” á ákvörðun að fara í háskólanám.

Munur á svörum deilda:

Á mynd 4.37 má sjá yfirlit yfir svör deilda miðað við þá þrjá þætti sem voru efstir með tilliti til nýnema alls.



Mynd 4.37 *Þeir þættir sem höfðu mest áhrif á ákvörðun eftir deildum*

Eins og sjá má á mynd 4.37 eru svör nokkuð mismunandi milli deilda þegar skoðaðir eru þeir þrír þættir sem nemendur merktu oftast við að hefðu haft „mikil og frekar mikil áhrif” á að þeir fóru í háskóla. Þegar litið er á þáttinn „námið er góður grunnur fyrir ýmis störf” má sjá að hann hafði „mikil og frekar mikil áhrif” á yfir 80% nýnema í viðskipta- og hagfræði-, lögfræði- og heimspekkideild. Hæst hlutfall nýnema í lögfræðideild segir þennan þátt hafa haft „mikil og frekar mikil áhrif” á þá ákvörðun að fara í háskóla eða 93%. Áberandi lægst hlutfall í læknadeild segir þennan þátt hafa haft „mikil og frekar mikil áhrif” á þá ákvörðun að fara í háskóla eða tæp 58%.

Næst hæst hlutfall nýnema alls sagði að það að „áhugavert starf krefst háskólamenntunar” hefði „mikil og frekar mikil áhrif”. Hæst hlutfall viðskipta- og hagfræði- og lögfræðideildar segir að þátturinn hafi haft „mikil og frekar mikil áhrif” á þá ákvörðun að fara í háskólanám eða um 84% í báðum deildum. Í öðrum deildum hafði þátturinn alls staðar „mikil og frekar mikil áhrif” á yfir 60% nýnema nema í

guðfræðideild þar sem aðeins rúm 50% sögðu þennan þátt hafa haft „mikil og frekar mikil áhrif” á þá ákvörðun að fara í háskólanám.

Þriðja hæst hlutfall nýnema alls merkti við að þátturinn „námið er nauðsynlegur grunnur fyrir ákveðið starf” hefði haft „mikil og frekar mikil áhrif” á þá ákvörðun að fara í háskóla. Flestir nýnemar í læknadeild segja að þessi þáttur hafi haft „mikil og frekar mikil áhrif” á þá ákvörðun að fara í háskólanám eða 94%. Nýnemar guðfræði- og lögfræðideildar eru einnig margir þessarar skoðunar, eða um 89%. Í guðfræðideild en 84% í lögfræðideild. Í öllum öðrum deildum nema einni merktu um og yfir 70% nýnema við að þessi þáttur hefði haft „mikil og frekar mikil áhrif” á þá ákvörðun að fara í háskólanám. Í heimspekkideild merktu aðeins um 44% við að það að „námið er grunnur fyrir ákveðið starf” sem nokkuð sem hefði haft „mikil og frekar mikil áhrif” á þá ákvörðun að fara í háskóla.

Einn af þessum þremur þáttum var í öllum tilvikum efstur á blaði meðal deilda. Athygli vekur hve deildir eru ólíkar með tilliti til þáttanna „námið er nauðsynlegur grunnur fyrir ýmis störf” og „námið er nauðsynlegur grunnur fyrir ákveðið starf”. Annað hvort skiptu báðir þættirnir töluberðu máli, eins og í lögfræði- og viðskipta- og hagfræði-, raunvísinda-, félagsvísinda- og verkfræðideild, eða nokkur munur var á milli hlutfalls þáttanna eins og í guðfræði-, heimspeki- og læknadeild. Í guðfræðideild er til dæmis greinilegt að nýnemar eru fremur að velja deildina sem „góðan grunn fyrir ákveðið starf” heldur en „góðan grunn fyrir ýmis störf” sem virðist benda til að margir í deildinni hafi ákveðið starf í huga að námi loknu. Athygli vekur þó í þessu sambandi að þrátt fyrir að það að „námið er grunnur fyrir ákveðið starf” virðist almennt hafa vegið þungt í þeirri ákvörðun nýnema í guðfræðideild að fara í háskóla hafði þátturinn „áhugavert starf krefst háskólamenntunar”, „mikil og frekar mikil áhrif” á áberandi lægra hlutfall nýnema í guðfræðideild heldur en öðrum deildum. Í læknadeild var hæst hlutfall þeirrar skoðunar að það hefði haft „mikil og frekar mikil áhrif” að „námið væri góður grunnur fyrir ákveðið starf” en lægst hlutfall að „námið væri góður grunnur fyrir ýmis störf” af öllum deildum. Í heimspekkideild merkti hins vegar áberandi lægst hlutfall við „námið er góður grunnur fyrir ákveðið starf”. Heimspekkideild er hins vegar há á lista þegar spurt er um áhrif þess að „námið sé góður grunnur fyrir ýmis störf”.

Niðurstöðurnar sem teknar hafa verið saman hér á undan benda til þess að almennt hafi það að „námið er undirbúningur undir ýmis störf” „mikil og frekar mikil áhrif” á þá ákvörðun nýnema að fara í háskólann. Nýnemar í lækna- og guðfræðideild líta þó fremur á háskólanám sitt sem undirbúning fyrir ákveðið starf en ýmis störf. Nýnemar í heimspekkideild eru fremur að undirbúa fyrir ýmis störf með námi sínu heldur en að þeir hafi ákveðið starf í huga. Í öðrum deildum virðist hins vegar vera mismunandi blanda af því hvort nýnemar líti á nám sitt sem „undirbúning fyrir ýmis störf” eða „undirbúning fyrir ákveðið starf”.

Til þess að skoða svör deilda nánar hefur verið sett upp raðtafla 4.35 og er raðað eftir þeim níu þáttum sem 50% og fleiri nýnema töldu að hefðu haft „mikil og frekar mikil áhrif” (sjá mynd 4.33). Númerið fyrir framan hvern þátt vísar til þess hvar í röðinni þeir voru meðal nýnema allra en í dálkum má finna hvar í röðinni þessir þættir voru innan einstakra deilda.

Tafla 4.35 *Mismunur vægis einstakra þáttta milli deilda*

Vlöss&hagd.	Lagad.	Heimspd.	Læknad.	Raunvd.	Guðfrd.	Félagsvd.	Verkfird.
1 Námið er góður grunnur fyrir ýmis störf	1	1	1	6	2	4	2
2 Áhugavert starf krefst háskólamenntunar	2	3	4	3	4	7	1
3 Nauðsynlegur grunnur fyrir ákv. starf	4	2	9	1	1	1	3
4 Mér finnst gaman að vera í námi	8	5	2	4	6	6	4
5 Námið gefur möguleika á starfi erlendis	5	9	7	2	5	9	9
6 Vel laumað starf krefst háskólamenntunar	3	4	8	7	8	11	5
7 Fræðilegur áhugi á greininni	9	8	6	5	3	2	7
8 Námið gefur alhliða undirb. undir lífið	6	6	3	8	9	3	6
9 Háskólanám eykur lífsþroska	7	7	5	9	7	5	8

Eins og sjá má á töflu 4.35 hefur þátturinn „námið er góður grunnur fyrir ýmis störf”, sem hæst hlutfall nýnema í háskólanum sagði hafa haft „mikil og frekar mikil áhrif” á þá ákvörðun að fara í háskóla, einnig áhrif að mati flestra nýnema í fjórum deildum háskólans og næst flestra í tveimur deildum. Fjórar efstu deildirnar eru verkfræði-, heimspeki-, lögfræði- og viðskipta- og hagfræðideild en þátturinn hefur áhrif á næst hæst hlutfall nýnema í raunvísindadeild og félagsvísindadeild. Í guðfræðideild er þessi þáttur hins vegar í fjórða sæti yfir þá þætti sem höfðu „mikil og frekar mikil áhrif” og í sjötta sæti í lækndadeild.

Þátturinn „áhugavert starf krefst háskólamenntunar” hafði „mikil og frekar mikil áhrif” á flesta nýnema í félagsvínsindadeild og næst flesta nýnema í verkfræðideild og viðskipta- og hagfræðideild. Þessi þáttur er ofarlega á lista hjá öðrum deildum, nema guðfræðideild þar sem hann er í sjöunda sæti yfir þá þætti sem höfðu „mikil og frekar mikil áhrif” á hæst hlutfall nýnema.

Það að námið sé „nauðsynlegur grunnur fyrir ákveðið starf” merkir hæst hlutfall nýnema innan þriggja deilda við eða í lækna-, raunvínsinda- og guðfræðideild. Þátturinn er hins vegar í níunda sæti yfir þá þætti sem höfðu „mikil og frekar mikil áhrif” nýnema í heimspekideild að hefja háskólanám.

Þátturinn „mér finnst gaman að vera í námi” sem var í fjórða sæti yfir háskólann skiptir mestu meðal nýnema heimspekideilda. Hann er í öðru sæti innan deildarinnar yfir þá þætti sem skiptu „miklu og frekar miklu máli”. Þessi þáttur er lægstur á lista meðal nýnema viðskipta- og hagfræðideilda eða í áttunda sæti yfir þá þætti sem skiptu „miklu og frekar miklu máli” í þeirri ákvörðun að fara í háskóla.

Þátturinn í fimmtra sæti meðal nýnema alls „námið gefur möguleika á starfi erlendis” er hæstur á lista meðal nýnema læknadeilda en hann er í öðru sæti innan deildarinnar yfir þá þætti sem skiptu „miklu og frekar miklu máli”. Þessi þáttur var hins vegar áberandi lágt á lista meðal lögfræði- guðfræði- og félagsvínsindadeilda eða í níunda sæti yfir þá þætti sem hæst hlutfall nýnema í þeim deildum merkti við að hefðu haft „mikil og frekar mikill áhrif” er þeir ákváðu að fara í háskólanám.

Þátturinn „vel launað starf krefst háskólamenntunar” sem var í sjötta sæti yfir háskólann er hæstur á lista meðal nýnema viðskipta og hagfræðideilda en hann er í þriðja sæti innan deildarinnar yfir þá þætti sem skiptu „miklu og frekar miklu máli”. Þessi þáttur er einnig hár á lista í verkfræði og lögfræðideild, það er í fjórða sæti, og einnig í félagsvínsindadeilda eða í fimmtra sæti. Þátturinn er hins vegar lægstur á lista meðal nýnema guðfræðideilda eða í ellesta sæti yfir þá þætti sem skiptu „miklu og frekar miklu máli” í þeirri ákvörðun að fara í háskóla.

Þátturinn í sjöunda sæti meðal nýnema alls „fræðilegur áhugi á greininni” er hæstur á lista meðal nýnema guðfræðideilda en hann er í öðru sæti í deildinni yfir þá þætti sem skiptu „miklu og frekar miklu máli”. Þessi þáttur er einnig áberandi hátt á lista í raunvínsindadeilda eða í þriðja sæti. Þessi þáttur var hins vegar áberandi lágt á lista meðal

nýnema í verkfræði- og viðskipta- og hagfræðideild, eða í tíunda sæti innan verkfræðideilda en níunda sæti innan viðskipta- og hagfræðideilda.

Þættirnir „námið gefur alhliða undirbúning undir lífið” og „háskólanám eykur lífsþroska” sem voru í áttunda og níunda sæti meðal nýnema alls eru áberandi hæstir á lista meðal nýnema í heimspeki- og guðfræðideild. Hinn fyrnefndi var í þriðja sæti en hinn síðarnefndi í því fimmta í báðum deildum. Þættirnir eru mun lægri á lista meðal allra annarra deilda og lægstir í röðinni meðal nýnema lækna- og raunvísindadeilda eða í sjöunda til níunda sæti eins og sjá má.

Niðurstöður með tilliti til deilda gefa til kynna að mismunandi samspil þátta hafi áhrif á ákvörðun nýnema að fara í háskólanám innan mismunandi deilda háskólans. En nýnemar í öllum deildum eiga það sameiginlegt að undirbúningur undir starf eða störf skiptir almennt „miklu og frekar miklu máli”. Það að „háskólanám krefjist áhugaverðs starfs” skiptir einnig „miklu og frekar miklu máli” í öllum deildum nema guðfræðideild.

Tengsl ákvörðuninar að fara í háskólanám og aldurs:

Munur var kannaður á svörum nýnema eftir aldursflokkum. Í nokkrum tilvikum mátti greina talsverðan mun á svörum eftir aldri. Meðal elsta hópsins, þeim sem eru fæddir 1970 og fyrr, skipti þátturinn „vel launað starf krefst háskólamenntunar” minna máli en meðal hinna aldurshópanna þriggja (hópana má sjá í öðrum kafla í töflum 2.4 og 2.5). Munurinn er marktækur á milli elsta hópsins og allra annarra, þessi munur er marktækur en minnst fylgni⁹ er á milli þeirra sem eru fæddir 1971-1974 og elsta hópsins. Af þessu má dæma að meðal nýnema í elsta aldurshópnum vegi laun að loknu námi ekki eins þungt í ákvörðuninni að fara í háskólanám eins og meðal yngri aldurshópana.

Fylgni er milli þess að þegar nýnemar verða eldri skiptir „námsárangur í framhaldsskóla” minna máli, þessi munur er marktækur¹⁰. Þetta eru mjög eðlilegar niðurstöður þar sem fylgni er milli aldurs og hve langt er síðan framhaldskóla var lokið og því vegur námsárangur minna í ákvörðun þeirra eldri.

⁹ $\chi^2 = 16,64$ df=2 p≤0,001

¹⁰ $\chi^2 = 34,40$ df=6 p≤0,001

nú” í lagadeild eða rúm 37%, en hæst hlutfall í guðfræðideild telur stuðninginn eiga að vera „minni en nú” eða rúm 5%. Marktækt stærra hlutfall merkir við „meiri en nú” í félagsvísindadeild annars vegar en lögfræði-, lækna- raunvísinda- og viðskipta- og hagfræðideild hins vegar.

5B „Á Háskóli Íslands að setja aðgangstakmarkanir á fjölda nemenda?”
Í þessari spurningu er spurt hvort nýnemar telji háskólann eiga að setja aðgangstakmarkanir á fjölda nemenda. Spurningunni svöruðu 980 nýnemar. Tafla og mynd 5.3 sýna niðurstöður svara nýnema allra sem og samanburð á svörum karla og kvenna:

Tafla 5.3 Á háskóli Íslands að setja aðgangstakmarkanir á fjölda nemenda

	Alls	Karlar	Konur
JÁ	36,0%	35,1%	37,0%
NEI	64,0%*	64,9%*	63,0%*

Marktækur meirihluti nýstúdenta í Háskóla Íslands er á móti því að setja aðgangstakmarkanir á fjölda nemenda eða 64% en 36% vilja aðgangstakmarkanir. Ekki er marktækur munur á viðhorfi kynja í svörum við spurningunni um hvort setja eigi aðgangstakmarkanir á fjölda nemenda í Háskóla Íslands.

Tafla og mynd 5.4 sýna niðurstöður svara við spurningunni eftir deildum:

Tafla 5.4 Á háskóli Íslands að setja aðgangstakmarkanir á fjölda nemenda

	Viðs&haggd.	Lagad.	Heimspd.	Læknad.	Raunvd.	Guðfrd.	Félagsvd.	Verkfird.
JÁ	46,6%	48,4%	40,2%	36,5%	27,6%	31,5%	24,8%	36,1%
NEI	53,4%	51,6%	59,8%*	63,5%*	72,4%*	68,5%*	75,2%*	63,9%*

Í lögfræði- og viðskipta- og hagfræðideild er hæst hlutfall þeirra sem eru hlynntir aðgangstakmörkunum á fjölda nemenda í Háskóla Íslands, en það eru einnig einu deildirnar þar sem ekki er marktækur munur á þeim sem eru með og á móti aðgangstakmörkunum. Hæst hlutfall nýnema í félagsvísindadeild eru á móti aðgangstakmörkunum eða rúm 75%. Marktækur munur er á svörum lögfræði- og

viðskipta- og hagfræðideildar annars vegar og raunvísinda- og félagsvíssindadeildar hins vegar.

5C „Ef Háskóli Íslands yrði vegna fjárhagsörðugleika að taka upp aðgangstakmarkanir, hverja eftirtalinna leiða ætti að velja?”

Í þessari spurningu var nýnemum gefin sú forsenda að háskólinn þyrfti vegna fjárhagsörðugleika að taka upp aðgangstakmarkanir og velja þyrfti eina af eftirtöldum leiðum til framkvæmdar: inntökupróf í háskólann, úrtökupróf (eins og stunduð eru í læknadeild), lágmarkseinkunn úr framhaldsskóla og hækkun skólagjalda. Spurningunni svoruðu 951 nýnemar. Tafla og mynd 5.5 sýna niðurstöður svara nýnema allra sem og samanburð á svorum karla og kvenna:

Tafla 5.5 *Ef taka þyrfti upp aðgangstakmarkanir, hvaða leið ætti að fara?*

	Alls	Karlar	Konur
Lágm. eink. úr framhaldsskóla	41,7%	34,5%	46,2%*
Inntökupróf	38,9%	49,8%*	32,4%
Úrtökupróf	14,5%	10,3%	17,0%
Hækka skólagjöld	4,9%	5,4%	4,4%

Eins og sjá má myndi hæst hlutfall nýnema velja „lágmarkseinkunn úr framhaldsskóla” ef til aðgangstakmarkana kæmi eða 41,7%. Ekki er þó tölfraðilega marktækur munur á því hlutfalli og fjölda þeirra sem völdu „inntökupróf” eða 38,9%. Marktækur munur er hins vegar á fyrrnefndum hópum og þeim sem völdu „úrtökupróf” sem voru 14,5%. Einnig er marktækur munur á því hlutfalli og hlutfalli þeirra sem vilja „hækka skólagjöld” en tæp 5% nýnema aðhylلتust þá leið. Kynin eru marktækt ósammála um hvaða leið ætti að fara í þessu máli. Marktækt stærra hlutfall karla vilja „inntökupróf í háskólann” en á móti er marktækt stærra hlutfall kvenna fylgjandi „lágmarkseinkunn úr framhaldsskóla” ef koma þyrfti til aðgangstakmarkana. Marktækt stærra hlutfall kvenna en karla er fylgjandi „úrtökuprófum” en svipað hlutfall karla og kvenna meðal nýnema vilja „hækka skólagjöld”. Tafla og mynd 5.6 sýna niðurstöður svara við spurningunni eftir deildum:

Tafla 5.6 *Eftaka þyrfti upp aðgangstakmarkanir, hvaða leið ætti að fara?*

	Viðs&hagd.	Lagad.	Heimspd.	Læknad.	Rauvnd.	Guðfrd.	Félagsvd.	Verkfrd.
Lágm. eink. úr framhaldssk.	46,4%	48,2%	43,8%	29,7%	37,8%	26,4%	53,0%*	37,6%
Inntökupróf	36,4%	39,4%	42,8%	46,4%*	40,4%	36,3%	24,8%	47,7%
Úrtökupróf	8,9%	7,9%	10,8%	20,1%	16,7%	26,8%	16,5%	12,6%
Hækka skólagjöld	8,3%	4,5%	2,6%	3,8%	5,1%	10,5%	5,7%	2,1%

Í öllum deildum velur hæst hlutfall annað hvort „lágmarkseinkunn úr framhaldsskóla”, það er í viðskipta- og hagfræði-, lögfræði-, heimspeki- og félagsvíssindadeild, eða „inntökupróf í háskólann”, það er í lækna-, raunvísinda-, guðfræði- og verkfræðideild. Ekki er marktækur munur á milli þessara tveggja þátta nema á milli læknadeilda þar sem hæst hlutfall velur „inntökupróf” og félagsvíssindadeild, þar sem hæst hlutfall er fylgjandi „lágmarkseinkunn úr framhaldsskóla”. Hæst hlutfall innan deildar sem myndi styðja „úrtökupróf”, eða rúm 27%, er í guðfræðideild en þar er einnig hæst hlutfall þeirra sem myndu velja þá leið að „hækka skólagjöld”, ef háskólinn yrði að gripa til aðgangstakmarkana vegna fjárhagsöröugleika, eða tæp 11%.

5D Samantekt

Eins og sjá mátti í 5A finnst rúmum 70% nýnema við Háskóla Íslands að stuðningur ríkisins við námsmenn eigi að vera „meiri en nú” en aðeins um 1% nýnema finnst að hann eigi að vera „minni en nú”. Þessar tölur sýna að nýnemum þykir almennt að stuðningur ríkisins við námsmenn eigi að vera meiri en hann er nú. Marktækt hærra hlutfalli karla en kvenna finnst að stuðningurinn eigi að vera „meiri en nú”. Ekki er áberandi munur á svörum deilda í þessari spurningu.

Í 5B má sjá að meirihluti háskólanema eða tæpum 64% finnst að Háskóli Íslands eigi ekki að setja aðgangstakmarkanir á fjölda nemenda en ekki er munur á skoðunum karla og kvenna að þessu leyti. Marktækur meirihluti er á móti aðgangstakmörkunum í öllum deildum nema í laga- og viðskipta- og hagfræðideild.

Í 5C kom fram að ekki er marktækur munur á stuðningi nýnema við „lágmarkseinkunn úr framhaldsskóla” og „inntökupróf í háskólann” þegar þeir voru beðnir um að velja hvaða aðgangstakmarkanir þeir myndu helst vilja ef háskólinn yrði að taka þær upp vegna fjárhagsöröuleika. Aðrir kostir í boði voru „úrtökupróf í fleiri deildum” og „hækkun skólagjalda”. Marktækur munur var á skoðunum karla og

kvenna. Karlar aðhylltust marktækt fremur „inntökupróf inn í háskólann” en konur marktækt fremur „lágmarkseinkunn úr framhaldsskóla”. Þessi niðurstaða kemur heim og saman við það að námsárangur í framhaldsskóla skipti marktækt meira máli í ákvörðun kvenna að fara í Háskóla Íslands en karla eins og sjá mátti í kafla 4A. Skiptar skoðanir eru innan deilda um þetta mál en í öllum tilvikum var þó mest merkt við annað hvort „lágmarkseinkunn úr framhaldsskóla” eða „inntökupróf í háskólann”. Niðurstaðan er því sú að nýnemar myndu vilja annan hvorn þessara tveggja þátta ef þyrfti að koma til aðgangstakmarkana.


6. Að loknu námi

Í eftirfarandi kafla koma fram niðurstöður spurninga sem allar eiga það sameiginlegt að fjalla um vonir og væntingar nýnema að loknu námi.

6A „Hver eftirfarandi þátta skiptir þig mestu máli í starfi að loknu námi?” Nýnemum háskólans voru gefnir þrír möguleikar og látnir forgangsraða hvaða þáttur skipti þá mestu máli að námi loknu. Möguleikarnir voru „laun”, „atvinnuöryggi” og „áhugavert starf”. Spurningunni svöruðu 872 nýnemar sem er áberandi lægra svarhlutfall en almennt í öðrum spuringum spuringalistans en mikið var um að nýnemar læsu ekki eða misskildu leiðbeiningar spuringarinnar og svöruðu henni á rangan hátt. Tafla og mynd 6.1 sýna niðurstöður svara nýnema allra sem og samanburð á svörum karla og kvenna:

Tafla 6.1 *Hvað skiptir mestu máli að loknu námi*

	Skiptir mestu máli			Skiptir næst mestu máli			Skiptir minnstu máli		
	Ahugavert starf	Laun	Atvinnuöryggi	Laun	Atvinnuöryggi	Ahugavert starf	Atvinnuöryggi	Ahugavert starf	Laun
Hópar									
Alls nýnemar	59,2%*	21,8%	19,2%	52,3%*	31,1%	16,8%	49,7%	24,0%	25,9%
Karlar	48,4%*	32,1%	19,5%	49,0%*	21,7%	29,3%	58,8%	22,3%	18,9%
Konur	66,2%*	16,3%	17,7%	52,0%*	39,1%	9,1%	43,2%	24,6%	31,7%



Mynd 6.1 *Hvað skiptir nýnema háskólans „mestu máli” að loknu háskólanámi?*

Marktækt flestum nýnemum í háskólanum finnst áhugavert starf að námi loknu skipta „mestu máli” af kostunum þremur eða 59,2%. Næst flestum finnst laun skipta „mestu máli” að námi loknu en lægstu hlutfalli nýnema í Háskóla Íslands finnst atvinnuöryggi „skipta mestu máli”. Munurinn á þessum tveimur þáttum er ekki það mikill að hann geti talist marktækur. Marktækt hærra hlutfalli kvenna en karla finnst áhugavert starf eftir háskólapróf skipta „mestu máli” en á móti segir marktækt stærra hlutfall karla en kvenna að laun skipti mestu máli. Ekki er marktækur munur á hlutfalli þeirra sem segja að atvinnuöryggi skipti „mestu máli” meðal kvenna og karla. Hærra hlutfalli meðal kvenna finnst atvinnuöryggi skipta „mestu máli” en laun en munurinn er þó ekki það mikill að hann teljist marktækur.

Marktækt flestum nýnemum í háskólanum finnst laun í starfi að námi loknu skipta „næst mestu máli” af kostunum þremur eða 52,3%. Marktækt stærstu hlutfalli beggja kynja finnst einnig laun skipta „næst mestu máli” og ekki er marktækur munur á stærð hlutfallsins milli hópanna. Marktækt flestum nýnemum í háskólanum finnst atvinnuöryggi að námi loknu skipta „minnstu máli” af kostunum þremur eða 49,74%. Hér má sjá marktækan mun á milli þess hvað körlum og konum finnst um mikilvægi atvinnuöryggis eftir háskólapróf. Marktækt hærra hlutfalli karla en kvenna finnst atvinnuöryggi skipta „minnstu máli”.

Tafla 6.2 *Hvað skiptir mestu máli að loknu námi að mati deilda*

	Skiptir mestu máli			Skiptir næst mestu máli			Skiptir minnstu máli		
	Ahugavert starf	Laun	Atvinnuöryggi	Laun	Atvinnuöryggi	Ahugavert starf	Atvinnuöryggi	Ahugavert starf	Laun
Hópar									
Viðs&hagd.	56,4%*	17,8%	25,8%	68,0%*	14,2%	17,8%	60,1%*	25,8%	14,2%
Lagad.	57,6%*	24,5%	17,9%	49,8%*	30,0%	20,3%	52,1%*	22,1%	25,8%
Heimspd.	63,4%*	24,0%	12,7%	48,1%*	39,9%	12,0%	47,4%*	24,6%	27,9%
Læknad.	57,1%*	28,8%	14,1%	39,4%*	36,0%	24,6%	49,9%*	18,4%	31,8%
Rauvnd.	56,5%*	21,1%	22,4%	47,7%*	34,7%	17,7%	42,9%*	25,8%	31,3%
Guðfrd.	42,9%*	28,6%	28,6%	49,4%*	35,1%	15,5%	36,3%	41,7%	22,0%
Félagsvd.	62,3%*	16,1%	22,7%	61,2%*	28,4%	11,0%	48,9%*	26,7%	22,7%
Verkfrd.	60,2%*	16,6%	23,2%	58,7%*	26,1%	15,1%	50,6%*	24,7%	24,7%

6C „Hefurðu ákveðið starf í huga að loknu námi?”

Nýnemar í háskólanum voru spurðir hvort þeir hefðu ákveðið starf í huga að námi loknu. Spurningunni svöruðu 986 nýnemar. Tafla og mynd 6.5 sýna niðurstöður svara nýnema allra sem og samanburð á svörum karla og kvenna:

Tafla 6.5 *Hafa nýnemar ákveðið starf í huga að loknu námi?*

	Alls	Karlar	Konur
JÁ	52,3%*	44,8%	55,3%*
NEI	47,7%	55,2%*	44,7%

Marktækur meirihluti nýnema í Háskóla Íslands hefur ákveðið starf í huga að námi loknu eða 52,31%.

Marktækur munur er á svörum karla og kvenna. Marktækur meirihluti karla hefur ekki ákveðið starf í huga að námi loknu en hinsvegar hefur marktækur meirihluti kvenna ákveðið starf í huga. Tafla og mynd 6.6 sýna niðurstöður svara deilda:

Tafla 6.6 *Hafa nýnemar eftir deildum ákveðið starf í huga að loknu námi?*

	Viðs&hagd.	Lagad.	Heimspd.	Læknad.	Raunvd.	Guðfrd.	Félagsvd.	Verkfrd.
JÁ	40,6%	57,9%	37,2%	75,6%*	45,6%	58,0%	54,2%	28,6%
NEI	59,4%*	42,1%	62,8%*	24,4%	54,4%*	42,0%	45,8%	71,4%*

Eins og sjá má á töflu og mynd 6.6 hefur í fjórum deildum, lögfræði-, lækna-, guðfræði- og félagsvínsindadeild, meirihluti nýnema ákveðið starf í huga að loknu námi. Hæst er hlutfallið í læknadeild eða tæp 76% en læknadeild er eina deildin af fyrrnefndum þar sem afstaða innan deildarinnar er marktæk. Í hinum fjórum deildunum, viðskipta- og hagfræði-, heimspeki-, raunvísinda-, og verkfræðideild, hafa nýnemar marktækt ekki ákveðið starf í huga að loknu námi, hæst hlutfall í verkfræðideild eða rúm 71%. Marktækur munur er á stærð hlutfalls sem hefur ákveðið starf í huga í læknadeild og öðrum deildum.

6D „Hvar býstu við að starfa að loknu námi? ”

Nýnemar voru spurðir hvar þeir byggjast við að starfa að loknu háskólanámi og fengu þrjá kosti sem voru: „hjá opinberum aðila”, „hjá einkaaðila” eða „sjálfstætt”. Spurningunni svöruðu 943 nýnemar. Tafla og mynd 6.7 sýna niðurstöður svara nýnema allra sem og samanburð á svörum karla og kvenna:

Tafla 6.7 Hvar búast nýnemar við að starfa að loknu námi?

	Alls	Karlar	Konur
Hjá hinu opinbera	42,5%	32,7%	48,8%*
Hjá einkaaðila	41,5%	47,8%*	37,6%
Sjálfstætt	16,0%	19,5%	13,6%

Hæst hlutfall nýnema merktu við að þeir byggjast við að starfa hjá „hinu opinbera” eftir að hafa lokið háskólaprófi eða 42,5%. Næst flestir bjuggust við að starfa hjá „einkaaðila” eða 41,5%, ekki er marktækur munur á milli hópanna tveggja. Marktækt minnstur hópur háskólanema bjóst við að starfa „sjálfstætt” eftir að hafa lokið háskólaprófi eða 16%. Greinilegur marktækur munur er á svörum milli kynja í þessari spurningu. Marktækt stærra hlutfall kvenna en karla býst við að starfa hjá hinu opinbera. Á móti býst marktækt stærra hlutfall karla en kvenna við að starfa hjá „einkaaðila” og „sjálfstætt”. Tafla og mynd 6.8 sýna niðurstöður svara deilda:

Tafla 6.8 Hvar búast nýnemar eftir deildum við að starfa að loknu námi?

	Viðs&hagd.	Lagad.	Heimspd.	Læknad.	Rauvnd.	Guðfrd.	Félagsvd.	Verkfrd.
Hjá hinu opinbera	12,2%	27,3%	39,3%	69,8%*	29,5%	100,0%*	52,4%*	18,2%
Hjá einkaaðila	76,3%*	61,3%*	33,9%	20,9%	58,6%*	0,0%	26,5%	72,7%*
Sjálfstætt	11,5%	11,4%	26,8%	9,3%	11,9%	0,0%	21,1%	9,1%

Í fjórum deildum, verkfræði-, lögfræði-, raunvísinda- og viðskipta- og hagfræðideild býst stærstur hluti og marktækur meirihluti við að starfa hjá „einkaaðila” eftir háskólanám, flestir í viðskipta og hagfræðideild eða rúm 76%. Í hinum fjórum deildunum, heimspeki-, lækna-, guðfræði- og félagsvíśindadeild, býst hæst hlutfall og marktækur meirihluti í öllum deildum nema heimspekideild, við að starfa hjá „opinberum aðila”. Athyglisvert er að sú deild þar sem flestir ætla að starfa „sjálfstætt” að loknu námi er heimspekideild. Tæp 27% nýnema heimspekideildar merktu við þann

möguleika. Marktækt stærra hlutfall í heimspeki- og félagsvíssindadeild ætlar að starfa sjálfstætt eftir háskólanám miðað við aðrar deildir.

6E „Býstu við að fara í framhaldsnám”

Nýnemar voru spurðir hvort þeir hefðu í hyggju að fara í framhaldsnám eftir háskólapróf í því fagi sem þeir stunduðu. Spurningunni svöruðu 974. Tafla og mynd 6.9 sýna niðurstöður svara nýnema allra sem og samanburð á svörum karla og kvenna:

Tafla 6.9 *Búast nýnemar við að fara í framhaldsnám?*

	Alls	Karlar	Konur
JÁ	76,5%*	74,6%*	79,0%*
NEI	23,5%	25,4%	21,0%

Eins og sjá má af töflu og mynd 6.9 býst mikill meirihluti nýnema við að fara í framhaldsnám eftir eftir að hafa útskrifast út því námi sem þeir stunda í háskólanum, eða tæp 77%. Ekki er marktækur munur á svörum kynjanna við þessari spurningu. Tafla og mynd 6.10 sýna niðurstöður svara deilda:

Tafla 6.10 *Búast nýnemar eftir deildum við að fara í framhaldsnám?*

	Við&hagd.	Lagad.	Heimspd.	Læknad.	Rauvnd.	Guðfrd.	Félagsvd.	Verkfrd.
JÁ	67,4%*	66,5%*	77,6%*	75,9%*	80,0%*	47,1%	83,3%*	85,6%*
NEI	32,6%	33,5%	22,4%	24,1%	20,0%	52,9%	16,7%	14,4%

Í öllum deildum nema guðfræðideild búast meira en 65% nýnema við að fara í framhaldsnám eftir lok þess háskólanáms sem þeir leggja stund á. Flestir búast við að fara í í framhaldsnám í verkfræðideild eða tæp 86%. Marktækt lægst hlutfall býst við að fara í framhaldsnám í guðfræðideild eða rúm 47% en ekki er marktækur munur á því hlutfalli og hlutfalli þeirra sem búast ekki við að fara í framhaldsnám í sömu deild eða 53%. Marktækur munur er meðal annars á hlutfalli svara nema í verkfræði-, rauvísinda- og félagsvíssindadeild annars vegar og guðfræði-, lögfræði- og viðskipta- og hagfræðideild hins vegar.

6F „Lítur þú á háskólanám þitt sem arðbæra fjárfestingu?”

Háskólanemar voru spurðir hvort þeir litu á nám sitt sem arðbæra fjárfestingu. Spurningunni svöruðu 962. Tafla og mynd 6.11 sýna niðurstöður svara nýnema allra sem og samanburð á svörum karla og kvenna:

Tafla 6.11 *Líta nýnemar á háskólanám sitt sem arðbæra fjárfestingu?*

	Alls	Karlar	Konur
JÁ	90,6%*	93,7%*	89,2%*
NEI	9,4%	6,3%	10,8%

Yfirburða meirihluti nýnema í háskólanum telur háskólanám sitt arðbæra fjárfestingu eða 91%. Marktækt stærra hlutfall karla en kvenna lítur á nám sitt sem arðbæra fjárfestingu. Tafla og mynd 6.12 sýna niðurstöður svara deilda:

Tafla 6.12 *Líta nýnemar eftirdeildum á háskólanám sitt sem arðbæra fjárfestingu?*

	Viðs&hagd.	Lagad.	Heimspd.	Læknad.	Raunvd.	Guðfrd.	Félagsvd.	Verkfrd.
JÁ	97,1%*	96,2%*	84,1%*	93,2%*	86,3%*	88,3%*	87,2%*	100,0%*
NEI	2,9%	3,8%	15,9%	6,8%	13,7%	11,7%	12,8%	0,0%

Yfir 80% hlutfall nýnema í öllum deildum háskólans telur háskólanám sitt arðbæra fjárfestingu, hæst hlutfall í verkfræðideild eða 100% en lægst í heimpekideild eða rúm 84%. Í lögfræði-, læknisfræði-, verkfræði- og viðskipta- og hagfræðideild lítur marktækt stærra hlutfall á nám sitt sem arðbæra fjárfestingu en í raunvísinda-, heimspeki- og félagsvíssindadeild.

6G Samantekt

Í spurningu 6A má sjá að áhugavert starf að loknu háskólanámi skiptir mestu máli fyrir hæst hlutfall nýnema alls, bæði eftir kyni og deildum. Meðal hæsts hlutfalls nýnema alls, kynja og deilda skipta laun „næst mestu máli”. Meðal nýnema alls, kynja og í öllum deildum nema guðfræðideild skiptir atvinnuöryggi „minnstu máli” að mati hæsts hlutfalls.

Hærra hlutfalli karla en kvenna finnst laun skipta „mestu máli”, hærra hlutfalli kvenna en karla finnst áhugavert starf skipta „mestu máli” og hærra hlutfalli kvenna en karla finnst laun skipta „minnstu máli”. Þessi staðreynd er talsvert merkileg að því leyti

að rannsóknir hafa sýnt að konur hafa áberandi lægri laun á vinnumarkaði miðað við háskólapróf en karlar (Guðbjörg A. Jónsdóttir, 1995; Stefán Ólafsson, 1996). Samkvæmt því hefði ekki verið óeðlilegt að laun skiptu hærra hlutfalli kvenna meira máli en karla vegna þess að þær vildu leiðréttu stöðu sína á vinnumarkaði með tiliti til launa. Samkvæmt þessum niðurstöðum er ekki um það að ræða þar sem laun skipta karla meira máli en konur, sem ætti að öllu öðru jöfnu að gera þá líklegri til þess að uppskera góð laun á vinnumarkaði eftir háskólanám sem myndi aftur leiða til þess að ójöfnuður á launum kynja á vinnumarkaði viðhaldist.

Í spurningu 6B má sjá að mikill meirihluti háskólanema eða tæp 90% telja sig fá vinnu í samræmi við menntun sína að lokinni þeirri prófgráðu sem þeir leggja stund á. Ekki er marktækur munur á svörum kynjanna en marktækt minna hlutfall býst við að fá vinnu í samræmi við menntun sína í heimspekideild í samnburði við aðrar deildir nema guðfræði- og félagsvísindadeild. Hæst hlutfall nýnema í heimspekideild búast ekki við að fá vinnu á samræmi við menntun sína að loknu námi eða 27,8%, en félagsvísindadeild kemur þar á eftir þar sem 19,7% búast ekki við að fá vinnu að loknu námi. Pennan mun á viðhorfi deilda má ef til vill skýra með því að skoða tengsl náms í deildunum og vinnumarkaðar. Í heimspekideild og félagsvísindadeild eru ef til vill fög sem eru í minna mæli markviss undirbúningur fyrir skilgreind störf á vinnumarkaði en mörg fög hinna deildanna eins og til dæmis fög læknadeildar.

Í 6C má sjá að marktækur meirihluti nýnema hefur ákveðið starf í huga að námi loknu eða 52%. Marktækt stærra hlutfall kvenna en karla hefur ákveðið starf í huga að námi loknu og nokkuð breytileg afstaða er einnig meðal deilda. Marktækt stærra hlutfall í læknadeild hefur til að mynda ákveðið starf í huga að námi loknu en í öðrum deildum.

Læknadeild sker sig úr gagnvart öðrum deildum hvað varðar stærð þess hlutfalls sem hefur ákveðið starf í huga að loknu námi. Fög læknadeildar, læknisfræði, lyfjafræði, hjúkrunarfræði, sjúkrabjálfun, má ef til vill segja að séu að miklu leyti undirbúningur fyrir ákveðin störf á vinnumarkaði ólíkt til að mynda heimspeki- og félagsvísindadeild eins og áður hefur komið fram. En eins og kom fram í fjórða kafla sögðu 94% nýnema í læknadeild að það að námið væri grunnur fyrir ákveðið starf hefði haft „mikil og frekar mikil áhrif” á þá ákvörðun að fara í háskólanám. Á móti merktu 43,8% við sama þátt í

heimspekkideild sem kemur heim og saman við að aðeins 37,2% nýnema í heimspekkideild sögðust hafa ákveðið starf í huga að loknu námi.

Í 6D má sjá að ekki er marktækur munur á því hvort stærra hlutfall nýnema ætli að starfa hjá hinu opinbera eða einkaaðila, marktækt lægst hlutfall nýnema merkir hins vegar við að það ætli að starfa sjálfstætt. Marktækt hæst hlutfall karla ætlar að starfa hjá einkaaðila eftir háskólapróf, þetta hlutfall er marktækt stærra en það hlutfall kvenna sem ætlar að starfa hjá einkaaðila. Marktækt hæst hlutfall kvenna ætlar að starfa hjá hinu opinbera og það hlutfall er marktækt stærra en það hlutfall karla sem ætlar að starfa hjá hinu opinbera. Nokkur munur er á svörum deilda en í fjórum deildum af átta býst hæst hlutfall við að starfa hjá einkaaðila en í hinum fjórum deildunum býst hæst hlutfall við að starfa hjá opinberum aðila. Athyglisvert er að sú deild þar sem flestir ætla að starfa „sjálfstætt“ að loknu námi er heimspekkideild en tæp 27% nýnema þeirrar deildar merktu við þann möguleika. Marktækt stærra hlutfall í heimspeki- og félagsvísindadeild ætlar að starfa sjálfstætt eftir háskólanám en í öðrum deildum.

Rannsóknir meðal háskólamenntaðra starfsmanna hafa sýnt að karlar starfa fremur hjá einkaaðila en konur og konur starfa fremur hjá hinu opinbera en karlar (Guðbjörg A. Jónsdóttir, 1995; Stefán Ólafsson, 1996). Bent hefur verið á þessa skiptingu sem eina ástæðu launamunar á milli kvenna og karla, þar sem laun séu lægri hjá hinu opinbera en hjá einkaaðila og að launamunur á milli kvenna og karla sem vinna hjá einkaaðila sé minni heldur en milli kynja sem vinna hjá hinu opinbera (Guðbjörg A. Jónsdóttir, 1995). Eins og áður hefur komið fram ætlar, samkvæmt niðurstöðum þessarar skýrslu, hæst hlutfall kvenna að starfa hjá hinu opinbera en hæst hlutfall karla hjá einkaaðila. Sé ein forsenda þess að munur á launum karla og kvenna minnki sú að konur sæki í auknum mæli í störf meðal einkaaðila eru þessar niðurstöður um viðhorf nýnema í háskólanum ekki til þess að auka bjartsýni að launamunur meðal kynja á vinnumarkaði minnki mikið á næstu árum.

Sú niðurstaða að marktækt stærra hlutfall nýnema í heimspeki- og félagsvísindadeild ætlar að starfa sjálfstætt eftir háskólanám styður fyrri niðurstöður. Þessar deildir hafa ekki jafn ákveðinn eða afmarkaðan starfsverttvang á vinnumarkaði eins og margar aðrar deildir sem gæti verið ástæðan fyrir því að stærra hlutfall nýnema í þessum deildum búast við að starfa sjálfstætt.

7. Væntingar um laun eftir námið?

Í skoðanakönnuninni sem framkvæmd var í tengslum við þessa rannsókn voru nýnemar í Háskóla Íslands beðnir um að meta væntingar sínar um laun í framtíðinni miðað við tvær forsendur, annars vegar að farið væri út á vinnumarkaðinn með stúdentspróf og hins vegar eftir þá háskólagráðu¹⁴ sem þeir leggja stund á. Nýnemar svöruðu spurningunum miðað við laun fyrir skatta¹⁵ en í þessum kafla eru niðurstöður sýndar miðað við heildarlaun eftir skatta¹⁶, það er svo hægt sé að kanna mun á væntum ráðstöfunartekjum miðað við forsendurnar tvær um menntun. Tölur um ráðstöfunartekjur eru sýndar í krónum á mánuði í kaflanum.

7A Launavæntingar nýnema og samanburður á kynjum

Á töflu og mynd 7.1 má sjá meðaltal svara nýnema alls um væntar ráðstöfunartekjur, að meðaltali í krónum á mánuði á sjö tímabilum ævi þeirra, miðað við stúdentspróf og háskólapróf.


Tafla 7.1 Launavæntingar nýnema

Tími á vinnumarkaði	Stúdentspróf	Háskólapróf	Munur í %
0-2 ár	71.639	91.793	28,1%
2-4 ár	76.005	101.158	33,1%
5-7 ár	80.949	113.871	40,7%
8-10 ár	85.219	125.329	47,1%
11-20 ár	89.547	137.267	53,3%
21-30 ár	93.642	147.820	57,9%
>31	96.924	156.065	61,0%

¹⁴ Tekið var fram í spurningalistanum og einnig var sérstaklega bent á það þegar hann var lagður fyrir að hér væri átt við grunnháskólanám, þ.e. það nám sem nýnemar væru að hefja og ekki væri tekið tillit til framhaldsnáms.

¹⁵ Spurt var um vænt heildarlaun á mánuði fyrir skatta, miðað við verðlag þegar listinn var lagður fyrir. Nýnemar svöruðu spurningunni eftir því hvað þeir byggjust við að hafa að meðaltali í laun á sex tímabilum ævi sinnar, miðað við tvær forsendur um menntun. Annars vegar hvað þeir byggjust við að fá í laun ef að þeir færðu út á vinnumarkaðinn með þá menntun sem þeir höfðu þegar aflað sér og hins vegar miðað við að þeir færðu út á vinnumarkaðinn með þá menntun (grunnháskólanám) sem þeir væru að hefja nám við í Háskóla Íslands.

¹⁶ Miðað er við tekjuskattshlutfall 41,94% og skattleysismörk 702.264 krónur á ári.




Mynd 7.1 *Launavæntingar nýnema miðað við stúdentspróf og háskólapróf*

Töluverður munur er á væntingum nýnema um ráðstöfunartekjur fyrstu tvö árin á vinnumarkaði miðað við forsendurnar tvær um menntun, það er rúmar 20.000 krónur eða um 28%. Munurinn vex jafnt og þétt og eftir 31 ár á vinnumarkaði miðað við forsendurnar tvær er munurinn orðinn tæpar 60.000 krónur eða tæp 61%. Af þessu má dæma að nýnemar í háskólanum vænta þess að ráðstöfunartekjur sínar hækki töluvert á vinnumarkaði eftir það háskólapróf sem þeir leggja stund á. Á töflu 7.2 má sjá niðurstöður með tilliti til svara karla og kvenna.

Tafla 7.2 *Launavæntingar karla og kvenna meðal nýnema*

Timi á vinnumarkaði	Karlar			Konur		
	Stúdentspróf	Háskólapróf	Munur í %	Stúdentspróf	Háskólapróf	Munur í %
0-2 ár	75.616	98.445	30,2%	68.236	86.920	27,4%
2-4 ár	80.754	108.593	34,5%	71.954	96.184	33,7%
5-7 ár	86.505	121.234	40,2%	76.192	108.108	41,9%
8-10 ár	92.079	135.327	47,0%	79.575	118.095	48,4%
11-20 ár	96.240	148.367	54,2%	84.186	128.915	53,1%
21-30 ár	101.452	159.012	56,7%	87.369	139.072	59,2%
>31	105.363	169.567	60,9%	90.109	145.526	61,5%



Mynd 7.2 Væntingar karla og kvenna meðal nýnema miðað við stúdentspróf og háskólapróf.

Eins og sjá má á töflu 7.2 hafa karlar og konur ekki ólíkar væntingar um hlutfallslegan mun á ráðstöfunartekjum miðað við stúdentspróf og háskólapróf. Hlutfallslegur munur á væntingum miðað við stúdentspróf og háskólapróf er meðal karla 30% en kvenna 27% fyrstu tvö árin á vinnumarkaði. Munurinn vex jafnt og þétt með árum á vinnumarkaði, eftir 31 ár á vinnumarkaði til starfsloka er munurinn orðinn um 61% fyrir bæði kyn. Tafla 7.3 sýnir sömu upplýsingar og áður voru sýndar en nú er reiknaður út hlutfallslegur munur á milli launahugmynda karla og kvenna.

Tafla 7.3 Hlutfallslegur munur milli launahugmynda karla og kvenna

Tími á vinnumarkaði	Stúdentspróf			Háskólapróf		
	Karlar	Konur	Munur í %	Karlar	Konur	Munur í %
0-2 ár	75.616	68.236	10,8%	98.445	86.920	13,3%
2-4 ár	80.754	71.954	12,2%	108.593	96.184	12,9%
5-7 ár	86.505	76.192	13,5%	121.234	108.108	12,1%
8-10 ár	92.079	79.575	15,7%	135.327	118.095	14,6%
11-20 ár	96.240	84.186	14,3%	148.367	128.915	15,1%
21-30 ár	101.452	87.369	16,1%	159.012	139.072	14,3%
>31	105.363	90.109	16,9%	169.567	145.526	16,5%

Hér má sjá áberandi hlutfallslegan mun á ráðstöfunartekjuhugmyndum karla og kyenna. Munurinn milli svara karla og kvenna um ráðstöfunartekjur miðað við stúdentspróf er frá tæpum 11% upp í tæp 17%. En miðað við háskólapróf frá rúmum 13% upp í


16,5%. Hlutfallslegur munur á væntingum um ráðstöfunartekjur er því mjög svipaður miðað við forsendurnar tvær.

7B Samanburður á launavæntingum deilda Háskóla Íslands

Á töflu 7.4 má sjá mun á væntingum um ráðstöfunartekjur milli deilda í háskólanum, miðað við stúdentspróf, það er hefðu nýnemar ekki hafið nám við Háskóla Íslands heldur farið út á vinnumarkaðinn. Á töflu 7.4 og mynd 7.3 má sjá mun á væntum æviráðstöfunartekjum milli deilda miðað við stúdentspróf.

Tafla 7.4 *Ráðstöfunartekjur á mánuði yfir œvina eftir deildum, miðað við stúdentspróf*

	0-2 ár	2-4 ár	5-7 ár	8-10 ár	11-20 ár	21-30 ár	>31
Verkfræðideild	77.091	82.759	89.722	95.049	101.453	108.539	111.663
Guðfræðideild	74.619	79.982	83.562	91.292	95.609	101.294	106.618
Viðskipta og hagfræðideild	75.921	81.194	86.326	91.209	96.619	100.961	103.987
Lögfræðideild	75.763	79.415	85.188	89.486	95.248	99.059	102.993
Raunvisindadeild	73.286	78.418	83.751	86.826	91.245	93.707	97.555
Læknadeild	71.544	75.141	79.578	83.928	87.418	90.886	95.441
Félagsvisindadeild	70.230	74.263	78.829	83.686	88.744	91.613	94.098
Heimspekkideild	65.588	69.909	74.795	78.179	80.778	87.103	89.170



Mynd 7.3 Ráðstöfunartekjur á mánuði yfir œvina eftir deildum, miðað við stúdentspróf


Á töflu 7.4 og mynd 7.3 má sjá talsverðan mun á væntingum um æviráðstöfunartekjur milli deilda miðað við stúdentspróf á vinnumarkaði. Nýnemar í verkfræðideild hafa á öllum tímabilum hæstar launavæntingar miðað við stúdentspróf en nýnemar heimspekideildar í öllum tilvikum lægstar miðað við meðaltalsgögn¹⁷. Nýnemar í verkfræðideild hafa um 17,5% hærri launavæntingar en heimspekinemar fyrstu tvö árin á vinnumarkaði með stúdentspróf og um 25% hærri launavæntingar eftir 31 ár á

¹⁷ Ef miðgildisgögn eru skoðuð í þessu sambandi eru niðurstöður mjög svipaðar. Nýnemar í verkfræðideild hafa áfram hæstar launavæntingar en nýnemar í heimspekideild lægstar. Miðað við miðgildisgögn hafa nýnemar í verkfræðideild um 18% hærri launavæntingar en nýnemar heimspekideildar fyrstu tvö árin á vinnumarkaði með stúdentspróf, en það er svipað hlutfall og meðaltalsgögn sýna. Nýnemar verkfræðideildar hafa rúmar 35% hærri launavæntingar en nýnemar heimspekideildar eftir 31 ár á vinnumarkaði til starfsloka sem er nokkuð hærra en þegar miðað var við meðaltalsgögnum.

vinnumarkaði til starfsloka. Á töflu 7.5 og mynd 7.4 má sjá mun á væntum æviráðstöfunartekjum milli deilda miðað við viðkomandi háskólapróf hverrar deildar.

Tafla 7.5 *Meðaltekjur á mánuði yfir ævina eftir deildum, miðað við háskólapróf*

	0-2 ár	2-4 ár	5-7 ár	8-10 ár	11-20 ár	21-30 ár	>31
Verkfraðideild	110,420	126,826	159,236	182,814	211,298	225,431	232,374
Lögfræðideild	99,288	109,695	125,694	143,134	164,646	179,629	195,267
Viðskipta og hagfræðideild	100,965	113,731	127,519	143,099	160,701	178,226	192,147
Raunvisindadeild	96,604	106,211	118,878	130,174	141,830	153,159	162,461
Læknadeild	94,208	104,072	116,817	129,680	138,294	146,194	152,281
Guðfræðideild	92,643	95,477	99,671	110,252	117,116	127,110	132,494
Félagsvísdindadeild	83,051	90,066	100,808	105,710	113,692	120,939	126,769
Heimspekideild	78,946	85,781	93,647	101,351	109,515	118,341	124,787




Mynd 7.4 *Ráðstöfunartekjur á mánuði yfir ævina eftir deildum, miðað við stúentspróf*

Á töflu 7.5 og mynd 7.4 má einnig sjá talsverðan mun á væntingum nýnema milli deilda háskólans þegar miðað er við væntingar um ráðstöfunartekjur eftir háskólapróf. Athyglisvert er að mikil fylgni virðist vera á milli launavæntinga eftir deildum miðað við stúdentspróf og háskólapróf. Nýnemar í verkfræðideild hafa á öllum tímabilum hæstar launavæntingar miðað við háskólapróf á vinnumarkaði en nýnemar í heimspekkideild hafa á öllum tímabilum lægstar launavæntingar. Miðað við fyrstu tvö árin á vinnumarkaði með háskólapróf munar tæpum 40% á launavæntingum nýnema í verkfræðideild og heimspekkideild en rúmum 86% eftir 31 ár á vinnumarkaði til starfsloka, miðað við væntar meðalráðstöfunartekjur¹⁸. Á töflu 7.6 og mynd 7.5 má sjá hvað nýnemar innan ákveðina deilda vænta að ráðstöfunartekjur hækki mikið yfir ævina miðað við forsendurnar tvær um menntun.

Tafla 7.6 *Væntingar um hlutfallslega hækjun ráðstöfunartekna við háskólapróf*

	0-2 ár	2-4 ár	5-7 ár	8-10 ár	11-20 ár	21-30 ár	>31
Verkfræðideild	43,2%	53,2%	77,5%	92,3%	108,3%	107,7%	108,1%
Lögfræðideild	31,1%	38,1%	47,5%	60,0%	72,9%	81,3%	89,6%
Viðskipta og hagfræðideild	33,0%	40,1%	47,7%	56,9%	66,3%	76,5%	84,8%
Raunvísindadeild	31,8%	35,4%	41,9%	49,9%	55,4%	63,4%	66,5%
Læknadeild	31,7%	38,5%	46,8%	54,5%	58,2%	60,9%	59,6%
Heimspekkideild	20,4%	22,7%	25,2%	29,6%	35,6%	35,9%	39,9%
Félagsvísindadeild	18,3%	21,3%	27,9%	26,3%	28,1%	32,0%	34,7%
Guðfræðideild	24,2%	19,4%	19,3%	20,8%	22,5%	25,5%	24,3%

¹⁸ Ef miðgildsgögn eru skoðuð eru niðurstöður miðað við háskólapróf mjög svipaðar. Nýnemar í verkfræðideild hafa áfram hæstar launavæntingar en þeir í heimspekkideild lægstar. Miðað við miðgildsgögn hafa nýnemar í verkfræðideild 45% hærri launavæntingar en nýnemar heimspekkideildar fyrstu tvö árin á vinnumarkaði með háskólapróf, en það er nokkuð hærra en meðaltalsgögn gáfu til kynna. Verkfræðinamar hafa rúmum 78% hærri launavæntingar en heimspekinamar eftir 31 ár á vinnumarkaði að starfslokum miðað við miðgildsgögn sem er örliðtið lægra en þegar miðað var við meðaltalsgögn.



Mynd 7.5 Ráðstöfunartekjur á mánuði yfir ævina eftir deildum, miðað við stúdentspróf

Eins og sjá má á töflu 7.6 og mynd 7.5 búast nýnemar verkfræðideildar við að háskólapróf sitt hækki æviráðstöfunartekjur, frá því sem þær eru miðað við stúdentspróf, hlutfallslega mest meðal deilda eða frá 43,2% fyrstu tvö árin á vinnumarkaði upp í 108% eftir 31 ár á vinnumarkaði. Nýnemar félagsvísindadeildar hafa næst lægstar væntingar um hlutfallslegan mun á milli ráðstöfunartekna yfir ævina en lægstar væntingar um hlutfallslega hækjun ráðstöfunartekna við háskólapróf hafa nýnemarguðfræðideildar en þar vex munurinn ekki eins og hjá öllum öðrum deildum heldur er 24,2% fyrstu tvö árin á vinnumarkaði en tæp 24,3% eftir 31 ár á vinnumarkaði.

7C Samantekt

Nýnemar búast við því að ráðstöfunartekjur (heildarlaun eftir skatta) þeirra muni hækka tölувert við það að taka háskólapróf. Fyrstu tvö árin á vinnumarkaði miðað við forsendurnar tvær um menntun er munurinn um 28% og hann vex jafnt og þétt yfir ævina þar til eftir 31 ár á vinnumarkaði miðað við forsendurnar tvær er munurinn orðinn tæp 61%.

Karlar hafa væntingar um hærri ráðstöfunartekjur á vinnumarkaði miðað við stúdentspróf en konur, munurinn yfir ævina er frá tæpum 11% til um 17%. Ef miðað er við háskólapróf eru karlar einnig hærri en munurinn er frá rúnum 13% til 16,5% eða mjög svipaður og miðað við stúdentspróf. Væntingar karla og kvenna um hlutfallslega hækkun ráðstöfunartekna við háskólapróf eru mjög svipaðar. Meðal karla er munurinn frá 30% fyrstu tvö árin á vinnumarkaði og vex síðan jafnt og þétt yfir ævina þannig að eftir 31 ár er munurinn orðinn tæp 61%. Meðal kvenna hækkar munurinn á ævitekjum miðað við forsendurnar tvær frá rúnum 27% fyrstu tvö árin á vinnumarkaði upp í rúm 61% eftir 31 ár á vinnumarkaði.

Nýnemar í verkfræðideild hafa í öllum tilvikum mestar væntingar um ráðstöfunartekjur miðað við stúdentspróf en nýnemar í heimspekkideild hafa í öllum tilvikum lægstar tekjuvæntingar miðað við stúdentspróf. Nýnemar í verkfræðideild hafa 17,5% hærri væntingar en nýnemar heimspekkideildar fyrstu tvö árin á vinnumarkaði miðað vð stúdentspróf, en miðað við háskólapróf munar 40% á launavæntingum nýnema í þessum tveimur deildum. Verkfræðinemar hafa 25% hærri væntingar um ráðstöfunartekjur en heimspekinemar eftir 31 ár á vinnumarkaði til starfsloka með stúdentspróf en eftir sama tíma á vinnumarkaði með háskólapróf hafa nýnemar í verkfræðideild 86% hærri væntingar um ráðstöfunartekjur. Miðgildsgögn gefa mjög svipaðar niðurstöður.

Nýnemar verkfræðideildar búast við að háskólapróf sitt hækki ráðstöfunartekjur hlutfallslega mest meðal deilda eða frá 43,2% fyrstu tvö árin á vinnumarkaði upp í 108% eftir 31 ár á vinnumarkaði. Guðfræðideild hefur lægstar væntingar um hlutfallslega hækkun ráðstöfunartekna við háskólapróf en þar vex munurinn ekki eins og hjá öllum

öðrum deildum heldur er 24,2% fyrstu tvö árin á vinnumarkaði og er 24,3% eftir 31 ár á vinnumarkaði.

Nýnemar verkfræðideildar eru í sérflokki meðal deilda hvað varðar háar ráðstöfunartekjur og mikinn hlutfallslegan mun á milli ráðstöfunartekna, miðað við stúdentspróf og háskólapróf. Nýnemar heimspekkideildar sem höfðu væntingar um lægstar ráðstöfunartekjur miðað við báðar forsendur hafa hins vegar ekki lægstar væntingar um hlutfallslega hækjun á milli ráðstöfunartekna miðað við stúdentspróf og háskólapróf, heldur hafði guðfræðideild lægstar væntingar um hlutfallslega hækjun eins og kom fram að ofan.

Þegar skoðaðar eru launavæntingar nýnema miðað við stúdentspróf á vinnumarkaði, kemur í ljós að væntingar um laun eru mjög mismunandi eftir deildum. Fylgni er milli launavæntinga mismunandi deilda miðað við forsendur um stúdentspróf og háskólapróf. Þessar niðurstöður vekja upp stórar spurningar varðandi arðsemisútreikninga við háskólanám, í þeim tilvikum sem aðeins er miðað við einn viðmiðunarhóp þeirra sem hafa stúdentspróf sem borin er saman við marga hópa háskólamanna við útreikning arðsemi. Á niðurstöðum þessa kafla má sjá að væntingar nýnema milli deilda eru mjög ólíkar, bæði með tilliti til stúdentsprófs og háskólaprófs, og því geta kannanir sem miða marga hópa háskólamanna við einn viðmiðunarhóp þeirra sem hafa stúdentspróf gefið mjög skakkar niðurstöður um arðsemi náms, beinlínis vegna rangra forsendna.

8. Arðsemismat

Í þessum kafla er þess freistað að meta þá arðsemi sem nýnemar vænta af því háskólaprófi sem þeir stunda í Háskóla Íslands. Miðað er við þá forsendu að háskólanám sé fjárfesting og nýnemar hafi ræðar vændir (e. rational expectations), það er séu hagsýnir. Í skoðanakönnuninni sem gerð var í tengslum við þetta verkefni voru nýnemar spurðir um helstu þætti sem hafa áhrif á fjárhagslegan ábata og kostnað við háskólanám. Markmið þess að framkvæma arðsemismat er að kanna hvort nýnemar vænti þess að hljóta arð af fjárfestingu í háskólanámi, hver hún þá sé og hvort hún sé mismunandi á milli kynja og deilda.

8A Aðferð arðsemismats

Kostnaðar- og ábatagreining (e. cost-benefit analysis) er aðferð til þess að rannsaka arðsemi fjárfestinga. Aðferðin felur í sér mat á ábata og kostnaði skilgreindrar fjárfestingar og reiknað er hvort virði hennar sé jákvætt eða neikvætt. Aðferðin tekur tillit til verðþróunar í hagkerfinu með því að reikna tímavirði peninga í tengslum við hvenær kostnaður og ábati fellur til. Tvær aðferðir eru helst notaðar til þess að reikna kostnaðar- og ábatagreiningu miðað við vexti, annars vegar aðferð núvirðis (e. net present value) og hins vegar aðferð innri vaxta (e. internal rate of return), en þessar aðferðir eru notaðar við útreikninga á væntri arðsemi háskólanáms sem kynnt er hér síðar í kaflanum.

Aðferðir núvirðis og innri vaxta eru hluti af kostnaðar og ábatagreiningu þar sem sú krafa er gerð til fjárfestinga að þær skili ávöxtun, fram yfir verðþróun. Ef viðkomandi ávöxtunarkrafa er ekki núll skiptir máli hvenær á tímabili fjárfestingarinnar tekjur og kostnaður falla til og því eru aðferðirnar tvær nauðsynleg hjálpartæki kostnaðar og ábatagreiningar. Skilgreining núvirðis fjárfestingar er: ákveðin upphæð í dag sem er jafn mikils virði og ákveðin upphæð sem er ávöxtuð í tiltekinn fjölda ára. Núvirði fjárfestingar er reiknað út fyrir ákveðna vexti til þess kanna hvort fjárfestingin sé arðbær miðað við þá tilteknu ávöxtunarkröfu. Skilgreining innri vaxta er hins vegar: þeir vextir sem gera núvirði fjárfestingar jafna nálli. Munurinn á aðferðunum tveimur er í stuttu máli sá að í núvirðisaðferðinni er miðað við ákveðna vexti (ávöxtunarkröfu) og

virði fjárfestingar á núvirði reiknað í peningum, en með aðferð innri vaxta eru þeir vextir reiknaðir sem gera núvirði fjárfestingarinnar jafna nálli. Þegar aðferðirnar eru báðar notaðar geta niðurstöður þeirra stangast á vegna þess að fjárfestingar eru misnæmar fyrir vaxtabreytingu eftir því hyenær afrakstur þeirra fellur til en nánar verður vikið að því í niðurstöðum síðar í kaflanum. Aðferð innri vaxta hefur notið talsvert meiri hylli í útreikningum á arðsemismati. Ástæðan er sú að auðveldara er að bera útkomu úr aðferð innri vaxta beint saman við aðra fjárfestingarmöguleika.

8B Líkan arðsemismatsins

Ábati við háskólanám liggur í aukningu tekna eftir námið og ýmsum vand-eða ómælanlegum þáttum eins og auknum lífsþroska, hamingju og svo framvegis. Í arðsemismatinu er litið framhjá þessum þáttum og er peningaleg arðsemi aðeins skoðuð. Þeir þættir sem hafa áhrif á arðsemismatið eru eftirfarandi:

Ábati:

Hækkun ráðstöfunartekna við fjárfestingu í háskólaprófi

Reiknaður er sá munur sem háskólanemar telja að verði á ráðstöfunartekjum sínum miðað við, stúdentspróf annars vegar og háskólapróf hins vegar. Tekið er tillit til þess að á meðan háskólanemar stunda nám hafa þeir mögulega tekjur á sumrin og með námi. Í skoðanakönnuninni sem framkvæmd var í tengslum við rannsóknina voru nýnemar spurðir um aldur, hvað þeir byggjust við að vera lengi að ljúka námi sínu auk þess hvað þeir byggjust við að hafa í tekjur yfir ævina miðað við stúdentspróf og háskólapróf eins og fjallað var um í kafla 7. Gert var ráð fyrir að nýnemar væntu þess að starfa til 67 ára aldurs miðað við báðar forsendur um menntun.

Kostnaður:

Tapaðar ráðstöfunartekjur á meðan á námi stendur

Hér er reiknaður sá fórmarkostnaður sem felst í lægri tekjum á meðan á námi stendur. Liðurinn er reiknaður með því að draga frá árslaunum eftir stúdentspróf þættina sumarlaun og laun með námi sem eru hvort tveggja tölur fengnar úr niðurstöðum spurninga sem nýnemar svöruðu í skoðanakönnuninni. Stærð tapaðra ráðstöfunartekna á meðan námi stendur ræðst einnig af því hve lengi námsmenn búast við að vera að

klára háskólanám sitt, það er hve langan tíma þeir tapa ráðstöfunartekjum vegna náms síns.

Hækkun framfærslu

Nýnemar voru beðnir um að meta hvort framfærsla þeirra hefði hækkað við að fara í háskólanám og þá hve mikið, hér er átt við hækkun til dæmis vegna aukins húsnæðiskostnaðar og búferlaflutninga.

Skólagjöld og bókakostnaður

Skólgjöldin eru þau sömu fyrir alla nemendur háskólans en í skoðanakönnuninni voru nýnemar beðnir um að tilgreina meðalbókakostnað á önn yfir nám sitt.

Kostnaður vegna Lánasjóðs íslenskra námsmanna

Nýnemar voru spurðir í skoðanakönnuninni hve mikinn hluta af námstímanum þeir byggjust við að taka námslán. Gert er ráð fyrir að nýnemar hafi ræðar vændir (e. rational expectations) og því er gert ráð fyrir að nýnemar búist við að taka sömu námslán í námi sínu og nemendur í þeirra námsgrein gera að meðaltali¹⁹. Talan sem fíkkst í skoðanakönnuninni um hvað nýnemar væntu að taka námslán í langan tíma af námi sínu og upplýsingar um meðallán námsgreina í háskólanum voru síðan notaðar til þess að meta hve háa upphæð nýnemar væntu að taka. Námslán LÍN²⁰ bera 1% vexti fram yfir verðtryggingu en vextir fram yfir verðtryggingu teljast einungis kostnaður samkvæmt hagfræðilegri aðferðarfraði. Ekki er litið á verðtryggingu sem kostnað sem fellur á námsmann heldur tilfærslu fjármuna í tíma og því er kostnaður vegna LÍN í arðsemismatinu óverulegur og eflaust minni en einhverjir hefðu ímyndað sér.

¹⁹ Miðað er við upplýsingar um meðalnámslán námsgreina háskólans á haust- og vorönn 1996 frá Lánasjóði íslenskra námsmanna. Til að fá meðaltal námslána hverrar deildar voru tölurnar vegrar með sömu heildarvög og notuð er til að vega aðrar niðurstöður í verkefninu. Tölur um námslán nýnema alls, kynja og deilda sem notaðar voru við arðsemismatið má finna í viðauka.

²⁰ Við reikninga á endurgreiðslu námslána er miðað við eftirfarandi forsendur: Á námstímanum er lánið tengt lánskjaravísitölu. Þegar námsmaður líkur námi (námslok) fer lánið á 1 % vexti en fyrsti gjalddagi er tveimur árum eftir námslok. Endurgreiðslur eru 5 % af brúttótekjum fystu fimm árin og hækka síðan í 7 % eftir fimm ár. Tvær greiðslur eru á ári, sú fyrri þann 1. mars, svokölluð föst afborgun, sem er 48.000 og miðast við lánskjaravísitölu 3.198. Fastagreiðslan miðað við 1996 var $48.000 * 3440 / 3198 = 51.632$ krónur. Seinni greiðslan, 1. sept., er síðan miðuð við tekjur ársins á undan og er 5% eða 7%. Samkvæmt framansögðu dregst síðan fastagreiðslan frá þeirri tekjutengdu.

8C Niðurstöður arðsemismats fyrir nýnema alls og kyn

Arðsemismat var framkvæmt miðað við meðaltalsgögn og miðgildisgögn úr skoðanakönnuninni. Ástæðan fyrir því að einnig var reiknuð arðsemi miðað við miðgildi er sú að launatölur eru skekktar upp á við miðað við normaldreifingu vegna þess að öll öfgagildi launa liggja upp á við. Yfirleitt gefa meðaltalsútreikningar hærri arðsemi en miðgildisútreikningar þegar arðsemi háskólaprófs er reiknuð en það er þó ekki algilt. Almennt er miðað við meðaltalsgögn í rannsóknum á arðsemi menntunar, þrátt fyrir fyrrgreinda skekkju og verður sá háttur einnig hafður á í þessari rannsókn. Niðurstöður miðað við miðgildistölur munu koma fram neðanmáls í tengslum við helstu niðurstöður auk þess sem finna má útreikninga fyrir miðgildi og meðaltöl í viðauka.

Í umfjöllun um vænta arðsemi háskólanáms nýnema verða raktar þær tölur sem standa að baki útreikningum miðað við meðaltalsgögn til þess betur sé hægt að átta sig á því samspili þátta sem standa að baki útreikningunum.

Mögulegt er að nemar hafi tekjur á sumrin og með námi þau ár sem þeir stunda háskólanám sitt. Áætlaður meðalnámstími nýnema frá upphafi háskólanáms til námsloka er um fjölgur ár. Sumarlaun á meðan háskólanemar eru í námi eru að meðaltali 112.794 krónur á mánuði og gert er ráð fyrir því að nemar stundi fulla vinnu í þrjá mánuði yfir sumartímann. Laun nýnema með námi eru að meðaltali 10.086 krónur á mánuði og gert er ráð fyrir að þessar tekjur falli til hina níu mánuðina á meðan háskólanám er stundað. Þessir þættir ásamt væntum tekjum eftir háskólapróf eru reiknaðir saman í væntar heildarævitekjur nýnema eftir skatta, það er ráðstöfunartekjur. Væntar heildarævitekjur nýnema eftir skatta frá upphafi háskólanáms til sextíu og sjö ára aldurs, eru að meðaltali 68.410.753 krónur. Með því að reikna svo út meðaltal heildarævitekna nýnema, miðað við þá forsendu að þeir hefðu ekki farið í háskóla heldur farið að vinna eftir framhaldsskóla og unnið til sextíu og sjö ára aldurs, hefðu þeir hins vegar unnið sér inn að meðaltali 48.321.444 krónur. Inn í arðsemisútreikninga háskólanáms verður einnig að taka kostnað við háskólanám eins og skólagjöld, bókakostnað, hækjun framfærslu og vaxtakostnað vegna LÍN. Skólagjöld og bókakostnaður eru að meðaltali 66.673 krónur á ári á meðan á háskólanámi stendur og meðalhækjun framfærslu vegna háskólanáms er 68.403 krónur á ári. Vaxtakostnaður við LÍN er að meðaltali 88.497 krónur sem dreifast á þrettán ár eftir háskólanámið eða

þangað til lánið hefur verið borgað upp. Með þessum tölum má reikna út vænt virði háskólaprófs miðað við enga ávöxtunarkröfu, það er án þess að tekið sé tillit til tímavirðis peninga. Á töflu 8.1 má sjá hverjar niðurstöður vænts virðis háskólaprófs er miðað við enga ávöxtunarkröfu sem og miðað við 2% og 5% ávöxtunarkröfu. Það að miða við enga ávöxtunarkröfu er aðeins gert til skýringar en að sjálfsögðu er það óraunsætt því einhver verð- og launaþróun er ávallt í hagkerfinu. Þegar virði fjárfestingar í háskólaprófi er reiknað með tilliti til 2% ávöxtunarkröfu mætti líkja ávöxtunarkröfu nýnema við þá kröfum að fjárfesting í háskólanámi sé miðuð við að verðþróun verði að meðaltali um 2%. Þegar virði fjárfestingar er reiknað miðað við 5% ávöxtunarkröfu má líkja því við að miðað sé við svipaða ávöxtunarkröfu og sparireikningar í bankakerfinu hafa gefið undanfarin ár. Á töflu 8.1 er síðan reiknuð út meðalarðsemi nýnema við fjárfestingu í háskólanámi með notkun aðferð innri vaxta.

Tafla 8.1 *Vænt arðsemi háskólanáms nýnema*

	Nýnemar alls
Vænt virði háskólaprófs m. v. enga ávöxtunarkröfu	19.459,864
Vænt virði háskólaprófs m. v. 2% ávöxtunarkröfu	10.746,350
Vænt virði háskólaprófs m.v. 5% ávöxtunarkröfu	4.462,130
Vænt arðsemi við fjárfestingu í háskólanámi	12,2%

Vænt virði háskólaprófs miðað við enga ávöxtunarkröfu, það er munurinn á væntum heildarævitekjum nýnema miðað við að taka stúdentspróf eða háskólapróf að meðreiknuðum kostnaði við háskólanám er 19.459.864 krónur. Hér hefur ekki verið tekið tillit til tímavirðis peninga. Þegar vænt virði háskólaprófs er reiknað miðað við 2% ávöxtunarkröfu verður munurinn á væntu virði háskólaprófs nýnema 10.746.350 en sé miðað við hærri vexti eða 5% fellur virði fjárfestingarinnar niður í 4.462.130 krónur²¹. Vænt arðsemi (væntir innri vextir) fjárfestingar nýnema í háskólaprófi er miðað við meðaltalsgögn 12,2%²². Af þessu má því sjá að nýnemar vænta hárrar arðsemi við nám sitt.

²¹ Útreikningar með miðgildisgögnum á væntu virði háskólaprófs miðað við enga ávöxtunarkröfu gefa 13.419.327 krónur. Miðað við 2% ávöxtunarköfum verður munurinn á væntu virði háskólaprófs 6.897.253 krónur miðað við miðgildildisgögn. Sé miðað við 5% ávöxtunarkröfu arðsemisútreikningum með miðgildisgögn er vænt virði háskólaprófs 2.339.225 krónur.

²² Væntir innri vextir fjárfestingar nýnema í háskólanámi eru 9% miðað við útreikninga með miðgildisgögn.

Eins og kom fram í sjöunda kafla hafa karlar hærri launavæntingar en konur, bæði miðað við laun á vinnumarkaði með stúdentspróf og háskólapróf. Það að karlar búast við hærri tekjum segir þó ekki allt um arðsemi námsins, heldur skiptir innbyrðis munur á milli væntinga um tekjur miðað við forsendurnar tvær máli, sem og námstími, aldur og ýmis kostnaður á meðan námi stendur. Niðurstöður fyrir kyn í háskólanum miðað við meðaltalsgögn má sjá á töflu 8.2 og mynd 8.1 og 8.2.

Tafla 8.2 *Vænt arðsemi háskólanáms karla og kvenna meðal nýnema*

	Karlar	Konur
Vænt virði háskólaprófs m. v. 0% ávöxtunarkröfu	21.790,216	17.969,872
Vænt virði háskólaprófs m. v. 2% ávöxtunarkröfu	12.007,319	9.978,373
Vænt virði háskólaprófs m.v. 5% ávöxtunarkröfu	5.030,609	4.155,137
Vænt arðsemi við fjárfestingu í háskólanámi	12,7%	12,0%

Á myndinni er núvirði táknað NPV og prósentutalan sem kemur þar á eftir táknað ávöxtunarkröfuna sem miðað er við. Vænt virði fjárfestingar í háskólaprófi miðað við enga vexti er eins og sjá má 21.790.216 krónur fyrir karla en 17.969.872 krónur fyrir konur miðað við meðaltalsgögn²³. Sé miðað við 2% vexti fer vænt virði háskólaprófs karla niður í 12.007.319 krónur en miðað við konur niður í 9.978.373 krónur. Sé miðað við 5% vaxtakröfu við fjárfestingu í háskólanámi lækkar vænt virði fjárfestingar karla í háskólaprófi niður í 5.030.609 krónur en fyrir konur niður í 4.155.137 krónur. Karlar hafa samkvæmt þessu væntingar um hærra virði háskólanáms síns en konur miðað við allar forsendur um ávöxtunarkröfu. Á mynd 8.2 er niðurstaða um vænta arðsemi fjárfestingar karla og kvenna reiknuð út með aðferð innri vaxta.

Væntingar nýnema um arðsemi við fjárfestingu í háskólaprófi eru miðaðar við meðaltalsgögn²⁴ 12,7% fyrir karla en örlítið lægri fyrir konur eða 12,0%. Vænt virði fjárfestingar í háskólanámi er því hærra meðal karla en kvenna miðað við allar forsendur um ávöxtunarkröfu.

²³ Miðað við miðgildisgögn lækkar virði fjárfestingarinnar miðað við enga ávöxtunarkröfu nokkuð eða í 18.293.844 krónur en 10.495.550 krónur fyrir konur. Miðað við 2% ávöxtunarkröfu og miðgildisgögn er virði fjárfestingarinnar 9.723.735 fyrir karla en 5.728.723 fyrir konur. Miðað við 5% ávöxtunarkröfu og miðgildisgögn er virði fjárfestingarinnar 3.703.351 fyrir karla en 1.659.032 fyrir konur. Vænt arðsemi karla af háskólaprófi er því hærri miðað við bæði meðaltals og miðgildisgögn.


²⁴ Miðað við miðgildisgögn breytist ávöxtunarkrafa nýnema nokkuð, það er ávöxtunarkrafan verður 10,5% fyrir karla en 8,2% fyrir konur. Ávöxtunarkrafan er eins og sjá má nokkuð lægri og munurinn á milli kynjanna er eins og sjá má meiri fyrir miðgildisgögn en miðað við meðaltalsgögn.

8D Væntingar nýnema eftir deildum um arðsemi háskólanáms

Hér á undan hefur komið fram að nýnemar alls og bæði kyn búast við talsverðri arðsemi af háskólanámi sínu. Munurinn var nokkur meðal kynja og einnig er munur meðal deilda. Á töflu 8.3 má sjá niðurstöður virðis háskólaprófs deilda reiknað út miðað við meðaltalsgögn:

Tafla 8.3 *Vænt arðsemi háskólanáms eftir deildum*

	NPV 0%	NPV 2%	NPV 5%
Verkfræðideild	47.603,983	26.851,497	12.144,419
Viðskipta- og hagfræðideild	29.897,878	16.769,251	7.470,940
Lagadeild	27.007,980	14.051,107	5.071,664
Raunvísindadeild	23.679,360	13.416,036	6.047,093
Læknadeild	19.172,382	10.204,327	3.806,974
Heimspekideild	10.211,771	5.721,444	2.335,834
Félagsvísindadeild	10.460,937	5.655,811	2.189,390
Guðfræðideild	5.087,571	2.589,090	672,999



Mynd 8.1 *Vænt virði háskólaprófs nýnema eftir deildum Háskóla Íslands*

Eins og sjá má búast nýnemar verkfræðideildar við hæstu virði háskólaprófs síns miðað við allar forsendur um ávöxtunarkröfu, það er 0%, 2% og 5%. Vænt virði náms nýnema í verkfræðideild er rúmum 24 milljónum hærra en deildarinnar sem býst við minnstu virði háskólaprófs síns miðað við 2% ávöxtunarkröfu eða guðfræðideildar. Miðað við sömu forsendu um ávöxtunarkröfu vænta nýnemar verkfræðideildar rúmum tíu

milljónum hærra virðis við fjárfestingu í háskólaprófi heldur en nýnemar viðskipta og hagfræðideildar sem vænta næst hæsts virði fjárfestingar í námi. Miðað við 5% ávöxtunarkröfu er virði háskólaprófs nýnema verkfræðideildar tæpum ellefu og hálfrí milljón króna hærri en nýnema í guðfræðideild, en rúmum fjórum og hálfrí milljón króna hærri en nýnema í viðskipta- og hagfræðideild. Nýnemar viðskipta- og hagfræðideildar vænta næst hæsts virðis á eftir verkfræðideild, bæði miðað við 2% og 5% ávöxtunarkröfu. Nýnemar lagadeildar búast við þriðja hæsta virði fjárfestingar í háskólaprófi miðað við 2% ávöxtunarkröfu en miðað við 5% ávöxtunarkröfu er vænt virði fjárfestingar raunvísindadeildar orðið hærra. Á þessum deildum og viðskipta- og hagfræðideild munar rúmum tveimur og hálfrí milljón miðað við forsendurnar tvær. Nýnemar læknadeildar koma næst á eftir nýnemum raunvísindadeildar miðað við 2% ávöxtunarkröfu með mun hærra vænt virði við háskólanám sitt heldur en nýnemar félagsvísindadeildar sem koma þar á eftir. Munurinn minnkar þó mjög miðað við 5% ávöxtunarkröfu en miðað við þá forsendu er vænt virði nýnema heimspekkideildar orðið hærri en vænt virði háskólaprófs nýnema félagsvísindadeildar. Nýnemar guðfræðideildar búast í öllum tilvikum við lægstu virði af háskólaprófi sínu en miðað við 5% ávöxtunarkröfu er vænt virði fjárfestingar í háskólaprófi nýnema í guðfræðideild orðið um 673 þúsund krónur. Niðurstafaðan er því sú að nýnemar allra deilda vænta jákvæðs virði af fjárfestingu í háskólaprófi sínu miðað við 2% og 5% ávöxtunarkröfu, en virðið er breytilegt milli deilda.


Ef niðurstöðurnar eru skoðaðar má sjá að röð deilda er mismunandi með tilliti til virðis fjárfestingar í háskólanámi eftir því við hvaða ávöxtunarkröfu er miðað. Til dæmis er vænt virði fjárfestingar lögfræðideildar í háskólaprófi hærra en raunvísindadeildar miðað við 2% ávöxtunarkröfu en ef miðað er við 5% ávöxtunarkröfu er vænt virði fjárfestingar nýnema raunvísindadeildar hærra. Athyglisvert er að skoða niðurstöður um vænta arðsemi fjárfestinga deilda með tilliti til þessa atriðis því þá getur röðin breyst enn meira. Ástæðan fyrir þessari breytingu, eftir því við hvaða forsendur um ávöxtunarkröfu er miðað, er að eftir því sem ávöxtunarkrafan hækkar fær námstími og sá kostnaður, sem námsmenn taka á sig á meðan þeir eru í námi, aukið vægi í arðsemisútreikningi. Arðsemi nýnema, í þeim deildum þar sem væntur námstími er tiltölulega stuttur, verður því tiltölulega betri eftir því sem ávöxtunarkrafan er hærri.

Dæmi um þetta var nefnt hér að ofan þar sem fjárfesting nýnema raunvísindadeilda varð betri en nýnema lögfræðideilda við 5% ávöxtunarkröfu en miðað við 2% ávöxtunarkröfu væntu nýnemar lögfræðideilda hærri arðsemi. Þegar vænt arðsemi fjárfestingar nýnema eftir deildum háskólans er borin saman hér á eftir kemur vel í ljós hvað námstími skiptir miklu máli í útreikningum en eins og fram hefur komið er vænt arðsemi reiknuð með aðferð innri vaxta. Innri vextir eru skilgreindir sem sú ávöxtunarkrafa sem gerir núvirði fjárfestingar að nálli. Tafla 8.4 sýnir vænta arðsemi nýnema við nám sitt.

Tafla 8.4 *Arðsemikrafa nýnema eftir deildum*

	IRR
Verkfræðideild	17,0%
Viðskipta- og hagfræðideild	16,1%
Raunvísindadeild	15,4%
Heimspekideild	10,8%
Félagsvísindadeild	10,5%
Lagadeild	10,1%
Læknadeild	10,1%
Guðfræðideild	7,1%

Vænt arðsemi deilda við fjárfestingu í háskólaprófi



Mynd 8.2 *Arðsemiskrafa fjárfestingar í háskólaprófi eftir deildum nýnema HI*

Verkfræðinamar búast við hæstri arðsemi við fjárfestingu í háskólanámi sínu eða 17,0%. Viðskipta og hagfræðideild kemur þar á eftir með 16,1% og þar á eftir raunvísindadeild

með 15,4% arðsemi. Þessar deildir skera sig úr þegar vænt arðsemi er skoðuð. Eins og sjá má á þessu er þetta sama röðin og þegar núvirði var reiknað miðað við 5% ávöxtunarkröfu. Ástæðan fyrir því að þessar deildir búast við hæstri arðsemi við nám sitt er samspli mismunandi launavæntinga miðað við forsendurnar tvær um menntun sem kom fram í sjöunda kafla, sem og vænts námstíma til háskólaprófs. Væntur námstími hefur tölvert vægi í útreikningum og vægi hans eykst með aukinni ávöxtunarkröfu vegna hækunar á fórmarkostnaði tapaðs tíma á vinnumarkaði og annars kostnaðar við námið á meðan á því stendur eins og bókkostnaði, skólagjöldum og svo framvegis. Nýnemar verkfræðideildar hafa væntingar um mikla hækjun tekna sinna eftir háskólapróf en áætlaður námstími er um fjögur og hálft ár. Nýnemar viðskipta- og hagfræðideildar hafa einnig tölvert háar væntingar um hækjun tekna sinna eftir háskólanám en væntur meðalnámstími eru tæp fjögur ár. Raunvísindadeild hafði nokkuð háar væntingar um hækjun launa sinna eftir háskólapróf, þótt þær séu ekki eins háar væntingar og fyrرنefndra deilda, en vænt námslengd meðal nýnema í raunvísindadeild er rúm þrjú ár og líklegt er að þessi stutti námstími vegi mikið í háum væntingum um arðsemi nýnema í viðkomandi deild. Á eftir þessum deildum koma heimspekkideild, félagsvísindadeild, lagadeild og læknadeild allar með vænta innri arðsemi á milli 10 og 11%. Athyglisvert er að heimspeki- og félagsvísindadeild búast við hærri innri arðsemi en lögfræði- og læknadeild sem er breyting frá því sem var miðað við núvirðisreikninga miðað við 2% og 5% og þrátt fyrir að launavæntingar síðarnefndu deildanna hafi verið mun hærri eins og sjá mátti í sjöunda kafla. Ástæðan fyrir þessu er er að sá tími sem námið tekur og aukin kostnaður samfara þessum tíma fær meira vægi í arðsemismati eftir því sem ávöxtunarkrafa eykst. Áætlaður meðalnámstími til loka háskólaprófs er tæp þrjú og hálft ár í heimspeki- og félagsvísindadeild á móti fimm og hálfu ári í lagadeild og fimm árum í læknadeild. Guðfræðinemar hafa áberandi minnstar væntingar nýnema um innri arðsemi nám síns miðað við meðaltalsgögn eða 7,1%. Helstu ástæður fyrir þessu eru sennilega þær að vænt meðalnámslengd meðal nýnema í guðfræðideild er um tæp fimm ár sem er í hærra lagi, auk þess sem þeir væntu tiltölulega lítillar hækunar launa sinna miðað við fjárfestingu í háskólagráðu. Það er greinilegt af þessum tölum að nýnemar í deildum Háskóla Íslands búast við mismunandi

hárrí arðsemi náms síns en allar deildir búast þó við að það sé arðsamt miðað við forsendu um 7% ávöxtunarkröfu. Miðgildsgögn²⁵ breyta þessari niðurstöðu ekki.

8E Samantekt

Vænt virði háskólaprófs miðað við enga ávöxtunarkröfu er 19.459.864 krónur. Þegar vænt virði háskólaprófs er reiknað miðað við 2% ávöxtunarkröfu verður munurinn á væntu virði háskólaprófs nýnema 10.746.350. Þegar er miðað við hærri vexti eða 5% fellur virði fjárfestingarinnar niður í 4.462.130 krónur. Vænt arðsemi (væntir innri vextir) nýnema við fjárfestingu í háskólaprófi eru miðað við meðaltalsgögn 12,2%.

Vænt virði fjárfestingar í háskólaprófi miðað við enga vexti er 21.790.216 krónur fyrir karla en 17.969.872 krónur fyrir konur. Þegar þessar tölur eru settar í samband við breytingar peninga í tíma minnkars virðið að sjálfsögðu en er þó enn jákvætt fyrir alla hópa miðað við 5% vexti. Vænt arðsemi nýnema við fjárfestingu í háskólaprófi er miðað við meðaltalsgögn 12,7% fyrir karla en örlitið lægri hjá konum eða 12,0%.

Nýnemar verkfræðideildar búast við hæstu virði háskólaprófs síns miðað við allar forsendurnar um ávöxtunarkröfu, það er 0%, 2% og 5%. Vænt virði náms nýnema í verkfræðideild er rúmum 24 milljónum hærra en deildarinnar sem býst við minnstu virði háskólaprófs síns miðað við 2% ávöxtunarkröfu eða guðfræðideildar. Miðað við 5% ávöxtunarkröfu er virði háskólaprófs nýnema í verkfræðideild tæpum ellefu og hálfrí milljón hærra en vænt virði náms nýnema í guðfræðideild. Nýnemar viðskipta- og hagfræðideildar vænta næst hæsts virðis háskólanáms síns á eftir verkfræðideild bæði miðað við 2% og 5% ávöxtunarkröfu. Nýnemar lagadeildar búast við þriðja hæsta virði fjárfestingar í háskólaprófi miðað við 2% ávöxtunarkröfu en miðað við 5% ávöxtunarkröfu er vænt virði fjárfestingar raunvisindadeildar orðið hærra.

²⁵ Ef miðað er við miðgildsgögn í stað meðaltalsgagna vænta nýnemar í verkfræðideild áfram hæstrar arðsemi við háskólamenninum sína eða um 15% og viðskipta- og hagfræðinemar eru áfram næstir á eftir með 13,5%. Raunvisindadeild er hins vegar ekki með þriðju hæstu vænta arðsemi eins og þegar miðað var við meðaltalsgögn heldur lögfræðideild sem er eina deildin þar sem vænt arðsemi hækkar miðað við útreikninga með miðgildsgögnum. Félagsvisindadeild kemur þar á eftir með 9,4% vænta arðsemi og síðan heimspekideild með 8,7%. Læknadeild er einnig næst neðst miðað við útreikninga með miðgildsgögnum og nýnemar í guðfræðideild hafa áfram lægstar væntingar um arðsemi náms síns eins og við útreikninga með meðaltalsgögnum.

Nýnemar læknadeildar koma næst á eftir nýnemum raunvísindadeildar miðað við 2% ávöxtunarkröfu með mun hærri vænta arðsemi við háskólanám sitt heldur en nýnemar félagsvísindadeildar sem koma þar á eftir. Munurinn minnkar mjög miðað við 5% ávöxtun en miðað við þá forsendu er vænt virði nýnema heimspekkideildar orðið hærra en nýnema félagsvísindadeildar. Nýnemar guðfræðideildar búast í öllum tilvikum við lægstu virði fjárfestingar í háskólaprófi sínu en miðað við 5% ávöxtunarkröfu er vænt virði fjárfestingar í háskólaprófi nýnema guðfræðideildar um 673 þúsund krónur. Niðurstaða um vænt virði háskólaprófs deilda er því sú að nýnemar vænta jákvæðs virðis við fjárfestingu í háskólaprófi miðað við 2% og 5% ávöxtunarkröfu, en virðið er mis hátt eftir deildum.

Verkfræðinamar búast við hæstri arðsemi við fjárfestingu í háskólanámi sínu eða 17,0%. Viðskipta og hagfræðideild kemur þar á eftir með 16,1% og þar á eftir raunvísindadeild með 15,4% vænta arðsemi við fjárfestingu í háskólanámi. Þessar deildir skera sig úr hvað varðar háar væntingar þegar arðsemi er skoðuð út frá forsendum þeirra. Á eftir þessum deildum koma heimspekkideild, félagsvísindadeild, lagadeild og læknadeild, allar með vænta arðsemi á bilinu 10-11%. Guðfræðinamar hafa áberandi minnstar væntingar nýnema um arðsemi náms síns eða 7,1%.

Fjárfesting í háskólanámi er greinilega arðsöm miðað við þær forsendur sem nýnemar í háskólanum gefa sér. Nýnemar í Háskóla Íslands gera ráð fyrir að fjárfesting í háskólanámi sé arðsöm, þar af bæði kyn og nýnemar í öllum deildum háskólans. Arðsemin er mis há milli deilda en allar deildir búast þó við jákvæðri ávöxtun sem er í flestum tilvikum samkeppnishæf við kosti á fjármagnsmarkaði hvað varðar ávöxtun.

9. Stúdentar af hugsjón?

Í þessum kafla eru teknar saman niðurstöður rannsóknarinnar. Teknar verða saman niðurstöður fyrir hvern hóp sem skýrslan hefur fjallað um, það er nýnema alls, kyn og deildir. Sérstaklega verður horft á niðurstöðurnar með tiliti til spurningarinnar: Eru nýnemar í Háskóla Íslands „stúdentar af hugsjón?”

9A Nýnemar alls

Meira en helmingur nýnema eru fæddir 1975-77 eða 54,4%. Ef þeim er bætt við sem eru fæddir 1971-1974 telur það tæp 90% nýnema. Það má því til sanns vegar færa að meðal nýnema við Háskóla Íslands sé ungt fólk í meirihluta, þó að rúmur helmingur hafi tekið frí að loknu framhaldsnámi. Stærri hluti nýnema eða tæp 70% eru einhleypir, stærri hluti, eða tæp 84%, eiga ekki börn og rúm 71% bjuggu innan höfuðborgarsvæðisins áður en nám var hafið.

Þeir þættir sem vógu þyngst í þeirri ákvörðun nýnema að hefja háskólanám voru tengdir væntingum um starf í framtíðinni. Yfir 70% nýnema svöruðu að það að „námið er góður grunnur fyrir ýmis störf”, „áhugavert starf krefst háskólamenntunar” og „námið er nauðsynlegur grunnur fyrir ákveðið starf” hefði haft „mikil og frekar mikil áhrif” á þá ákvörðun að hefja háskólanám. Ef einnig eru teknir með þeir nýnemar sem svöruðu að þessir þættir hefðu „nokkur áhrif” á ákvörðun sína eru það 85-90% nýnema. Þeir þættir sem höfðu „mikil og frekar mikil áhrif” á ákvörðun yfir 50% nýnema að fara í háskólanám eru: „mér finnst gaman að vera í námi”, „námið gefur möguleika á starfi erlendis”, „vel launað starf krefst háskólamenntunar”, „fræðilegur áhugi á greininni”, „námið gefur alhliða undirbúning undir lífið” og „háskólanám eykur lífsþroska”.

Stærstur hluti nýnema telja stuðning ríkisins við námsmenn í háskólanámi eiga að vera „meiri en nú” eða 70%. Tæpir tveir þriðju hlutar nýnema vilja ekki taka upp aðgangstakmarkanir við Háskóla Íslands en ef koma þarf til aðgangstakmarkana vegna fjárhagsörðugleika Háskóla Íslands myndi hæst hlutfall nýnema annaðhvort velja að það yrði gert í formi „lágmarkseinkunnar úr framhaldsskóla” eða „inntökuprófs”.

Áhugavert starf skiptir meirihluta nýnema mestu máli í starfi að námi loknu, laun skipta meirihluta nýnema næst mestu máli og atvinnuöryggi skiptir meirihluta nýnema

þriðja mestu máli. Nýnemar telja almennt að þeir fái starf í samræmi við menntun sína að loknu því námi sem þeir leggja stund á eða rúm 89%. Aðeins rúmur helmingur hefur hins vegar ákveðið starf í huga að námi loknu. Nokkuð jöfn skipting er á milli þess hvað margir nýnemar ætla að starfa hjá „hinu opinbera” eða „einkaaðila”. Báðir hópar eru um 42%, en 16% nýnema hafa hins vegar hug á að starfa „sjálfstætt” að loknu námi. Stærstur hópur nýnema býst við að fara í framhaldsnám að námi sínu loknu eða rúm 76% og nýnemar líta almennt á nám sitt sem arðbæra fjárfestingu eða rúm 91%.

Nýnemar hafa væntingar um að menntunin frá stúdentsprófi til háskólaprófs hækki laun þeirra yfir ævina frá rúnum 28% fyrstu tvö árin á vinnumarkaði upp í 61% eftir 31 ár á vinnumarkaði.

Nýnemar vænta jákvæðs virðis frá fjárfestingu í háskólaprófi sínu, miðað við forsendur um 0%, 2% og 5% ávöxtunarkröfu. Vænt arðsemi fjárfestingar í háskólanámi nýnema, reiknuð með aðferð innri vaxta, er 12,2%.

Nokkrar athugasemdir við niðurstöður

Nýnemar líta almennt á nám sitt sem arðbæra fjárfestingu og það virðist standast ef þær forsendur sem þeir gefa sér eru réttar. Samt sem áður tekur meirihluti nýnema áhugavert starf fram yfir laun að loknu námi.

Þrátt fyrir að nýnemar líti á nám sitt sem arðbæra fjárfestingu og hafi væntingar um töluverða hækjun launa sinna eftir háskólanám er þátturinn „vel launað starf krefst háskólamenntunar” aðeins í sjötta sæti yfir þá þætti sem hæst hlutfall merkti við að hefðu haft „mikil og frekar mikil áhrif” á ákvörðun þeirra að fara í háskólanám.

Helsta ástæða nýnema fyrir þeirri ákvörðun að fara í háskólanám er að námið sé undirbúningur undir ákveðið starf eða störf og veiti aukna valmöguleika á vinnumarkaði. Nýnemar telja almennt að þeir fái vinnu í samræmi við menntun sína án þess endilega að hafa ákveðið starf í huga. En þátturinn „atvinnuöryggi” skiptir hæst hlutfall nýnema minnstu máli að námi loknu, boríð saman við þættina „áhugavert starf” og „laun”.

Ýmsir þættir sem er erfitt að mæla nákvæmlega til fjárhagslegs ábata höfðu „mikil og frekar mikil áhrif” á ákvörðun stórs hlutfalls nýnema að fara í háskólanám. Hér er sérstaklega vísað til þáttana: „áhugavert starf krefst háskólamenntunar”, „mér finnst

gaman að vera í námi”, „fræðilegur áhugi á greininni”, „námið gefur alhliða undirbúning undir lífið” og „háskólanám eykur lífsþroska”.

Nýnemar líta almennt á nám sitt sem arðbæra fjárfestingu en stærstur hluti þeirra vill að ríkið styðji námsmenn í háskólanámi „meira en nú”.

Niðurstaða

Nýnemar eru ekki „stúdentar af hugsjón” í þeim skilningi sem skilgreindur var í upphafi þessarar skýrslu. Þeir líta á háskólapróf sitt sem arðbæra fjárfestingu sem það er miðað við þær forsendur sem þeir gefa sér. Auk fjárhagslegarar arðsemi við háskólanám sitt búast nýnemar við að fá meiri möguleika á vinnumarkaði og margskonar annan persónulegan ábata sem kemur ekki fram í arðsemismati. Niðurstaðan er því að út frá væntingum nýnema við Háskóla Íslands um 12,2% arðsemi háskólaprófs, auk alls annars ábata sem nýnemar telja sig fá frá háskólanámi sínu, má telja nám nýnema arðsama ákvörðun sem ætti að standast samkeppni við aðra fjárfestingarkostí á markaði.

9B Karlar og konur

Stærra hlutfall karla en kvenna eru fæddir 1975-77 en hins vegar er stærra hlutfall kvenna fæddar 1970 og fyrr sem getur í sumum tilvikum útskýrt marktækan mun á milli svara kynjanna, sérstaklega með tilliti til þjóðfélagsstöðu. Fleiri karlar en konur eru einhleypir, eiga ekki börn og bjuggu utan höfuðborgarsvæðisins áður en nám var hafið.

Við ákvörðun að fara í háskólanám hafði þátturinn „mér finnst gaman að vera í námi” „mikil og frekar mikil áhrif” á mun stærra hlutfall kvenna en karla. Stærra hlutfall karla en kvenna segir hins vegar að það að „áhugavert starf krefst háskólamenntunar” hafi haft „mikil og frekar mikil áhrif” á þá ákvörðun að fara í háskólanám. Marktækt stærra hlutfall kvenna en karla segir þættina „námsárangur í framhaldsskóla”, háskólanám eykur lífsþroska”, „námið gefur alhliða undirbúning undir lífið” og háskólamenntun eykur hamingju” hafa haft „mikil og frekar mikil áhrif á þá ákvörðun að fara í háskóla.

Ekki er munur á svörum kynjanna við spurningunni um hver stuðningur ríkisins við námsmenn í háskólanámi eiga að vera né hvort eigi að taka upp aðgangstakmarkanir við Háskóla Íslands. Hins vegar er munur á viðhorfi kynja til þess hvaða aðgangstakmarkana ætti að grípa til ef Háskóli Íslands myndi taka þær upp vegna

fjárhagsörðugleika. Hæst hlutfall karla myndi velja að það yrði gert í formi „inntökuprófs” en hæst hlutfall kvenna í formi „lágmarkseinkunnar úr framhaldsskóla”

Hærra hlutfalli karla en kvenna finnst laun skipta „mestu máli” og hærra hlutfalli kvenna en karla finnst áhugavert starf skipta „mestu máli”. Hærra hlutfalli karla en kvenna finnst atvinnuöryggi skipta „minnstu máli” en hærra hlutfalli kvenna en karla finnst laun skipta „minnstu máli”. Bæði kyn telja almennt að þau fái starf í samræmi við menntun sína að loknu námi en konur hafa fremur ákveðið starf í huga heldur en karlar. Stærstur hluti kvenna býst við að starfa hjá „opinberum aðila” en stærstur hluti karla býst við að starfa hjá „einkaaðila” eða „sjálfstætt”. Svipað hlutfall karla og kvenna ætlar í framhaldsnám en örlítið hærra hlutfall karla en kvenna líta á nám sitt sem arðbæra fjárfestingu.

Karlar hafa væntingar um hærri ráðstöfunartekjur á vinnumarkaði miðað við stúdentspróf en konur. Munurinn yfir ævina er frá tæpum 11% til um 17%. Ef miðað er við háskólapróf eru karlar einnig hærri en munurinn er frá rúnum 13% til 16,5% eða mjög svipaður og miðað við stúdentspróf. Væntingar karla og kvenna um hlutfallslega hækkan ráðstöfunartekna við háskólapróf eru nánast þær sömu.

Virði fjárfestingar karla í háskólaprófi er hærri en virði fjárfestingar kvenna miðað við væntingar þeirra og forsendur um 0%, 2% og 5% ávöxtunarkröfu. Vænt arðsemi fjárfestingar karla í háskólaprófi er hærri en kvenna, það er 12,7% meðal karla en 12% meðal kvenna.

Nokkrar athugasemdir við niðurstöður með tilliti til kynja

Karlar vænta örlítið hærri arðsemi við háskólapróf sitt en konur, en þættirnir „mér finnst gaman að vera í námi”, „háskólanám eykur lífsþroska”, „námið gefur alhliða undirbúning undir lífið” og „háskólamenntun eykur hamingju” hafði hins vegar „mikil og frekar mikil áhrif” á ákvörðun stærra hlutfalls kvenna en karla að fara í háskólanám.

Hærra hlutfalli karla en kvenna segir að það að „áhugavert starf krefst háskólamenntunar” hafi haft „mikil og frekar mikil áhrif” á ákvörðun þeirra að fara í háskóla en hærra hlutfalli kvenna en karla finnst áhugavert starf skipta „mestu máli” eftir háskólanám.

Hærra hlutfalli karla en kvenna finnst laun skipta „mestu máli” og hærra hlutfall karla en kvenna ætlar að starfa hjá einkaaðila. Rannsóknir hafa sýnt að laun séu lægri

almennt. Telja má nám nýnema í viðskipta- og hagfræðideild arðsama ákvörðun sem ætti að standast samkeppni við aðra kosti á fjármagnsmarkaði.

Lagadeild

Nýnemar í lagadeild eru ekki frábrugðnir nýnemum almennt varðandi aldur og hjúskaparstöðu, barnahlutfall og búsetu fyrir nám.

Þátturinn „námið gefur möguleika á starfi erlendis” hafði ekki eins mikil áhrif á laganema eins og nýnema margra annarra deilda háskólans, þátturinn er í fimmta sæti yfir þá þætti sem höfðu „mikil og frekar mikil áhrif” á nýnema alls en er hins vegar í níunda sæti meðal nýnema lagadeildar. Þátturinn „vel launað starf krefst háskólamenntunar” hafði hins vegar meiri áhrif á laganema heldur en nýnema alls. Hann er í fjórða sæti meðal nýnema lagadeildar en í sjötta sæti meðal nýnema alls.

Lagadeild er önnur tveggja deilda þar sem ekki er marktækur munur á afstöðu nýnema til þess hvort taka eigi upp aðgangstakmarkanir en stærstu hlutfalli nýnema innan lagadeildar finnst að ef taka eigi upp aðgangstakmarkanir ætti það að vera í formi „lágmarkseinkunnar úr framhaldsskóla”.

Áhugavert starf skiptir nýnema lagadeildar „mestu máli” að loknu háskólanámi, laun skipta hæst hlutfall „næst mestu máli” og „atvinnuöryggi” skiptir hæst hlutfall minnstu máli. Nýnemar í lagadeild búast allir við að fá vinnu í samræmi við menntun sína að loknu námi en tæp 58% hafa ákveðið starf í huga. Meðal nýnema lagadeildar er þriðja hæst hlutfall meðal deilda sem býst við að starfa hjá einkaaðila eða rúm 61% en nánast allir nýnemar í lagadeild líta á nám sitt sem arðbæra fjárfestingu.

Nýnemar lagadeildar hafa háar ævilaunavætingar bæði miðað við stúdentspróf og háskólapróf. Þeir eru þar í fjórða sæti meðal deilda miðað við stúdentspróf en í öðru sæti miðað við háskólapróf. Lagadeild er í öðru sæti ef miðað er við hlutfallslegan mun á vætingum um hækkun ráðstöfunartekna við háskólapróf.

Fjárfesting nýnema lagadeildar í háskólaprófi hefur jákvætt virði og er þriðja hæst deilda háskólans miðað við 0% og 2% ávöxtunarkröfu. Miðað við 5% ávöxtunarkröfu er vænt virði nýnema lagadeildar í fjórða sæti yfir háskólann. Vænt arðsemi fjárfestingar í háskólanámi nýnema lagadeildar, reiknuð með aðferð innri vaxta, er 10,1%.

Niðurstaða

Nýnemar í lagadeild eru ekki „stúdentar af hugsjón”. Þeir líta á háskólapróf sitt sem arðbæra fjárfestingu sem það er miðað við þær forsendur sem þeir gefa sér. Vænt arðsemi háskólaprófs nýnema lagadeildar er 10,1% sem er þriðja lægsta vænta arðsemi háskólaprófs meðal deilda. Nýnemar í lagadeild búast við að hafa margskonar annan ábata af háskólanámi sínu en ástæðan „námið gefur möguleika á starfi erlendis” vegur ekki eins þungt meðal lagadeildar og nýnema almennt. Telja má nám nýnema í lagadeild arðsama ákvörðun þó valið er fjárfesting í háskólaprófi í lagadeild sé langt frá því að vera sú besta í háskólanum.

Heimspekkideild

Stærra hlutfall nýnema í heimspekkideild er í elsta hópnum og minna hlutfall í yngsta hópnum (samkvæmt töflu 2.5) miðað við nýnema alla. Að öðru leyti eru þeir ekki frábrugðnir flestum öðrum deildum varðandi hjúskaparstöðu, barnahlutfall og búsetu fyrir nám.

Þátturinn „námið er góður grunnur fyrir ákveðið starf” hafði ekki eins mikil áhrif á nýnema heimspekkideildar eins og nýnema margra annarra deilda háskólans. Þátturinn er í þriðja sæti yfir þá þætti sem höfðu „mikil og frekar mikil áhrif” á nýnema almennt en er hins vegar í níunda sæti meðal nýnema heimspekkideildar. Þátturinn „vel launað starf krefst háskólamenntunar” hafði einnig minni áhrif á heimspekinema heldur en nýnema alls. Hann er í áttunda sæti meðal nýnema heimspekkideildar en í sjötta sæti meðal nýnema alls. Þættirnir „námið gefur alhliða undirbúning undir lífið” og „háskólanám eykur lífsþroska” eru hins vegar hærra á lista meðal nýnema heimspekkideildar heldur en meðal nýnema almennt. Sá fyrrnefndi er í þriðja sæti og hinn síðarnefndi í fimmta sæti meðal nýnema heimspekkideildar en þættirnir eru í áttunda og níunda sæti meðal nýnema almennt.

Meirihluti nýnema heimspekkideildar vill ekki taka upp aðgangstakmarkanir en ef taka þyrfti upp aðgangstakmarkanir er ekki marktækur munur milli valkostanna „lágmarkseinkunn úr framhaldsskóla” og „inntökupróf” meðal nýnema heimspekkideildar.

Áhugavert starf skiptir nýnema heimspekkideildar áberandi „mestu máli” að loknu háskólanámi, laun skipta hæst hlutfall „næst mestu máli” og „atvinnuöryggi” skiptir

hæst hlutfall minnstu máli. Lægst hlutfall nýnema í heimspekkideild miðað við aðrar deildir búast að fá vinnu í samræmi við menntun sína að loknu námi eða rúm 72%, og aðeins rúm 37% hafa ákveðið starf í huga. Meðal nýnema heimspekkideilda ætla flestir að starfa „ljá hinu opinbera” eða rúm 39% en tæp 34% ætla að starfa ljá „einkaaðila”. Meðal nýnema heimspekkideilda er hæst hlutfall miðað við aðrar deildir sem býst við að starfa „sjálfstætt” eftir háskólapróf eða tæp 27%. Lægst hlutfall meðal deilda lítur á háskólanám sitt sem arðbæra fjárfestingu í heimspekkideild eða 84%.

Nýnemar heimspekkideilda hafa lægstar ævilaunavæntingar boríð saman við aðrar deildir bæði miðað við stúdentspróf og háskólapróf. Heimspekkideild er hins vegar í þriðja neðsta sæti ef miðað er við hlutfallslegan mun á væntingum um hækjun ráðstöfunartekna við háskólapróf.

Fjárfesting nýnema heimspekkideilda í háskólaprófi hefur jákvætt virði og er þriðja lægst yfir háskólann miðað við 2% og 5% ávöxtunarkröfu. Vænt arðsemi fjárfestingar í háskólaprófi nýnema heimspekkideilda, reiknuð með aðferð innri vaxta, er hins vegar 10,8%.

Niðurstaða

Nýnemar í heimspekkideild eru ekki „stúdentar af hugsjón”. Mikill meirihluti þeirra líta á háskólapróf sitt sem arðbæra fjárfestingu sem það er miðað við þær forsendur sem þeir gefa sér. Vænt arðsemi háskólaprófs nýnema heimspekkideilda er 10,8% sem er fjórða besta vænta arðsemi háskólaprófs meðal deilda. Nýnemar í heimspekkideild búast við að hafa margskonar annan ábata af háskólanámi sínu sem vegur ekki eins þungt í ákvörðun nýnema annarra deilda eins og til dæmis viðskipta- og hagfræðideilda og lagadeilda. Það má telja nám nýnema í heimspekkideild arðsama ákvörðun miðað við niðurstöður arðsemismats og greiningu á ástæðum þess að háskólanám var valið.

Læknadeild

Nýnemar í læknadeild eru ekki frábrugðnir nýnemum almennt varðandi aldur og hjúskaparstöðu en hærra hlutfall nýnema innan deildarinnar á barn og hærra hlutfall var búsett utan höfuðborgarsvæðis áður en nám var hafið heldur en gengur og gerist meðal nýnema almennt.

Þátturinn „námið er góður grunnur fyrir ýmis störf” hafði ekki eins mikil áhrif á nýnema í læknadeild eins og margar aðrar deildir háskólans. Þátturinn er í fyrsta sæti yfir þá þætti sem höfðu „mikil og frekar mikil áhrif” á nýnema alla en er hins vegar í sjötta sæti meðal nýnema læknadeildar. Þátturinn „námið gefur möguleika á starfi erlendis” er hins vegar hærra á lista meðal nýnema læknadeildar, þátturinn er í öðru sæti meðal læknanema en í fimmstu sæti meðal nýnema allra.

Meirihluti nýnema læknadeildar vill ekki taka upp aðgangstakmarkanir en ef taka þyrfti upp aðgangstakmarkanir myndu hæst hlutfall nýnema læknadeildar velja „inntökupróf í háskólann”.

Áhugavert starf skiptir nýnema læknadeildar „mestu máli” að loknu háskólanámi. Laun skipta hæst hlutfall „næst mestu máli” en þess ber að geta að ekki er mikill munur á hlutfallinu sem merkir við laun og atvinnuöryggi en atvinnuöryggi skiptir hins vegar hæst hlutfall minnstu máli. Nánast allir nýnemar í læknadeild búast við að fá vinnu í samræmi við menntun sína að loknu námi og hæst hlutfall miðað við aðrar deildir eða tær 76% hafa ákveðið starf í huga. Meðal nýnema læknadeildar ætla flestir að starfa „hjá hinu opinbera” eða tær 70% og nýnemar læknadeildar líta almennt á nám sitt sem arðbæra fjárfestingu.

Nýnemar læknadeildar hafa þriðju lægstar ævilaunavæntingar borið saman við aðrar deildir miðað við stúdentspróf en fjórðu lægstar miðað við háskólapróf. Læknadeild er í fjórða neðsta sæti ef miðað er við hlutfallslegan mun á væntingum um hækjun ráðstöfunartekna við háskólapróf.

Fjárfesting nýnema læknadeildar í háskólaprófi hefur jákvætt virði og er fjórða lægst yfir háskólann miðað við 2% og 5% ávöxtunarkröfu. Vænt arðsemi fjárfestingar í háskólaprófi nýnema læknadeildar, reiknuð með aðferð innri vaxta, er 10,1%.

Niðurstaða

Nýnemar í læknadeild eru ekki „stúdentar af hugsjón”. Mikill meirihluti þeirra lítur á háskólapróf sitt sem arðbæra fjárfestingu sem það er miðað við þær forsendur sem þeir gefa sér. Vænt arðsemi háskólaprófs nýnema læknadeildar er 10,1% sem er önnur lægsta vænta arðsemi háskólaprófs meðal deilda. Nýnemar í læknadeild búast hins vegar eins og nýnemar annarra deilda við að hafa margskonar annan ábata af háskólanámi sínu. Það má telja nám nýnema í læknadeild arðsama ákvörðun en

samkvæmt niðurstöðum arðsemismats og greiningu á ástæðum þess að háskólanám er valið virðist fjárfesting í háskólaprófi í læknadeild langt frá því að vera sú besta í háskólanum.

Raunvísindadeild

Nýnemar í raunvísindadeild eru ekki frábrugðnir nýnemum almennt varðandi aldur, hjúskaparstöðu, barnahlutfall og búsetu fyrir nám.

Pættirnir „mér finnst gaman að vera í námi” og „vel launað starf krefst háskólamenntunar” höfðu ekki eins mikil áhrif á nýnema í raunvísindadeild eins og margar aðrar deildir háskólans. Þátturinn „fræðilegur áhugi á greininni” er hins vegar hærra á lista meðal nýnema raunvísindadeilda heldur en nýnema almennt. Hann er nánar tiltekið í þriðja sæti meðal nýnema raunvísindadeilda en í sjóunda sæti meðal nýnema almennt.

Meirihluti nýnema raunvísindadeilda og næst hæst hlutfall meðal deilda í háskólanum vill ekki taka upp aðgangstakmarkanir. Ef taka þyrfti upp aðgangstakmarkanir myndi hæst hlutfall nýnema raunvísindadeilda hins vegar velja „inntökupróf í háskólann” en ekki er þó marktaetur munur á hlutfalli þess þáttar og „lágmarkseinkunn úr framhaldsskóla”.

Áhugavert starf skiptir nýnema raunvísindadeilda „mestu máli” að loknu háskólanámi, laun skipta hæst hlutfall „næst mestu máli” en atvinnuöryggi skiptir hins vegar hæst hlutfall minnstu máli. Nýnemar í raunvísindadeild búast almennt við að fá vinnu í samræmi við menntun sína að loknu námi en aðeins tæp 46% hafa ákveðið starf í huga. Meðal nýnema raunvísindadeilda ætla flestir að starfa hjá „einkaaðila” eða tæp 59%. Áberandi stór hluti ætlar í framhaldsnám eða 80% og næst lægst hlutfall miðað við aðrar deildir lítur á nám sitt sem arðbæra fjárfestingu eða rúm 86%.

Nýnemar raunvísindadeilda hafa fjórðu lægstar ævilaunavætingar borið saman við aðrar deildir miðað við stúdentspróf en fjórðu hæstar (þ.e. fimmstu lægstar) miðað við háskólapróf. Raunvísindadeild er einnig í fjórða neðsta sæti ef miðað er við hlutfallslegan mun á væntingum um hækjun ráðstöfunartekna við háskólapróf.

Fjárfesting nýnema raunvísindadeilda í háskólaprófi hefur jákvætt virði og er fjórða hæst yfir háskólann miðað við 2% ávöxtunarkröfu en þriðja hæst miðað við 5%

ávöxtunarkröfu. Vænt arðsemi fjárfestingar í háskólaprófi nýnema raunvísindadeildar, reiknuð með aðferð innri vaxta, er 15,4%.

Niðurstöða

Nýnemar í raunvísindadeild eru ekki „stúdentar af hugsjón”. Mikill meirihluti þeirra líta á háskólapróf sitt sem arðbæra fjárfestingu sem það er miðað við þær forsendur sem þeir gefa sér. Vænt arðsemi háskólaprófs nýnema raunvísindadeilda er 15,4% sem er þriðja hæsta vænta arðsemi háskólaprófs meðal deilda en tiltölulega stutt námslengd faga í raunvísindadeild vegur þungt í hárri arðsemi deildarinnar. Nýnemar í raunvísindadeild búast einnig við að fá margskonar annan ábata frá háskólanámi sínu, sé miðað við ástæður þess að þeir ákváðu að fara í háskólanám. Það má telja nám nýnema í raunvísindadeild arðsama ákvörðun en samkvæmt niðurstöðum arðsemismats og greiningu á ástæðum þess að háskólanám er valið virðist fjárfesting í háskólaprófi í raunvísindadeild vera ein sú besta í háskólanum.

Guðfræðideild

Stærra hlutfall meðal guðfræðinema er í elsta hópnum og minna hlutfall í yngsta hópnum (samkvæmt töflu 2.5) miðað við nýnema alla, stærra hlutfalli nemenda eru giftir eða í sambúð, stærra hlutfall á barn eða börn og minna hlutfall bjó utan höfuðborgarsvæðis áður en nám var hafið miðað við niðurstöður um nýnema alla.

Þátturinn „áhugavert starf krefst háskólamenntunar” hafði ekki eins mikil áhrif á nýnema guðfræðideilda eins og margar aðrar deildir háskólans. Þátturinn er í öðru sæti yfir þá þætti sem höfðu „mikil og frekar mikil áhrif” á nýnema alla en er hins vegar í sjöunda sæti meðal nýnema guðfræðideilda. Þátturinn „námið gefur möguleika á starfi erlendis” hafði einnig minni áhrif á nýnema í guðfræðideild heldur en nýnema almennt. Þátturinn er í níunda sæti meðal nýnema guðfræðideilda en í fimmta sæti meðal nýnema almennt. Þátturinn „vel launað starf krefst háskólamenntunar” hafði einnig minni áhrif á nýnema í guðfræðideild heldur en nýnema almennt, þátturinn er í ellesta sæti meðal nýnema guðfræðideilda en í sjötta sæti meðal nýnema almennt. Þættirnir „fræðilegur áhugi á greininni”, „námið gefur alhliða undirbúning undir líffið” og „háskólanám eykur lífsþroska” eru hins vegar tölувert hærra á lista meðal nýnema guðfræðideilda heldur en nýnema allra.

Meirihluti nýnema guðfræðideildar vill ekki taka upp aðgangstakmarkanir en ef taka þyrfti upp aðgangstakmarkanir myndi hæst hlutfall velja „inntökupróf” meðal nýnema guðfræðideilda.

Áhugavert starf skiptir hæst hlutfall nýnema guðfræðideilda „mestu máli” að loknu háskólanámi en eitthvað virðast guðfræðinamar vera ósammála um þetta mál því „áhugavert starf” skiptir einnig hæst hlutfall „minnstu máli”. Laun skipta hæst hlutfall „næst mestu máli”. Þriðja lægst hlutfall nýnema í guðfræðideild, miðað við aðrar deildir, býst við að fá vinnu í samræmi við menntun sína að loknu námi eða rúm 84%, en rúm 58% hafa ákveðið starf í huga. Meðal nýnema guðfræðideilda ætla allir að starfa „hjá hinu opinbera” eða 100%. Meirihluti meðal nýnema guðfræðideilda býst ekki við að fara í framhaldsnám en 88,3% nýnema í guðfræðideild líta á háskólanám sitt sem arðbæra fjárfestingu.

